# ÉG ÞÓTTI SÉRVITUR ÞÁ

Breski ljósmyndarinn Brian Griffin í viðtali um feril sinn og verkefni



MENNING
**Í MIÐJU BLAÐSINS**



MÓTOR-HJÓLA-JAKKAR FYRIR HAUSTIÐ



STÍLL 46

ÍSLENDINGAR ERU REGGÍFÓLK



RÖKSTÓLAR 26








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

22. ágúst 2009 — 198. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000



**TÍSKA** 48



**Fatahönnuðir ósáttir við tískuviku**

**UMRÆÐAN** 18

**Vilhjálmur Þ. gerir REI-málið upp**

**HEILSA** 28



**Tíu þjóðráð til að krækja sér í svínaflensu**

**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**







**MENNINGARNÓTT Í VÆNDUM** Lögð var lokahönd á undirbúning fjórtándu Menningarnætur Reykjavíkurborgar í gær. Meðal annars var sett upp svið fyrir stórtónleika í Hljómaskálagarðinum sem haldnir verða í kvöld en þar munu meðal annars Þursaflokkurinn og Páll Óskar troða upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Félagsmálaráðherra vill afskrifa skuldir

**Árni Páll Árnason segir að afskrifa þurfi skuldir til að leiðrétta það misræmi sem hafi orðið í hruninu, þegar skuldir hækkuðu en eignaverð lækkaði.**

**EFNAHAGSHRUNIÐ** Það er verkefni núverandi ríkisstjórnar að leiðrétta það misræmi sem skapaðist milli skulda og virði eigna í bankahruninu, að sögn ráðherra félags- og húsnæðismála.

„Það er að sjálfsögðu rétt að afskrifa skuldir sem eru umfram greiðslugetu og veðrými eigna. Það varð mikið hrun á eignavirði og veruleg hækkun skulda á sama tíma. Skuldir í samfélaginu eru langt umfram eignir og það er engum til góðs að viðhalda þeirri stöðu. Það dregur úr getu efnahagslífsins til að skapa verðmæti á ný,“ segir ráðherrann, Árni Páll Árnason.

„Ég hef nú verið heldur að mæla varnaðarorð í þeim efnum [um almennar niðurfærslur skulda],“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Ég held að þær aðgerðir sem við ráðumst í við okkar erfiðu aðstæður þurfi að vera mjög hnitmiðaðar og markvissar og aðstoða þá sem mest þurfa á að halda. Og þær þurfa að vera viðráðanlegar miðað við stöðu ríkissjóðs, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóðanna og fleiri slíkra aðila. “

Árni Páll segir að fólk þurfi að þora að kaupa hluti og lifa lífinu: „Við þurfum að losa þessa ofurskuldbindingu úr kerfinu með því að núvirða kröfur til að vita hvert sé raunverulegt verðmæti þeirra.“

Grundvallarforsenda fyrir þessu sé að aðgerðin auki ekki byrðar ríkissjóðs né skattgreiðenda. Spurður hver borgi þá fyrir þessa leiðréttingu segir Árni: „Við verðum að horfast í augu við það að þetta eru að miklu leyti tapaðar kröfur. Það á að vera svigrúm í bankakerfinu til að takast á við tapið. Þegar lánin voru færð milli gömlu og nýju bankanna var gert ráð fyrir afskriftum.“

Spurður hversu mikil skuldsetning heimila megi verða segir hann það tæknilega útfærslu að finna sanngjarna lausn á því. Tvennt muni ráða: greiðslugeta og veðrými. „Við þurfum líka að gæta sanngirni gagnvart þeim sem ekki stofnuðu til skulda og getum ekki gert þeim það að borga niður eignir fyrir þá sem hafa full ráð á að borga.“

Spurður um hugmyndir stjórnarliða um flatan niðurskurð allra skulda segir Árni Páll að stefna stjórnarinnar sé alveg skýr: „Flöt niðurfelling er ekki inni í myndinni.“ **- kóþ/sh**

Lögreglumenn ósáttir:

## Einhver mun verða drepinn

**LÖGREGLUMÁL** „Ef ég á að vera raunsær, þá er bara tímaspursmál hvenær lögreglumaður verður drepinn í starfi,“ segir Gísli Jökull Gíslason lögreglumaður. Hann segir mikinn niðurskurð og hringlandahátt hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa skilið lögreglumenn eftir í óvissu.

**- kóp/sjá síðu 30**










**SPURNING DAGSINS**



*Auddi, áttirðu auðvelt með að finna róna innra með þér?*

„Já, það er ekki langt í hann en ég læt vanilludropana vera eftir nóttina."

Auðunn Blöndal og Sveppi munu vera með þætti í vetur þar sem þeir prófa meðal annars að vera sjómenn og handrukkarar. Í fyrrinótt léku þeir róna.

Fimmti maðurinn handtekinn vegna stórfelldra fjársvika úr Íbúðalánasjóði:

# Eldri bróðir líka handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Fimmti maðurinn var handtekinn á miðvikudaginn grunaður um að hafa skipulagt tugmilljónasvik út úr Íbúðalánasjóði og tveimur hlutafélögum í júní. Fjórir menn um tvítugt höfðu áður verið handteknir vegna málsins og sátu þeir í varðhaldi um hríð.

Fimmti maðurinn er um þrítugt og er eldri bróðir eins fjórmenninganna. Á heimili hans fundust ýmis gögn sem bentu til þess að hann væri viðriðinn málið, auk 650 þúsund króna í reiðufé. Honum var sleppt úr haldi í gær.

Maðurinn tengist vélhjólaklúbbnum Fáfni, líkt og fjórmenningarnir. Leiddar hafa verið líkur að því að mennirnir hafi ráðist í svikin að undirlagi alþjóðlegu vélhjólasamtakanna Hells Angels. Algengt sé að samtökum sem vilja verða fullgildir meðlimir Hells Angels, líkt og Fáfnisliðar stefna að, séu falin verkefni af þessu tagi. Ólíklegt þykir þó að lögreglu takist að færa sönnur á þessi tengsl.

Svikin voru afar flókin, en mennirnir fölsuðu tilkynningar til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórnum tveggja hlutafélaga, seldu síðan fasteignir í eigu félaganna og tóku lán fyrir kaupunum sem stungið var undan. Svikin námu minnst 50 milljónum og féð er ófundið. Svikin voru þess eðlis að yngri mennirnir fjórir hefðu tæpast getað komist upp með þau án þess að nást. **- sh**



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Svikin námu minnst 50 milljónum og er féð ófundið. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

Þrír fluttir á slysadeild:

# Þrjú umferðarslys í gærdag

**LÖGREGLUMÁL Harður árekstur varð þegar tveir bílar skullu saman á Breiðholtsbraut við Stekkjabakka um miðjan dag í gær. Einn var fluttur á slysadeild með minniháttar meiðsli.**

**Þá urðu tvö bifhjólaslys í höfuðborginni síðdegis í gær. Í öðru tilvikinu féll maður af bifhjóli sínu á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Borgartúns. Hann er talinn vera fótbrotinn. Í hinu tilvikinu lenti bifhjól í árekstri við fólksbíl á Skeiðarvogsbrú yfir Miklubraut. Báðir voru bifhjólamennirnir fluttir á slysadeild. - þeb**



**SKART ÚR HÆNSNALEÐRI** Rakel Hafberg arkitekt fór að búa til skartgripi þegar verkefnum í arkitektúr fækkaði.

Nýsköpun á heimsvísu

# Fylgihlutir úr hænsnaleðri

**HÖNNUN „Mér vitandi hefur enginn unnið með hænsnaleðrið með þessum hætti hér á landi, né hef ég fundið neitt þessu líkt erlendis," segir Rakel Hafberg arkitekt en hönnun hennar, skart og ýmsir fylgihlutir unnir úr þessum frumlega efnivið hafa vakið mikla athygli.**

**Rakel hefur starfað sem arkitekt frá því að hún útskrifaðist sem slíkur árið 2007 en ákvað að finna sér ný verkefni þegar kreppti að í arkitektageiranum. Úr varð að hún rakst á hænsnaleður sem hún tók til við að nota sem efnivið í armbönd, spangir og fleira til. - jma / sjá allt**

# Vilja kúlulán til sjö ára á 1,5% vöxtum

**Tilboð Magma Energy í hlut Orkuveitunnar í HS Orku gerir ráð fyrir að Orkuveitan láni Magma fyrir sjötíu prósentum af kaupverðinu. Lánið yrði tæplega níu milljarða kúlulán í dollurum til sjö ára, með veð í bréfunum sjálfum.**

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur mun lána Magma Energy 70 prósent af kaupverði hlutarins í HS Orku, með veði í bréfunum sjálfum, ef gengið verður að tilboði Magma í hlutinn. Í tilboðinu er gert ráð fyrir að lánið beri 1,5 prósenta vexti og að það verði greitt til baka í einni greiðslu að sjö árum liðnum.

Tilboðið er í 16,6 prósenta hlut Orkuveitunnar, sem og 15,4 prósenta hlut Hafnarfjarðar, sem dómstólar hafa úrskurðað að Orkuveitan verði að kaupa, jafnvel þótt Samkeppniseftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að Orkuveitan megi ekki eiga svo stóran hlut í HS Orku.

Heildartilboðið í þennan 32 prósenta hlut hljóðar upp á um 12,3 milljarða króna, og yrðu 3,7 milljarðar greiddir út í hönd. Orkuveitan myndi síðan lána fyrir afganginum, ríflega 8,6 milljörðum, í dollurum á gengi dagsins í dag. Öll gengisáhætta yrði Orkuveitunnar, en lánið yrði auk þess að einhverju leyti bundið álverði.

Magma stefnir einnig að því að kaupa hlut Reykjanesbæjar í HS Orku fyrir 2,5 milljarða. Verði af kaupunum munu Magma og samstarfsaðilinn Geysir Green Energy eiga meirihluta í félaginu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur lýst andstöðu sinni við þau áform að selja hlutinn til einkaaðila og hefur fundað með fulltrúum Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar vegna málsins. Til umræðu hefur verið að fá aðra til að kaupa hlut Orkuveitunnar, til dæmis lífeyrissjóði og önnur innlend orkufyrirtæki.

stigur@frettabladid.is



**HS ORKA** HS Orka varð til þegar Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvo hluta. HS Orka sér um orkunýtinguna og HS Veitur um dreifinguna til almennings. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## MAGMA GERÐI MUN VERRI SAMNINGA VESTRA

Meðal þess sem litið hefur verið til í samráði ríkisins og borgarinnar við lausn málsins er samningur Reykjanesbæjar við HS Orku um nýtingarrétt á orkunni í Svartsengi í aðdragandanum að fyrirhuguðum kaupum Magma. Reykjanesbær framseldi réttinn til HS Orku fyrir 30 milljónir á ári í 65 ár, með möguleika á framlengingu um önnur 65 ár. Verði af kaupum Magma mun félagið því þurfa að greiða bænum 30 milljóna auðlindagjald á ári.

Í ljós hefur komið að Magma hefur gert tvo samninga í Oregon og Nevada í Bandaríkjunum sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar telja sambærilega þessum samningi. Þeir eru einungis til tíu ára með möguleika á tíu ára framlengingu. Fyrstu tíu árin þarf að greiða auðlindagjald sem nemur 1,75 prósenti af heildartekjum af raforkusölu og eftir tíu ár 3,5 prósentum. Hefði Reykjanesbær náð sams konar samningi við HS Orku fengi bærinn 190 milljónir í auðlindagjald í stað 30.

„Þetta er óneitanlega eitt af því sem er umhugsunarefni – hvort aðgangurinn að auðlindinni sé ekki býsna ódýr í þessum samningum sem hér gilda, í samanburði við það sem maður sér þarna úti," segir Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Óheppilegt sé að hagnaður af auðlindum Íslendinga renni úr landi án þess að við fáum sanngjarnan skerf.



**OBAMA-DÖÐLUR Í SEKKJUM** Viðskiptin hafa gengið vel í þessari verslun í Kaíró. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ramadan í múslimaríkjum:

# Obama-döðlur seljast langbest

**EGYPTALAND, AP** Í Mið-Austurlöndum þykja döðlur ómissandi fæða í hinum helga mánuði, ramadan, sem hefst í dag í flestum löndum múslima. Í ár seljast döðlur, sem kenndar eru við Barack Obama Bandaríkjaforseta, betur en aðrar döðlur. „Við höfum hrifist af Obama og þess vegna nefnum við bestu döðlurnar okkar í höfuðið á honum," segir Athif Hashim, kaupmaður í Kaíró, höfuðborg Egyptalands.

Ramadan er föstumánuður, en þá fasta múslimar frá sólarupprás til sólarlags, en borða góðan mat á kvöldin. **- gb**

Stjórnendur kannski lögsóttir:

# Ríkið skoðar skaðabótamál

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin skoðar nú hvort hægt sé að höfða skaðabótamál á hendur fyrrverandi stjórnendum Landsbankans vegna Icesave. „Það getur verið sjálfstætt álitaefni hvort menn hafi í einhverjum tilvikum skapað sér skaðabótaskyldu og þá á að sjálfsögðu að fara yfir það og það er verið að gera," segir Steingrímur. Málið sé í skoðun sem hluti af stærri heild.**

**Meðal stjórnenda bankans þegar Icesave-reikningarnir voru stofnaðir voru Sigurjón Þ. Árnason, Halldór J. Kristjánsson, Björgólfur Guðmundsson og Kjartan Gunnarsson. - sh**

**NORÐURLAND**

## Aflþynnuverksmiðja í gang

Fyrsta vélasamstæða aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri var gangsett í gærdag. Þá voru tólf samstæður settar í gang en þær munu verða 60. Búist er við því að verksmiðjan verði komin í fulla notkun í lok næsta árs.

**CHILE**

## Svínaflensa í kalkúnum

Heilbrigðisyfirvöld í Chile hafa staðfest að svínaflensa hafi greinst í kalkúnum þar í landi. Kalkúnarnir hafa þó aðeins fengið væg einkenni, en það að veiran hafi borist í fugla vekur ótta um framhaldið.


**Ný leikfiminámskeið að hefjast**
**Skráning hefst mánudaginn 24. ágúst**
**Námskeið hefjast 2. september**

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Stott–Pilates:** Góð aðferð til að styrkja og auka stöðugleika liða og bæta líkamsstöðu. Vinsælir tímar, takmarkaður fjöldi. Byrjenda-og framhaldshópar

**Jóga:** Aðlagað einstaklingum með gigt og þeim sem þurfa að fara varlega í þjálfun. Byrjenda- og framhaldshópar

**Alhliða leikfimi:** Tímar sem henta vel fyrir einstaklinga sem eru að hefja þjálfun eða þurfa góða leiðsögn. Frábærir tímar fyrir gigtarfólk sem og aðra einstaklinga með stoðkerfisverki

**Leikfimi fyrir karlmenn:** Hressileg, liðkandi og styrkjandi þjálfun. Hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum

**Vatnsleikfimi:** Góð alhliða þjálfun í vatni. Þyngdarleysi í vatninu gerir það að verkum að auðveldara er að gera æfingar þar heldur en á þurru landi.

**Sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingur sjá um þjálfun.**
**Fagfólk með áralanga reynslu.**
**Þægilegt og rólegt umhverfi**

**Nánari upplýsingar undir hópþjálfun á heimasíðunni www.gigt.is**
**Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í. Ármúla 5, sími 5303600**


Barðastrandarræningjar ákærðir fyrir rán, húsbrot og frelsissviptingu:

# Höfuðpaurinn mætti með mömmu

**LÖGREGLA** Barðastrandarmennirnir Viktor Már Axelsson og Marvin Kjarval Michelsen, báðir fæddir árið 1989, eru ákærðir fyrir rán, húsbrot og frelsissviptingu. Gætu þeir átt yfir höfði sér tíu ára fangelsi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Báðu verjendur ákærðu um frest til að tjá sig um málið.

Axel Karl Gíslason, sem mætti með móður sinni í réttarsal í gær, var ákærður fyrir hlutdeild í þjófnaðarbroti fyrir að hafa skipulagt brotið og hirt ágóðann af ráninu. Jóhann Kristinn Jóhannsson er ákærður fyrir hlutdeild fyrir að hafa ekið til og frá staðnum.

Viktor og Marvin brutust inn á heimili manns á áttræðisaldri á Barðaströnd á Seltjarnarnesi 25. maí síðastliðinn. Þegar húsráðandi kom heim réðist Viktor að honum, sló hann með hnefum í andlitið og neyddi hann til að leggjast á gólfið. Bundu þeir hann með límbandi á meðan þeir höfðu á brott með sér úr, skartgripi og fleira, allt að verðmæti rúmlega tveggja milljóna.

Húsráðandi krefst skaðabóta að upphæð ein milljón en hann hlaut skrámur og mar við atlöguna.



**HINIR ÁKÆRÐU** Viktor og Axel mættu í héraðsdóm í gær. Axel fékk dóm árið 2006 fyrir mannrán í Bónus og Viktor er nú í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Viktor Már á tvö önnur mál sem sameinast Barðastrandarmálinu í héraðsdómi. Í öðru er hann ákærður fyrir að hafa brotist inn í Tölvutækni í október, tekið þaðan tvær fartölvur og haft fíkniefni í fórum sínum. Í hinu málinu er um tvö þjófnaðarbrot að ræða. **- vsp**


Kringlan
Opið til 18
Skóla-
dagar
Allt sem þig vantar til að
ganga menntaveginn
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 21.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,27 | 127,87 |
| Sterlingspund | 211,04 | 212,06 |
| Evra | 182,16 | 183,18 |
| Dönsk króna | 24,469 | 24,613 |
| Norsk króna | 21,263 | 21,389 |
| Sænsk króna | 17,893 | 17,997 |
| Japanskt jen | 1,3552 | 1,3632 |
| SDR | 199,04 | 200,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,0978
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn er hart tekist á um ríkisábyrgð vegna Icesave á Alþingi:

# Tölum eins lengi og með þarf

**ALÞINGI** „Við munum taka þann tíma sem þarf og við munum standa hér og tala eins lengi og þarf ef það verður til þess að við sjáum að við getum bjargað því sem bjarga þarf,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðiflokksins, á Alþingi í gær. Hart var tekist á um ríkisábyrgðina vegna Icesave og stjórnarandstaðan gagnrýndi stjórnina fyrir flumbrugang.

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður fjárlaganefndar, hleypti illu blóði í stjórnarandstæðinga, þegar hann lýsti því yfir að öll nauðsynleg gögn í málinu hefðu komið



**GUÐLAUGUR ÞÓR** Stjórnarandstæðingar segja ekkert samkomulag vera um hvernig afgreiðslu ríkisábyrgðar vegna Icesave verði háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fram í júní. Stjórnarandstæðingar mótmæltu því harðlega og Unnur Brá Konráðsdóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði engu líkara en að Björgvin hefði verið staddur úti á rúmsjó. Björgvin tók einmitt leyfi í sumar til að stýra Kleifaberginu frá Ólafsfirði í einum túr.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði að ekkert samkomulag hefði náðst um framgöngu málsins og tók Guðlaugur Þór undir það.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, kvartaði sáran undan því að fyrrum ráðherra bankamála, Björgvin G. Sigurðsson, væri ekki viðstaddur umræðuna og hefði ekki verið þar á fimmtudag. Hann gæti upplýst ýmislegt frá fyrstu hendi. **- kóp**

Lögregla leitar þriggja manna:

## Líklega kveikt í Range Rover

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar nú þriggja manna sem hún telur hafa kveikt í Range Rover bifreið við Laufásveg aðfaranótt þriðjudags.

Upptökur úr öryggismyndavélum í götunni sýna þrjá menn ganga í áttina að húsinu sem bíllinn stóð við og hlaupa aftur til baka stuttu síðar. Þá sýna myndirnar lögreglu og slökkvilið koma á staðinn þegar bifreiðin var orðin alelda, og að lokum sést einn þremenninganna ganga framhjá brunastaðnum rúmum klukkutíma síðar. Lögregla biður þá sem geta gefið upplýsingar að hringja í síma 444-1100. **- þeb**



**AÐALVATNIÐ** Gestir stærsta skíðasvæðisins í Kaliforníu munu geta teygað íslenskt vatn á næstunni.

Icelandic Glacial til Kaliforníu:

## Íslenskt vatn á risa-skíðasvæði

**VIÐSKIPTI Icelandic Glacial verður aðalvatnið sem selt verður á stærsta skíðasvæði Kaliforníu, Squaw-dalnum. Stofnandi Icelandic Glacial er Jón Ólafsson athafnamaður en margar af helstu skíðastjörnum heims sækja svæðið árlega.**

**Jón Ólafsson segir, í fréttatilkynningu frá Icelandic Glacial, að það sé frábært að staður, sem sé eins fallegur og Squaw-dalurinn, hafi valið vatnið.**

**Scott Rutter, yfirmaður matar- og drykkjar hjá hjá Squaw-dalnum, segir í sömu tilkynningu að dalurinn séu stoltur af því að geta boðið gestum sínum upp á alvöru ískalt vatn eins og Icelandic Glacial.** **- vsp**

### LEIÐRÉTTING

Í grein eftir Óttar Pálsson í Fréttablaðinu í gær kom fram að íslenskir lífeyrissjóðir myndi þriðjung almennra kröfuhafa Straums. Hið rétta er að íslenskir fjárfestar, þar á meðal lífeyrissjóðir, eiga um þriðjung krafna.

# Algjört hrun í sölu bíla til fyrirtækja

**Nýskráningar fyrirtækjabifreiða hafa dregist saman um tæp níutíu prósent frá árinu 2007. Vilhjálmur Egilsson segir algjört stopp í fjárfestingum fyrirtækja. Bílgreinasambandið lagði til að vörugjöld fyrir förgun yrðu lækkuð.**

**SAMGÖNGUR** Nýskráningar fyrirtækjabifreiða hafa dregist saman um 87 prósent það sem af er ári miðað við sama tímabil árið 2007. Aðeins hafa 1.704 bílar verið skráðir á fyrirtæki en á sama tíma árið 2007 voru þeir 12.715. Sjaldgæft er að fleiri nýskráningar séu hjá einstaklingum, en þær eru 2.104 það sem af er ári. Heildarsamdráttur nýskráninga er því um 81 prósent frá árinu 2007.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

„Þetta sýnir að það er algjört stopp í fjárfestingum fyrirtækja,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Segir Vilhjálmur að Seðlabankinn þurfi að lækka stýrivexti strax. „Það fjárfestir enginn á þessum vöxtum.“

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir bílasölur finna vel fyrir samdrættinum. „Það er algjört hrun í sölu bifreiða,“ segir Özur en um 230.000 bílar eru nú á götum Íslands.

Ýmsar leiðir eru færar til að auka veltuna, að mati Özurar, til dæmis að lækka tolla. Bílgreinasambandið átti fund með fjármálaráðherra fyrr í sumar um afsláttur á vörugjöldum.

Hugmynd Bílgreinasambandsins var sú að fólk sem fargaði gömlum bílum, til dæmis eldri en tíu ára, fengi afslátt af vörugjöldum fyrir kaup á nýjum og umhverfisvænni bíl. Segir Özur fjármálaráðherra hafa verið jákvæðan fyrir hugmyndinni. Vörugjöld af bílum geta numið um 45 prósentum af verði bifreiðar og virðisaukaskattur um 24,5 prósentum.



ekkert keypt Fyrirtæki halda að sér höndum þegar kemur að bílakaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Benedikt Eyjólfsson, eigandi Bílabúðar Benna, segist finna fyrir þessu eins og flestir landsmenn en fyrirtækið reyni að halda þjónustu við viðskiptavini.

„Þetta yrði betra ef gengið skánaði og vextir lækkuðu,“ segir Benni. Tímabundin lækkun vörugjalda gæti verið til bóta, að mati Benna, þar sem vörugjöld séu stór hluti af verði bifreiða. Bíll sem skilaði 300 þúsund krónum til ríkisins fyrir tveimur árum skilar nú 600 þúsund krónum þar sem vörugjaldið miðast við gjaldmiðilinn sem bíllinn er keyptur á, að sögn Benna.




Tölulegar upplýsingar koma frá Umferðarstofu og miða tölurnar við tímabilið frá 1. janúar til 20. ágúst öll árin. **vidir@frettabladid.is**

Ríkisstjórnin um Þjórsárver:

## Friðlandið stækkað strax

**NÁTTÚRA** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum nú þegar, samkvæmt tillögu Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra. Hún vill að stækkun friðlandsins verði lokið ekki síðar en snemma á næsta ári.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að friðlandið eigi að stækka og ljúka við friðunina sem fyrst.

Stækkunin verður gerð í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga og mun Umhverfisstofnun sjá um undirbúninginn í samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu. **- þeb**

Krónan hækkaði í gær:

## Seðlabankinn lítið gripið inn í

**VIÐSKIPTI Krónan hækkaði um 0,38 prósent í gær en hefur lækkað nokkuð mikið síðustu vikur. Hefur hún fallið um 1,5 prósent frá því á föstudaginn í síðustu viku. Evran kostaði um 182 krónur í gær og dollarinn stóð í 127 krónum.**

**„Gjaldeyrishöft, afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd, háir innlendir vextir og inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa ekki náð því að styrkja gengi krónunnar undanfarið,“ segir í greiningu Íslandsbanka frá því í gær. Gengislækkunin lýsir vantrú á myntinni, að mati Íslandsbanka. Telur bankinn að Seðlabankinn hafi gripið fremur lítið inn í markaðinn í þessum mánuði.** **- vsp**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**KAFLASKIPT**
Haustið er á næsta leiti og haustlægðirnar heimsækja landið hver af annarri þessa dagana. Í dag verður lítilsháttar rigning með köflum vestantil en þurrt að mestu norðaustanlands. Á morgun verður vætusamt sunnan og austantil.



**Á MORGUN**
Austan 8-15 m/s
Hvassast allra syðst.

**MÁNUDAGUR**
Norðlægar áttir,
hvassast á Vestfjörðum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Bassel | 31° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 27° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 24° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Kökuhlaðborð

í Skútuvogi

**Alla helgina kl. 13 - 16**



Ís 10 kr í Skútuvogi



Aðeins **290kr** kökuhlaðborð

**Kaffi eða Svali fylgir frítt með kökuhlaðborðinu**

Rjómaterta
Skúffukaka
Rúlluterta
Marmarakaka
Jólakaka
Kókoskaka
Kanilsnúðar
Hjónabandssæla
Muffins
Ítölsk brauð
Flatkökur
Hangikjötssalat og túnfisksalat

**Frítt fyrir börn yngri en 6 ára og Svali fylgir með**

# útsölulok

**15-70% afsláttur**

**búsáhöld, vinnufatnaður, útivistarfatnaður, flísar, parket, heimilistæki, smáraftæki, gasgrill, ljós, verkfæratöskur, áltröppur, málning, sumarvörur og margt fleira!**

# Pottaplöntu Útsalan

**Í BLÓMAVALI UM LAND ALLT**



**20-50%** afsláttur

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN




**MEST SELDA pallaolía á Íslandi Jotun Treolje 3 ltr.**

**40%** AFSLÁTTUR **Gori 44+** gegnsæ viðarvörn

**25%** AFSLÁTTUR **AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU**



**15-50%** AFSLÁTTUR **Af öllum hreinlætis-tækjum**

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

**25-70%** AFSLÁTTUR **Allar flísar**



**GÓLFFLÍSAR,**
**BÍLSKÚRSFLÍSAR,**
**VEGGFLÍSAR**

**Við berjum niður verðið!**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú farið í leikhús á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,8% |
| Nei | 64,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú hugsað um að flytja af landi brott vegna efnahagsástandsins?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Tveir menn handteknir í Kína vegna blýmengunar frá efnaverksmiðju:

# Þrettán hundruð börn með blýeitrun

**KÍNA, AP** Meira en þrettán hundruð börn hafa greinst með blýeitrun vegna mengunar frá manganbræðslu í bænum Wenping í Hunan-héraði. Aðeins fáeinir dagar eru frá því hundruð manna greindust með blýeitrun vegna mengunar frá annarri verksmiðju í Kína.

Blýeitrun barnanna hefur vakið óróa og gagnrýni almennings í landinu, sem var órótt fyrir vegna hvers hneykslismálsins á fætur öðru þar sem öryggi barna hefur verið í hættu. Skemmst er að minnast bæði jarðskjálftans mikla á síðasta ári þegar fjöldi skóla hrundi og skemmdra mjólkurvara sem seldar voru víða um land.

Manganverksmiðjan í Wenping var tekin í notkun í maí á síðasta ári án þess að tilskilin leyfi væru fyrir hendi. Grunnskóli er í innan við 500 metra fjarlægð frá verksmiðjunni. Tveir yfirmenn í verksmiðjunni hafa verið handteknir vegna málsins.

Í júlí byrjaði að vakna grunur um blýeitrun þegar mörg börn fengu kvef og aðra kvilla, og það fékkst svo staðfest nú í vikunni, þegar sjötíu prósent allra barna sem prófuð voru reyndust hafa orðið fyrir eitrun.

Blýeitrun getur skemmt bæði taugakerfi og æxlunarfæri og valdið minnistapi og háum blóðþrýstingi. **- gb**



**EITT BARNANNA** Manganverksmiðja var opnuð á síðasta ári í minna en 500 metra fjarlægð frá grunnskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þróa flugupplýsingakerfi:

# Dohop semur við flugvallarisa

**VIÐSKIPTI** Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Dohop hefur samið við fyrirtækið Malaysia Airports, sem rekur yfir þrjátíu flugvelli í Malasíu, Indlandi og Tyrklandi, um að þróa og reka flugupplýsingakerfi fyrir heimasíðu flugvallarins í Kuala Lumpur.

Kerfið sem um ræðir gerir notendum kleift að finna flug á milli yfir þrjú þúsund flugvalla víðs vegar um heiminn, með áherslu á tengingu í gegnum flugvöllinn í Kuala Lumpur. Um þrjátíu milljónir farþega fara um flugvöllinn á hverju ári. **- þeb**


**Óska eftir að kaupa**
**íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.**

Sem er útgefið ár **1976, 1977 eða 1978** en ekki English Course.
En útgáfuárið er auðfundið fremst í bókum , námskeiðið sem mig vantar er alíslenskt og var á sínum tíma mikið auglýst, lærið ensku á 40 tímum, án efa eiga margir námskeiðið á vísum stað uppí hillu.

**Vinsamlega hringið strax og þú lest auglýsinguna, ég slökkvi á gemsanum eftir að ég hef fengið námskeiðið. Ég borga 40,000.- fyrir námskeiðið. Ómar s. 865-7013**






**Auglýsingasími**
**512 50 50**





– Mest lesið


# Lausn Líbíumanns vekur reiði og deilur

**Utanríkisráðherra Breta segir fögnuð Líbíumanna óviðeigandi en Bandaríkjaforseti segir það mistök að hafa látið al-Megrahi lausan. Líbíustjórn virðist þó hafa reynt að hafa opinber viðbrögð lágstemmd, að beiðni Gordons Brown.**

**BRETLAND, AP** Bandarísk stjórnvöld hafa gagnrýnt ákvörðun dómsmálaráðherra Skotlands um að leysa Líbíumanninn Abdel Baset al-Megrahi úr haldi.

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, segir að móttökurnar sem al-Megrahi fékk í Líbíu hafi verið afar óviðeigandi. Barack Obama Bandaríkjaforseti segir það hins vegar mistök að hafa látið hann lausan, og ættingjar hinna látnu hafa mótmælt harðlega.

Al-Megrahi hélt til Líbíu á fimmtudag, sama dag og hann fékk frelsið. Hann er alvarlega veikur af krabbameini og á ekki langt eftir. Kenny MacAskill, dómsmálaráðherra Skotlands, segist hafa tekið ákvörðun sína af mannúðarástæðum.

Þúsundir ungra manna mættu á flugvöllinn í Trípólí, höfuðborg Líbíu, til að fagna al-Megrahi þegar hann kom þangað. Líbíustjórn hefur hins vegar gætt þess að al-Megrahi sjáist ekki opinberlega síðan hann kom þangað, líklega af tillitssemi við bresk og bandarísk stjórnvöld. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hafði áður en al-Megrahi var látinn laus skrifað Moammar Gaddafi, leiðtoga Líbíu, og beðið hann um að sýna nærgætni.

Richard Dalton, fyrrverandi sendiherra Breta í Líbíu, segir að móttökur al-Megrahis hafi verið afar lágstemmdar miðað við það sem hefðbundnar kurteisisvenjur þar í landi boða.

Abdel Baset al-Megrahi er eini maðurinn, sem hlotið hefur dóm vegna Lockerbie-málsins. Hann var starfsmaður leyniþjónustu Líbíu þegar sprenging varð í bandarískri farþegaþotu yfir skoska bænum Lockerbie árið 1988. Allir farþegar og áhöfn vélarinnar fórust, samtals 259 manns, auk ellefu manna á jörðu niðri sem létu lífið þegar vélin hrapaði.

Al-Megrahi hélt ávallt fram sakleysi sínu. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér þegar hann var látinn laus á fimmtudag segist hann þakklátur skosku þjóðinni, þrátt fyrir að dvöl hans í fangelsinu hafi verið ömurleg.

Jafnframt ítrekar hann enn sakleysi sitt, en segist hafa hætt við að áfrýja málinu vegna veikinda sinna. „Það sem eftir er af lífi mínu þarf ég nú að lifa í skugga þess að dómur minn var rangur.“

Fljótlega eftir hrap flugvélarinnar beindust böndin að leyniþjónustu Líbíu. Árið 2001 var al-Megrahi dæmdur í lífstíðarfangelsi og hafði afplánað átta ár þegar hann var látinn laus.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FAGNAÐ Í LÍBÍU** Líbíumenn tóku vel á móti Abdel Baset al-Megrahi á flugvellinum í Trípólí þegar hann kom þangað í fyrrakvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Nokkuð jafnt hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara fer burt:

# Mikill fjöldi fluttur frá Íslandi

**FÓLK** Rúmlega fimmtán hundruð fleiri fluttust frá landinu en til þess á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra höfðu 2.674 fleiri flutt til landsins en frá því.

Alls hafa 2.720 manns flutt til landsins það sem af er ári, en 4.252 frá því. Flestir hinna brottfluttu eru erlendir karlmenn.

Langflestir fóru til Póllands, eða 1.247 manns. Fluttu 676 til Danmerkur, 565 til Noregs og 317 til Svíþjóðar. Færri fóru til annarra landa. Flestir þeir sem fluttu til landsins á tímabilinu komu einnig frá Póllandi, eða 667 manns.

Hafa 1.900 Íslendingar flust burt á árinu en 2.300 útlendingar. Hlutföll milli brottfluttra og aðfluttra eru svipuð hjá íslenskum og erlendum ríkisborgurum. Rúmlega 700 fleiri Íslendingar og 700 fleiri útlendingar fluttu frá landinu en til þess á þessum sex mánuðum.

Miklu fleiri karlar en konur fluttu burt á tímabilinu, ríflega 2.600 karlar fóru héðan en konurnar voru ríflega 1.500.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur dregið mikið úr aðflutningi erlendra ríkisborgara til landsins og það sem af er ári hafa fleiri farið en komið. Það er í fyrsta skipti frá árinu 1992 sem það gerist. **- þeb**



Ódýrt í skólann
ÚLPUR MARGAR TEG. 4.999.-
BOLIR MARGAR TEG. 1.999.-
Mikið úrval af skólavörum á betra verði
TRÉLITIR 190.-
YDDARI 86.-
BÆKUR 249.-
5 STK. PAKKNING 998.-
STROKLEÐUR 28.-
LÍMSTIFT 120.-
REGLUSTIKA 69.-
TASKA 2.999.-
PENNAVESKI 498.-
PENNAVESKI 198.-
LEGO
JEVA
SPIDER-MAN
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 25. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver er ritstjóri tímaritsins Vísbendingar?*

2 *Hvað heitir forstjóri Straums?*

3 *Hver er heimsmetstími Usains Bolt í 200 metra hlaupi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62



Í DALSHRAUNI Það var í þessu húsi sem Bjarki bankaði alblóðugur upp á hjá nágranna sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Morðið í Dalshrauni:

## Sá grunaði sætir geðrannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur óskað eftir því að Bjarki Freyr Sigurgeirsson, sem grunaður er um að hafa banað kunningja sínum í Dalshrauni í Hafnarfirði á mánudagskvöld, sæti geðrannsókn til að skera úr um sakhæfi hans. Það mun vera vanalegt í málum sem þessum að rannsaka geðheilbrigði manna.

Bjarki er talinn hafa barið manninn til bana með eldhúsáhaldi, að öllum líkindum samlokugrilli, eftir að þeim sinnaðist. Ekki hefur fengist gefið upp hvort Bjarki hefur játað glæpinn. Hann mun sitja í gæsluvarðhaldi til 1. september. - sh

**BANDARÍKINN**

### Fangi vill ekki til Bosníu

Alsírskur fangi, sem Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að sleppa úr fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu, berst gegn því að vera sendur til Bosníu, þar sem hann var handtekinn árið 2001, því þaðan verði hann líklega sendur til Alsír þar sem fangavist bíður.

**PORTÚGAL**

### Grjóthrun á sólarströnd

Fimm manns fórust og að minnsta kosti fjórir særðust á sólarströnd í bænum Albufeira á Algarve í Portúgal í gær þegar grjót hrundi úr klettum fyrir ofan ströndina.

Framkvæmdastjóri Birtíngs vill að lögmaður biðjist afsökunar á orðum sínum:

# Birtíngur hótar að kæra Vilhjálm til siðanefndar

**FJÖLMIÐLAR** Framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Birtíngs, Elín G. Ragnarsdóttir, vill að lögmaðurinn Vilhjálmur H. Vilhjálmsson biðji blaðamenn sem starfa hjá útgáfunni afsökunar á þeim orðum sínum að þeir séu síbrotamenn á sviði ærumeiðinga og annarra brota á prentlögum. Elín hótar því í fréttatilkynningu að kæra ella Vilhjálm til siðanefndar lögmannafélagsins fyrir ýmis brot.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá fyrirhugaðri stefnu fjölskyldu úr Sandgerði á hendur ritstjóra Vikunnar, vegna ummæla viðmælanda Vikunnar um fjölskylduföðurinn og dóttur hans. Vilhjálmur rekur málið og sagðist meðal annars ætla að byggja á því að Birtíngur og starfsfólk útgáfunnar væru síbrotamenn á sviði ærumeiðinga og annarra brota á lögum um prentrétt.



VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON



ELÍN G. RAGNARSDÓTTIR

Í tilkynningunni frá Elínu segir að enginn starfsmaður Birtíngs hafi verið dæmdur tvisvar eða oftar fyrir meiðyrði í starfi sínu hjá félaginu. Því sé ósvífni að kalla þá síbrotamenn.

Þá segir einnig að Vilhjálmur hafi ítrekað gerst brotlegur við siðareglur lögmannafélagsins, meðal annars með því að láta fyrirfarast að bjóða sættir áður en stefnt er. Biðjist Vilhjálmur ekki afsökunar hljóti að koma til álita að siðanefnd lögmannafélagsins fái að taka afstöðu til þess hvort Vilhjálmur sé sjálfur síbrotamaður.

Vilhjálmur segir að honum hafi ekki borist nein krafa um afsökunarbeiðni frá Birtíngi og geti því að svo stöddu ekki tekið afstöðu til málsins. Hins vegar hafi hann ekkert sagt við Fréttablaðið í gær sem hann geti ekki staðið við. „Ég hef kannski misskilið eitthvað. Ég hélt að það væri Birtíngur sem skuldaði skjólstæðingum mínum afsökunarbeiðni,“ segir hann og vísar að öðru leyti í grein sem hann birtir í Fréttablaðinu í dag. - sh

# Greiðslurnar tólffaldast á milli ára

**Tólf og hálfur milljarður króna var greiddur út í atvinnuleysisbætur á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra var greiddur út milljarður. Atvinnuleysistryggingasjóður mun ekki standa undir sér á næsta ári nema að hluta.**

**ATVINNUMÁL** Rúmlega tólf og hálfur milljarður króna var greiddur út í atvinnuleysisbætur fyrstu sex mánuði ársins. Þetta þýðir að kostnaður við atvinnuleysisbætur var rúmlega 69 milljónir á dag. Sömu sex mánuði í fyrra var rúmur milljarður greiddur út. Greiðslurnar tólffölduðust því á milli ára.



GISSUR PÉTURSSON

„Það er engum blöðum um það að fletta að þetta er gífurlega mikil breyting,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. „Við erum oft og tíðum að borga svipað á mánuði nú og við gerðum í heilt ár á meðan góðærið var.“

Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir rúmum sautján og hálfum milljarði króna í atvinnuleysisbætur. Fór 71 prósent þeirrar upphæðar í greiðslur fyrstu sex mánuði ársins. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir sjóðinn þó fara langleiðina með að standa undir útgjöldum ársins. „Það kemur til af því að við áttum inni frá fyrri árum. Svo skilar sér tryggingagjald, iðgjaldagreiðslur atvinnulífsins, í sjóðinn. Það hækkaði 1. júlí,“ segir hann.



HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN Tæplega 16 þúsund manns eru nú skráðir á atvinnuleysisskrá. Vinnumálastofnun greiddi út rúmlega tólf og hálfan milljarð króna fyrstu sex mánuði ársins. Það er 71 prósent þeirrar upphæðar sem sjóðnum var áætlað fyrir árið í fjárlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Á næsta ári mun innistæðan tæmast, og fjármögnunin mun ekki dekka það mikla atvinnuleysi sem fyrirsjáanlegt er á næsta ári, nema að hluta. Það rjátlast í sjóðinn alltaf, á meðan einhverjir eru að greiða laun í landinu.“ Gissur segir þó að ekki megi setja málin þannig upp að þegar sjóðurinn tæmist verði hætt að borga. „Þá er tvennt til ráða. Annars vegar að hækka skattinn á atvinnulífið enn meira, sem er nú kannski ekki mjög ráðlegt, eða að ríkisvaldið hlaupi undir bagga, eins og búið er að gera undanfarin ár með ábyrgðarsjóð launa til dæmis. Þetta er bara úrvinnsluefni ríkisfjármála hvernig fjármögnunin er tryggð.“

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist vona að sjóðurinn dugi út þetta ár. „En það er alveg á hreinu að við munum ekki láta hann komast í vanda. Það verður staðið á bak við það fram í rauðan dauðann að hann geti greitt út bætur og það er augljóst að þá þarf að koma til viðbótarfjármagn úr ríkissjóði ef hans tekjustofnar duga ekki til.“

Meðalatvinnuleysi þennan fyrri helming ársins var 8,3 prósent. Á sama tíma í fyrra var það eitt prósent. Í fyrra námu grunnatvinnuleysisbætur um 136 þúsund krónum, en sú upphæð var hækkuð um síðustu áramót í tæpar 150 þúsund krónur. Fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis eru bæturnar tekjutengdar. Þær nema þó aldrei hærri upphæð en 242 þúsundum. Gissur segir tekjutenginguna ekki svo dýra fyrir sjóðinn. „Það eru einhver hundruð milljóna, ekki milljarðar. Það er fyrst og fremst fjöldi atvinnulausra sem skýrir þetta ástand.“ thorunn@frettabladid.is

Amfetamín á Blönduósi:

## Hægt að drýgja efnin verulega

**LÖGREGLA Fimmtíu grömm af amfetamíni fundust við leit í bifreið rétt fyrir utan Blönduós á tíunda tímanum á fimmtudagskvöldið. Farþegar bifreiðarinnar voru tveir, karl og kona á þrítugsaldri. Um var að ræða efni sem voru mjög hrein og hægt að drýgja verulega. Voru þau ætluð til sölu á Norðurlandi, aðallega á Eyjafjarðarsvæðinu.**

**Grunur vaknaði hjá lögreglu við reglubundið eftirlit þegar sást til bifreiðar á norðurleið. Kallaður var til lögreglumaður með fíkniefnahund lögreglunnar á Blönduósi og fundust efnin fljótlega. Eftir skýrslutökur hjá lögreglu var fólkið frjálst ferða sinna.** - vsp

Ljómi breytinganna dofnar:

## Um helmingur treystir Obama

**BANDARÍKIN, AP** Tæpur helmingur Bandaríkjamanna, um 49 prósent þeirra sem tóku þátt í nýrri skoðanakönnun, segist trúa því að Barack Obama Bandaríkjaforseti muni taka réttar ákvarðanir.



BARACK OBAMA

Könnunin var gerð á vegum dagblaðsins Washington Post og ABC-fréttastofunnar, og niðurstöður birtar í gær. Í könnun sem gerð var eftir að Obama hafði setið 100 daga í embætti sögðust sextíu prósent aðspurðra treysta ákvörðunum hans.

Um 57 prósent aðspurðra í nýju könnuninni sögðust ánægð með störf forsetans, sem er tólf prósentustigum minna en í apríl. - bj






## Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka

Í dag fer Reykjavíkurmaraþonið fram í 26. sinn. Þúsundir hlaupara munu hlaupa fyrir góðgerðafélög sem þurfa á stuðningi að halda. Enn er hægt að heita á hlaupara á **marathon.is** en þeir þurfa ekki síður á þínum stuðningi og hvatningu að halda í hlaupinu sjálfu. Ekki láta þitt eftir liggja.

Góða skemmtun!

*Íslandsbanki hefur verið stoltur bakhjarl Reykjavíkurmaraþonsins síðan 1997.*

### DAGSKRÁ Í LÆKJARGÖTU

08.40 – Maraþon og hálfmaraþon
09.30 – 10 km hlaup
11.15 – Upphitun fyrir skemmtiskokk
11.30 – 3 km skemmtiskokk
15.40 – Tímatöku hætt

26 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 22. ÁGÚST 2009

Íslandsbanki



### DAGSKRÁ Í HLJÓMSKÁLAGARÐI

**12.40** – Upphitun undir stjórn Íþróttaálfsins
**13.00** – Ræst í 2 km hlaup (8 og 9 ára)
**13.05** – Ræst í 700 m hlaup (5 ára og yngri)
**13.15** – Ræst í 1,5 km hlaup (6 og 7 ára)
**13.45** – Skemmtidagskrá í suðurenda Hljómskálagarðs

- Latabæjartónleikar
- Solla stirða fær vini sína til að taka nokkur lög
- Ingó veðurguð
- Magni
- Jónsi
- Jóhanna Guðrún

**Glanni glæpur** gæti komið og reynt að skemma.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-0494



**ALLAR Í RÖÐ** Í Niteroi-dýragarðinum í Brasilíu er dýrasjúkrahús þar sem þessar uglur stilltu sér upp í beina röð nýverið. Nú er vetur í Brasilíu og fleiri dýr á sjúkrahúsinu en vant er. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bið verður á því að úrslit fáist úr forsetakosningunum í Afganistan:

# Tveir segjast vera sigurvegarar

**AFGANISTAN, AP** Bæði Hamid Karzai, núverandi forseti, og Abdullah Abdullah, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Karzais, sögðust í gær sannfærðir um að hafa unnið sigur í forsetakosningunum í Afganistan sem haldnar voru daginn áður.

Fyrstu bráðabirgðaniðurstöður atkvæðatalningar verða þó ekki birtar fyrr en á þriðjudag. Talningu atkvæða í mörgum kjördæmum er þó lokið, en atkvæðin voru send eftir talningu til höfuðborgarinnar Kabúl.

Stuðningsmenn Abdullahs segjast vera að kanna fullyrðingar um kosningasvindl víða í héruðum Pastúna í suðurhluta landsins, þar sem búist er við að Karzai nái góðum árangri, enda er hann sjálfur Pastúni.

Nái hvorki Karzai né Abdullah einföldum meirihluta atkvæða þá þarf að efna til annarrar umferðar kosninganna, þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja sem flest atkvæðin fengu, sem að öllum líkindum verða þeir Karzai og Abdullah.

„Ég ráðlegg öllum frambjóðendum að sýna þolinmæði og bíða þangað til niðurstöður talningar fara í gegnum rétta aðila og úrslitin verða tilkynnt,“ sagði Daoud Ali Najafi, yfirmaður aðalkjörstjórnar. - gb



**ATKVÆÐIN TALIN** Fyrstu niðurstöður úr talningu atkvæða verða ekki birtar fyrr en á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lánshæfiseinkunn ríkisins:

## Gæti hækkað vegna fyrirvara

**VIÐSKIPTI** Fyrirvarar við Icesave-samninginn, sem fjárlaganefnd samþykkti á dögunum, gætu haft jákvæð áhrif á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Þetta er mat lánshæfismatsfyrirtækisins Moody‘s.

Segir Moody‘s að fyrirvararnir veiti ákveðið öryggi í fjármálum landsins þar sem þeir komi í veg fyrir að skuldin verði mjög há. Einnig séu ákvæði um endursamninga við Breta og Hollendinga. Þetta tvennt er talið geta haft góð áhrif á lánshæfiseinkunnina. Þrátt fyrir þetta eru nokkur atriði óleyst, að mati Moody‘s og horfur áfram neikvæðar. - vsp


VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

ADR–RÉTTINDI
Gilda m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu

Fyrirhugað er að halda eftirtalin námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst fyrir stjórnendur ökutækja sem öðlast vilja réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu:

**Grunnnámskeið (flutningur á stykkjavöru (fyrir utan sprengifim- og geislavirk efni):** **31. ágúst – 2. september 2009.**
**Flutningur í tönkum:** **3. – 4. september 2009.**
**Flutningur á sprengifimum farmi** **5. september 2009.**

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiði fyrir flutningi í tönkum og/eða flutningi á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess.
Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðs- og skírteinisgjald í síðasta lagi miðvikudaginn 26 ágúst 2009.
Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími 5504600.





Skilvirk fiskveiðistjórnun
27.–28. ágúst
Sal 132 í Öskju, Háskóla Íslands

Ráðstefna í fiskihagfræði á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009. Skipulögð af Hagfræðistofnun Háskóla Ísland fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

Dagskrá
**Fimmtudagur 27. ágúst**
8:30–9:00 *Skráning*
9:00–9:20 *Setning*
9:20–10:20 **Gordon Munro, University of British Columbia:** *The efficiency of rights based fisheries management schemes and the quest for resiliency: An overview*
*Kaffihlé*
10:40–11:20 **Ragnar Árnason, Háskóla Íslands:** *Building on ITQs: A View to the Future*
11:20–12:00 **Gary Libecap, University of California at Santa Barbara:** *Efficiency advantages of first possession or grandfathering allocations instead of auctions in rbm programs*
*Hádegisverður*
13:30–14:10 **Anthony Cox, OECD:** *Distributional issues in rights based fisheries systems: Lessons from OECD experience*
14:10–14:50 **Christopher Costello, University of California at Santa Barbara:** *Can catch shares prevent fisheries collapse?*
14:50–15:30 **Stan Crothers, fyrrverandi starfsmaður sjávarútvegsráðuneytis Nýja Sjálands:** *The strategic development of New Zealand's successful fisheries management system*
*Kaffihlé*
16:00–16:40 **Rögnvaldur Hannesson, Norges Handelshøyskole:** *Norway's experience with ITQs*
16:40–17:30 **Håkan Eggert, Göteborgs Universitet:** *Sweden's road to ITQ*
17:30–17:40 **Gunnar Haraldsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:** *Samantekt*

**Föstudagur 28. ágúst**
9:00–9:40 **Poul Degnbol, EU:** *A policy framework for efficient fisheries management – the reform of the CFP*
9:40–10:20 **Hjalti í Jákupsstovu, Havstovan:** *Faroese fisheries management.*
*Kaffihlé*
10:40–11:20 **Ola Flåten, Norges Fiskerihögskole:** *Fisheries rent creation and distribution – the imaginary case of Codland*
11:20–12:00 **Niels Vestergaard, Syddansk Universitet:** *Development of right based fisheries management in Denmark and Greenland*
*Hádegisverður*
13:30–14:10 **Rolf Willmann, FAO:** *Small scale fisheries in the fish rights context*
14:10–14:50 **Kevin Fram, DFO, Kanada:** *The challenges and benefits of integrating aboriginal rights into Canada's commercial fisheries*
14:50–15:00 **Gunnar Haraldsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:** *Samantekt*
*Kaffihlé*
15:30–16:30 **Pallborðsumræður:** *Hvað höfum við lært?*
**Þátttakendur:** *Stan Crothers, Poul Degnbol, Gordon Munro, Jóhann Sigurjónsson, Hafrannsóknarstofnun, Grímur Valdimarsson, FAO.* **Stjórnandi:** *Carl-Christian Schmidt, OECD*

**Ráðstefnustjóri:** *Gunnar Haraldsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands*

Skráning fer fram á vef ráðstefnunnar: *www.ioes.hi.is/conference/home.html* og lýkur 24. ágúst.
Ráðstefnugjald 20.000 kr. • Ráðstefnan fer fram á ensku.

norden HÁSKÓLI ÍSLANDS Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið




LÖGMÁL

INNHEIMTUBRÉF

Innheimtuþóknun

8.302,00

**INNHEIMTUBRÉFIÐ** Eins og sjá má rukkaði Lögmál 8.302 krónur í innheimtuþóknun. Samkvæmt reglugerð er þak á svona lágri skuld 1.250 krónur.

# Þóknun til lögmannsstofu alltof há

**Þóknun sem lögmannsstofa innheimti er sjöfalt hærri en lög leyfa. Lögmenn misskilja lögin segir Lögmannafélagsið. Talsmaður neytenda vonar að misskilningurinn sé ekki útbreiddur.**

**VIÐSKIPTI** Þóknun sem lögmannsstofan Lögmál innheimti af brunatryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni (TM) er tæplega sjöfalt hærri en lög gera ráð fyrir. Þetta er mat Lögmannafélagsins og talsmanns neytenda.



**GÍSLI TRYGGVASON**

Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudaginn að maður sem skuldaði 1.549 krónur í brunatryggingu hjá TM fékk rukkun upp á 14.613 krónur, eftir að upphæðin fór í innheimtu. Samkvæmt nýlegri reglugerð var sett þak á innheimtuþóknanir. Ef höfuðstóll er undir 3.000 krónum má þóknun vera hæst 1.250 krónur.

Ingimar Ingimarsson, framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins, telur að í máli eins og þessu sé um milliinnheimtu að ræða og því hefði einungis mátt rukka 1.250 krónur. Með milliinnheimtu er átt við það þegar skuldari hefur fengið innheimtuviðvörun en löginnheimta ekki hafin. Gerir hann ráð fyrir að senda lögmönnum áréttingu um gildissvið nýju reglugerðarinnar sem tók gildi 1. febrúar.

Segir Ingimar þetta í annað sinn sem Lögmannafélagið hafi orðið vart við misskilning lögmanna frá því að reglugerðin tók gildi.

Elvar Örn Unnsteinsson, einn eigenda Lögmáls, er ósammála túlkun Lögmannafélagsins og talsmanns neytenda. Segir hann að þegar umbjóðandi hans, í þessu tilviki TM, hafi varað skuldara við þrisvar sinnum sé innheimtubréf lögmanns löginnheimta.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir að löginnheimta sé aðeins þegar mál sé komið til sýslumanns eða dómstóla og hægt sé að grípa til úrræða eins og fjárnáms.

„Ég vona að svona misskilningur eins og þessi tíðkist ekki almennt en ég hafði veður af því fyrr í vor að einhverjir lögmannsstofur kynnu að hafa misskilið þetta,“ segir Gísli Tryggvason sem taldi ástæðu til að leiðrétta þennan misskilning í kjölfar fréttar Fréttablaðsins á þriðjudaginn.

Gísli hefur beint því til Lögmannafélagsins að minna lögmenn á gildissvið innheimtulaganna. Hægt er að skjóta málum er varða innheimtukostnað til úrskurðarnefndar lögmanna.

vidir@frettabladid.is




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

Ástralskir trjáfroskar í vanda:

# Bílaumferð eyðileggur kynlífið

**ÁSTRALÍA, AP** Bílaumferð virðist hafa afar slæm áhrif á kynlíf trjáfroska sem búa í námunda við borgir og bæi í Ástralíu. Ný rannsókn hefur leitt í ljós að umferðarniðurinn drekkir lostafullu kvakki karlfroskana, með hörmulegum afleiðingum.

Kraftmikið kvakk er helsta vopn karlfroska í baráttunni um að ná sér í maka, en nú virðist umferðarniðurinn hafa þau áhrif að hljóðið berst til færri mögulegra maka. Því fækkar froskum jafnt og þétt.

Froskarnir virðast þó forherðast í baráttu við mannskepnuna, og hafa einhverjar tegundir tekið upp á því að kvakka í hærri tíðni til að yfirgnæfa niðinn. **- bj**



**KVAKKA** Einhverjir froskar eru farnir að kvakka í hærri tíðni til að yfirgnæfa umferðarniðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**Ímyndaðu þér þig hér!**



# Kvennakór Reykjavíkur

*Fyrsta æfing haustsins verður miðvikudaginn 2. september kl. 20.*
*Æft er á sama stað og í fyrra; að Vitatorgi.*
*Pláss er fyrir nokkrar konur í viðbót.*
***Áhugasamar vinsamlegast skrái sig í síma 896 6468 eftir kl. 17.***
*Ýmislegt spennandi er framundan, þar á meðal upptökur og fleira.*

***Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur***
*hefja æfingar í september. Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðuna, www.kvennakorinn.is, þegar nær dregur.*
*Kórinn er ætlaður konum 60+.*
*Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.*



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## Vilt þú stunda doktorsnám í Aþenu?

Íslendingi stendur til boða að stunda doktorsnám við Institute of Physical Chemistry, National Center for Scientific Research, í Aþenu.

Doktorsneminn mun verða skráður í doktorsnám við Háskóla Íslands en stunda nær allt sitt nám í Aþenu með styrk frá Grikklandi. Umsækjendur skulu hafa lokið MS-prófi í efnafræði, lyfjavísindum, líffræði, eða skyldum greinum.

Frekari upplýsingar má nálgast á: **www.lyfjafraedideild.hi.is** og hjá Þorsteini Loftssyni prófessor í síma **525 4464** eða með tölvupósti á **thorstlo@hi.is**.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 095309


**FRÉTTASKÝRING:** Verðmerking matvöru

# Deilt um verðmerkingar

**Flestir sem koma að samkeppnis- og neytendamálum telja svokallaðar forverðmerkingar matvöru tímaskekkju sem leggja ætti niður samstundis. Framleiðendur telja hins vegar gagnrýnina á villigötum og benda á sérkenni íslenska markaðarins og smæð hans.**



**FORMERKT** Vörur sem verðmerktar eru af framleiðendum eru boðnar á sama verði í öllum matvöruverslunum, nema sérstaklega sé veittur afsláttur af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins benti á það í umsögn með nýjustu verðkönnun sinni að lítill sem enginn verðmunur væri á forverðmerktum vörum, og tók þar sem dæmi unna kjötvöru og osta.

Verðlagseftirlitið hefur áður bent á hversu lítill verðmunur forverðmerkta vara yfirleitt er, miðað við vöru sem verðmerkt er í hverri verslun fyrir sig. „Slík forverðmerking er bönnuð og hamlar eðlilegri verðsamkeppni“, segir í umsögninni og bætt er við: „Brýnt er að samkeppnisyfirvöld tryggi að verðsamkeppni á þessum vörum verði með eðlilegum hætti.“

Ekki er nema rúmt ár liðið síðan Samkeppniseftirlitið (SE) lagðist yfir málið og kannaði verð forverðmerktrar dagvöru í þrettán matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða þeirrar könnunar var afgerandi. Verðmunur á forverðmerktri vöru var í öllum tilvikum mun minni en á mat- og dagvöru sem verslanir verðmerkja sjálfar.

### Núll til sextíu prósent.

Verð á forverðmerktum vörum var að jafnaði núll til sex prósentum hærra í stórmörkuðum og klukkubúðum en í lágvöruverðsverslunum. Allt öðru máli gegnir um þær vörur sem matvöruverslanir verðmerkja sjálfar en í þeim vöruflokkum var ekki óalgengt að verð í stórmörkuðum og klukkubúðum sé þrjátíu til sextíu prósentum hærra en í lágvöruverðsverslunum.

Það skal tekið fram að algengt er að afsláttur sé veittur frá hinu leiðbeinandi verði, eins og það er einnig kallað, í lágvöruverðsverslunum og var tekið tillit til þess við gerð könnunar SE. Hins vegar er mjög algengt í öðrum verslunum að hið leiðbeinandi verð haldi sér frá framleiðenda í hillur.

### Miklir hagsmunir

Eins og hér sést til hliðar má segja að forverðmerktar vörur séu veigamiklar í neyslu venjulegs íslensks heimilis. Hvert vægi þessara vara er nákvæmlega í heildarflokki dagvara liggur þó ekki fyrir en SE telur ekki óvarlegt að ætla að tíu til fimmtán prósent af matvöru sem seld er í matvöruverslunum sé forverðmerkt. Að gefinni þeirri forsendu að heildarveltan á markaðnum sé um 65 milljarðar króna, áætlar SE að heildarvelta forverðmerktra vara á matvörumarkaði nemi um sjö til tíu milljörðum króna á ári.

Fjölmargir viðmælendur Fréttablaðsins telja afnám forverðmerkinga stórt hagsmunamál neytenda. Við fyrstu sýn - fyrir leikmann að minnsta kosti - liggur það fyrir.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það hafa verið skoðun Neytendasamtakanna um árabil að það eigi að banna forverðmerktar vörur. „Því fyrr sem þær verða bannaðar, því betra,“ segir Jóhannes sem telur hins vegar að verðmerking sem þessi sé ekki ólögleg en talsmaður neytenda, Neytendastofa og ASÍ telja að svo sé.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir löngu tímabært að stöðva forverðmerkingar á matvöru enda sé verðmerking með þessum hætti ekki í samræmi við lög. Gísli tók þetta mál upp við SE í apríl 2006. Lét hann þá skoðun sína í ljós að málið lyti að broti á samkeppnislögum enda hefði forverðmerking vöru mikil áhrif á hegðun matvöruverslana og þar með hagsmuni neytenda.

### Stjórnsýslumál rekið af SE

Áhrínisorð Gísla virðast hafa komið hlutunum af stað því að könnun SE var gerð árið eftir. Í skýrslu um málið kemur fram að SE taldi þá ástæðu til að reka sérstakt stjórnsýslumál til að kanna hvort samkeppnislög væru brotin með verðmerkingum af þessu tagi - máli sem nú hefur verið hleypt af stokkunum og er langt komið. Stjórnsýslumálið beinist að smásöluverslunum og hópi framleiðenda og birgja í kjötframleiðslu og miðar að því að leiða í ljós hvort samkeppnislög hafi verið brotin.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að ekki sé hægt að fullyrða neitt um það, en að rannsókn stofnunarinnar miðist við þá spurningu. Páll segir að niðurstöður rannsóknar SE frá því í fyrra hafi leitt í ljós að verðmerkingarnar, og þau samskipti sem tengjast þeim, kynnu að fela í sér aðgerðir sem ganga gegn banni við samráði fyrirtækja eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu. „Könnunin gefur til kynna að þessar forverðmerkingar takmarki samkeppni því að verðmunur á þessum vörum milli verslana er margfalt minni en eðlislíkra vara, sem ekki eru forverðmerktar.“

### Á villigötum?

Viðmælendur Fréttablaðsins vildu margir meina að ástæðan fyrir forverðmerkingum á Íslandi væru tæknilegs eðlis. Framleiðendur ráði einfaldlega ekki yfir tækni til að vigta og pakka vöru eftir nákvæmri þyngd og því sé þeim nauðugur einn kostur.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir þetta rétt upp að vissu marki. „Það er hægt að breyta þessu en hér eru litlir framleiðendur sem ráða ekki við að kaupa dýrasta vélbúnað sem gerir þetta mögulegt. Verði okkur gert að breyta þessu af samkeppnisyfirvöldum óttast ég að framleiðendum fækki, með neikvæðum áhrifum á samkeppni.“

Hann segir málið varða tólf til fimmtán gróin fyrirtæki í matvælaiðnaði og fjölda smærri framleiðenda. Hann sér fyrir sér að einhver þeirra myndu ekki þola þá byltingu sem virðist liggja í loftinu og einhver þeirra muni týna tölunni. Hann segir að menn verði að stíga varlega til jarðar, enda sé umræðan um verðmerkingar á villigötum. „Það er gríðarleg samkeppni á milli verslana eins og sjá má í auglýsingum alla daga,“ segir Steinþór.

Frá því að könnun SE var gerð í maí 2008 hefur mikið vatn runnið til sjávar, eins og öllum er kunnugt. Umhverfi íslenskra neytenda hefur gjörbreyst og neytendamál öllum almenningi hugleikin. Jafnframt er það talið að fátt sé mikilvægara en aðhald samkeppnisyfirvalda á krepputímum til að árangur náist við að rétta skútuna af. Það er því forvitnilegt að sjá hver niðurstaða SE verður, enda hafa allir sem að samkeppnis- og neytendamálum koma haft augun á þessu máli um langt skeið. Máli sem kannski hefði ekki verið aðkallandi fyrir litlu síðan - en er það vissulega nú um stundir.




FRÉTTASKÝRING
**SVAVAR HÁVARÐSSON**
svavar@frettabladid.is


## FORVERÐMERKTAR MATVÖRUR

Þær matvörur sem um ræðir eru aðallega unnar kjötvörur, svo sem álegg, kryddlegið kjöt og pylsur, auk ákveðinna tegunda af ostum. Jafnframt er eitthvað um að lítt unnar kjötvörur (aðallega frystar), fiskmeti, egg og pakkað grænmeti og ávextir sé verðmerkt með leiðbeinandi smásöluverði. Verðmerking þessara vara fer þannig fram að um leið og þær eru vigtaðar og þeim pakkað eru þær verðmerktar í samræmi við þyngd pakkninganna. Vörur sem verðmerktar eru á þennan hátt eru því boðnar á sama smásöluverði í öllum verslunum nema verslanirnar auglýsi sjálfar afslátt frá hinu leiðbeinandi verði.

Ljóst er að umfang forverðmerkinga hér á landi er umtalsvert. Einnig er ljóst að það eru ekki einungis vörur sem eru mismunandi að þyngd (eins og unnið kjöt) sem eru forverðmerktar af birgjum. Vörur eins og til dæmis álegg, kæfa, pylsur og tilbúnir réttir þar sem enginn munur er á þyngd pakkninga eru nánast án undantekninga forverðmerktar af birgjum.


heima
30%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
Nýkomið
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Öndvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
30%
Nýkomið
mood
30%
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HANNA MONTANA SKÓLATASKA 16"
**3.490 kr**



HANNA MONTANA SKÓLATASKA 16"
**3.990 kr**



BLEIK SKÓLATASKA
**2.990 kr**





HANNA MONTANA PENNAR
**249 kr/pk.**

SPIDERMAN JUMBO PENNI
**249 kr**

CARS JUMBO PENNI
**249 kr**



MIKKA MÚS PENNAVESKI
bleikt eða blátt
**299 kr**

PRINSESSU SKÓLASETT 30 stk.
**1.990 kr/pk.**





PRINSESSU PENNAVESKI
**699 kr**

PRINSESSU LÍMSETT 4stk.
**299 kr/pk.**

HANNA MONTANA BLÝANTA
**399 kr/pk.**



LITASETT 72 STK.
**599 kr/pk.**

BLÝANTAR 12 Í PK.
**249 kr/pk.**

SKÆRI 2 Í PK.
**349 kr/pk.**



YDDARI 2 STÆRÐIR
**249 kr/pk.**

TÚSSLITIR 10 Í PK.
**349 kr/pk.**

HEFTARI
**249 kr**

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

WALL-E SKÓLATASKA 16"

2.990 kr



STAR WARS SKÓLATASKA 15"

2.990 kr



SPIDERMAN SKÓLATASKA 16"

2.990 kr



# Allt fyrir skólann!



SETT

CARS SKÓLASETT 30 stk.

1.990 kr/pk.



ÓDÝRT

CARS BLÝANTASETT

299 kr/pk.



CARS TÚSSLITIR 8 Í PK.

349 kr/pk.



CARS PENNAVESKI

499 kr/pk.





PRINSESSU VAXLITIR

299 kr/pk.



REGLUSTIKA OG GRÁÐUBOGI

249 kr/pk.





CRAYOLA TÚSSPENNAR
6 Í PK.

649 kr/pk.



HIGH SCHOOL MUSICAL
SKÓLASETT 30 stk.

1.990 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Veðrið kl. 18:

## Ertu búinn í bæinn?

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Maður er manns gaman, sögðu gömlu mennirnir. Í dag koma borgarbúar saman á torgum og strætum höfuðstaðarins, Menningarnótt blasir við með öllum sínum uppákomum og furðum. Dagurinn verður langur og endar í ljósadýrð á hausthimninum.

Samkomuhaldi okkar þennan dag svipar til lífsins: við leggjum af stað árla með fögur fyrirheit og miklar vonir, örkum um stéttar og götur, reynum að halda okkur sólarmegin og í skjóli. Förin á þröngu svæði liggur yfir holt og hæðir, stundum stefnulaust ráp og í hringi – hvar er eitthvað spennandi? Er ég að missa af einhverju? Stefnumót misfarast, vinir fara á mis. Eigum við ekki að hringjast á?

Undrið er svo að finna gamla þreytta frænku á bekk eða rekast á gamlan skólafélaga sem veit enn allt best og getur kennt öllum hvernig á að gera hlutina þótt hárið fagra sé horfið og hann kominn með gleraugu til að sjá betur. Eða þá að rekast á börnin sem eru orðin ungt fólk með spriklandi lífið í höndum sér og glampandi bros í augum: ég er svona stór!

Og mannhafið stækkar á strætunum, stendur af sér skúr stutta stund í skjóli húsanna misgamalla í götunum okkar skrýtnu sem hafa fæstar nokkurn heildarsvip en eru eins og sýnikennsla í misleitum stílum tuttugustu aldarinnar. Í jaðrinum er bílaflotinn á breiðum flákum, stolt okkar, skuldum vafinn, einhvers konar staðfesting á að þegar við höfðum loksins byggt borg, varð hún að vera kópía af sveitinni fornu þar sem langt var á milli bæja svo dagspart þurfti til að reka erindi eða hitta mann. Hvar lagði ég aftur bílnum?

Og skarinn, háir og lágir á sama rólinu, finnur á endanum sitt rórill, hver og einn sinn stað. Öll erum við kvíðin vetrinum, reynum að búa okkur fyrir haustveðrin, tilbúin að skilja, jafnvel fyrirgefa misgerðir og gæfuleysið sem okkur var svo snögglega steypt í. Hvar vorum við fyrir ári? Hver vorum við fyrir ári? Hver erum við nú? Hvert liggur leiðin okkar héðan?

Víst gæti námskeið í afsökunum hjálpað sumum eitthvað, en fyrirgefningin er ekki eins manns yfirbót og iðrun. Hún er meira og stærra og teygir sig víðar eftir því sem afbrotið og misgjörðin hefur víðtækari áhrif. Og hafi brotamaðurinn steigurlætið eitt í hjarta sér mun hann aðeins uppskera fyrirlitninguna sem er ekki síður erfitt að bera með sér. Við þurfum að hreinsa út.

Menningarnótt og samkomuhald langan sumardag færir okkur saman og við nýtum þau tækifæri vel og oftast stórslysalaust þótt alltaf sé gikkur í veiðistöð og glanni á göngunni. Þar komum við til dyranna eins og við erum klædd: bjartsýn og reiðubúin að vera veitul, svolítið feimin en reynum að vera hress en þó við öllu búin. Það geta skipast hratt veður í lofti og stormur skollið á. Við erum þrátt fyrir allt berskjölduð fyrir öllum veðrum á eyjunni okkar. Og nú göngum við út í daginn saman, mætumst og verum glöð. Grípum daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Er þörf á nýrri réttlætingu?

Við myndun ríkisstjórnarinnar kom skýrt fram að eitt helsta markmið hennar var að skerpa á andstæðum í íslenskum stjórnmálum. Í þessu ljósi er um margt áhugavert að skoða niðurstöðu Icesave-málsins frá pólitísku sjónarhorni.

Ríkisstjórnin er fyrsta hreinræktaða vinstri stjórnin í landinu. Ekki er þar með sagt að hún hafi gert tilraun til að skerpa hugmyndafræðilegar andstæður. Þvert á móti. Grundvöllur stefnu hennar í efnahagsmálum er samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem fyrri ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins gerði.

Áður fyrr gekk Alþýðubandalagið inn í ríkisstjórnir með því að fórna stefnu sinni í utanríkismálum.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Það var réttlætt með varðstöðu um ríkisútgjöld og velferð. Nú fórnar VG hvoru tveggja. Réttlætingin er sú helst að halda Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Eftir skoðanakönnunum hefur það verið nokkuð góð pólitísk söluvara.

Icesave-málið er ekki einasta lang stærsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar. Það beinlínis snerist um grundvöll efnahagsstefnunnar sem er samningurinn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þegar ljóst var að ríkisstjórnin hafði ekki vald á málinu vegna innbyrðis andstöðu voru samningar við Sjálfstæðisflokkinn eini kosturinn.

Í raun kallar þetta á nýja réttlætingu fyrir stjórnarsamstarfinu. Ólíklegt er að andstaða við að hagnýta orkulindirnar dugi ein og sér í því efni. Hætt er við að almenningur líti á það viðfangsefni með öðrum augum en á tíma bankaupp-sveiflunnar.

Spurning er hvort af þessari framvindu mála megi draga þá ályktun að stjórnarflokkarnir muni hverfa frá þeim grundvelli samstarfsins að skerpa og ala á pólitískum andstæðum. Á þessu stigi er ekki unnt að hrapa að slíkri niðurstöðu. Reyndar er fátt sem bendir til að svo verði. Framhald á innri veikleikum gæti þó breytt því mati þegar fram líður.

## Hverjir styrktu stöðu sína?

Á þessum vettvangi var því spáð að andstöðuhópurinn innan stjórnarliðsins undir forystu Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra myndi að lokum láta undan og sættast á málamynda athugasemdir í nefndaráliti. Það fór á annan veg.

Þó að ekki hafi verið upplýst hvernig samningar tókust milli stjórnarflokkanna og Sjálfstæðisflokksins á bak við tjöldin eru skýr teikn á lofti um að heilbrigðisráðherra hafi leikið lykilhlutverk í því máli. Hann tefldi mjög djarft og tók mikla pólitíska áhættu.

Eina hliðstæðan við uppreisn heilbrigðisráðherrans er andstaða ráðherra Alþýðubandalagsins á sínum tíma gegn landhelgissamningunum. Munurinn er sá að þeir urðu undir en hann ofan á. Engum vafa er því undirorpið að hann hefur styrkt stöðu sína.

Forysta Sjálfstæðisflokksins var í snúinni stöðu. Samningar voru ekki aðeins óhjákvæmilegir eftir eðli málsins heldur rökrétt framhald af fyrri ákvörðunum flokksins í ríkisstjórn. Hins vegar var samningsniðurstaðan óásættanleg vegna þeirra alvarlegu mistaka forsætisráðherra að taka ekki pólitísk álitaefni samninganna upp á borð forsætisráðherra landanna strax á vordögum.

Formaður Sjálfstæðisflokksins sýndi því hyggindi með því að halda á málinu á þann veg sem gert var. Hann hagnýtti sér ágreininginn innan stjórnarliðsins til að knýja fram þolanlega niðurstöðu. Það var ábyrg afstaða sem treyst hefur stöðu hans til mikilla muna.

Með þessu móti hefur honum tekist að setja þverbrest í þá helstu undirstöðu stjórnarsamstarfsins að vera fyrst og fremst á móti Sjálfstæðisflokknum. Ekki er víst að sú réttlæting verði jafn góð söluvara á eftir.

Ljóst er að andstöðuhópurinn innan VG hafði ekki bolmagn einn og sér til að knýja meirihlutann í stjórnarliðinu til þeirrar niðurstöðu sem varð. Sá árangur valt alfarið á þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Ábyrg og einörð framganga fjármálaráðherra í málinu gerir það að verkum að hann skaðast sennilega ekki þó að hann hafi orðið að beygja sig.

## Dugar að hafa asklok fyrir himin?

Með hæfilegri einföldun má segja að VG hafi fátt annað til að viðhalda málefnalegri ímynd sinni en að bregða eftir getu fæti fyrir hverja þá möguleika sem opnast á nýtingu orkulindanna. Sú þrákelkni er eitt af stóru pólitísku vandamálunum sem tefja munu efnahagsendurreisnina.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar náði þáverandi orkuráðherra tímamótaniðurstöðu með Sjálfstæðisflokknum um skipan orkumála. Um leið og opnað var fyrir möguleika á erlendri sem innlendri einkafjárfestingu í orkuframleiðslu var tryggilega gengið frá því með löggjöf að opinberir aðilar hefðu varanlega yfirráðin yfir orkulindunum sjálfum.

Þegar Orkuveita Reykjavíkur var af samkeppnisástæðum knúin til að selja hlut í HS orku kom þessi sátt að góðu haldi. Hún auðveldaði lausn á því máli. Eins og sakir standa eigum við varla kost á erlendri fjárfestingu nema í orkuframleiðslu og orkufrekum iðnaði.

Þá bregður svo við að ríkisstjórnin ákveður að tefla þessari lausn í uppnám. Þeir innlendu fjármunir sem nota á til þess fara ekki í annað. Verði henni kápan úr því klæðinu aukast fjárhagslegar þrengingar á öðrum sviðum. Þessi afstaða vekur þá spurningu hvort það dugi að hafa asklok fyrir himin í orkumálum.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er ekki ábyrgt af borgarstjórnarmeirihlutanum að spila með í þessum leik þó að það líti út fyrir að vera klókt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Hljómskálagarðurinn á Menningarnótt
STÓRTÓNLEIKAR RÁSAR 2
í samstarfi við Símann og Exton
Aðgangur ókeypis
21.50 Páll Óskar
21.15 Ingó og Veðurguðirnir
20.40 Paparnir
19.55 Hinn íslenski þursaflokkur
19.30 Lights on the Highway
Skemmtum okkur saman í garðveislu ársins!
RÁS 2
EXTON
Síminn

# Þegar rykið sest – kjarni REI-málsins

UMRÆÐAN

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Á undanförnum mánuðum hafa nokkrir aðilar séð ástæðu til að draga REI-málið svonefnda aftur fram í dagsljósið. Þetta hefur verið gert í tvenns konar tilgangi:

Stjórnmálafræðingur og fréttamenn sáu ástæðu til þess fyrir kosningar að velta fyrir sér hugsanlegum tengslum milli fjárstyrks FL til Sjálfstæðisflokksins í árslok 2006, og fyrirhugaðs samruna Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest, haustið 2007.

Aðrir spekingar hafa svo verið að rifja upp REI-málið í þeim augljósa tilgangi að viðhalda og skerpa á þeirri fjölmiðlagoðsögn að fyrirhugaður samruni áður nefndra fyrirtækja, haustið 2007, hafi verið hneyksli, og jafnvel mjög alvarleg mistök. Engan þátt átti þó samruni REI og Geysir Green Energy í bankahruninu ári síðar. En einhverjir fjölmiðlamenn kusu að reyna að tengja það saman.

### Í smiðju áróðursmeistara

Í stað þess að vinda sér í það að reyna að sanna eða afsanna samsæriskenningu um mútur, létu fjölmiðlar sér lynda að velta þeim möguleika á milli sín í eina viku eða svo, örfáum dögum fyrir síðustu alþingiskosningar. Þetta er eitt af mörgum – og sífellt fleiri – dæmum þess, hvernig sumir íslenskir fjölmiðlar virðast líta m.a. á það sem meginhlutverk sitt að hafa skoðanamyndandi áhrif á almenning – oft með dylgjum og almennum vangaveltum – í stað þess að leggja fyrst og fremst áherslu á að upplýsa og flytja fréttir af mikilvægum málefnum. Er þessi innrætingarárátta ef til vill skýringin á þverrandi trausti sem almenningur ber til íslenskra fjölmiðla eins og fram hefur komið í skoðanakönnunum?

Um vangaveltur hinna spekinganna er þess að geta að þar hefur ekkert nýtt verið dregið fram og hvergi bólar á röksemdum. Þvert á móti eru rifjaðar upp gamlar rangfærslur og hamrað á gildishlöðnum hugtökum á borð við REI-hneykslið, í trausti þess að almenningur trúi því á endanum sem hann heyrir nógu oft endurtekið. Og þá eru óupptaldar dylgjurnar, almennar vangaveltur í fjölmiðlum sem staðhæfa ekkert, en snúast um það eitt að tengja menn og málefni við neikvæða, gildishlaðna umfjöllun. Þetta heitir rógburður á kjarnyrtu, íslensku máli.

### Leiðaraspeki Morgunblaðsins

Í leiðara Morgunblaðsins þann 30. mars sl. er lýst sérstakri ánægju með orkuútrás Enex og Geysir Green Energy. Með hliðsjón af því hefði leiðarahöfundur mátt hafa í huga að Orkuveitan, Landsvirkjun og Geysir Green Energy, voru á sínum tíma aðaleigendur Enex, og að Geysir Green Energy og nokkur önnur fyrirtæki stóðu, ásamt Orkuveitunni, að stofnun sameiginlegs fyrirtækis sem skyldi hasla sér völl á sviði orkuframkvæmda erlendis.

En í sama leiðara víkur höfundur að REI-málinu, og þá er talað um „REI hneykslið, þar sem fólk fékk á tilfinninguna að gráðugustu útrásarvíkingarnir væru að reyna að læsa klónum í eigur almennings“.

Hér er lifandi komin sú fjölmiðlaumfjöllun sem ekkert rökstyður og ekkert staðfestir, en hefur þann eina tilgang, að viðhalda rangfærslum og fordómum. Eins og fyrri daginn er talað um REI-hneykslið án nokkurs rökstuðnings. Síðan kemur fullyrðing um það hvað „fólk fékk á tilfinninguna“ – eins og það komi REI-málinu eitthvað við. Og þegar leiðarahöfundurinn hefur falið sig á bak við „tilfinningar fólks“ er óhætt að draga upp ískyggilega, gildishlaðna mynd þar sem „gráðugustu úrrásarvíkingarnir [...] reyna að læsa klónum í eigur almennings“. Hinu pólitíska markmiði hefur verið náð, að viðhalda rangfærslum og fordómum um REI-málið, án þess að rökstyðja, upplýsa eða sanna nokkurn skapaðan hlut.

Aðrir REI-spekingar hafa svo verið ögn hugrakkari og herskárri. Þeir hafa hamrað á fyrirhugaðri „sölu á hluta eigna Orkuveitu Reykjavíkur“ og „afsali auðlinda Orkuveitu Reykjavíkur“. Í slíkum málflutningi er alltént eitthvað staðhæft þó staðhæfingarnar séu alrangar og hvergi bóli á minnstu viðleitni til að rökstyðja þær.

### Mútukenningu hafnað

Vegna ummæla Svandísar Svavarsdóttur, borgarfulltrúa og núverandi umhverfisráðherra, í aðdraganda þingkosninganna apríl sl. um fjárhagsstuðning FL til Sjálfstæðisflokksins í árslok 2006 og umfjöllunar um hugsanleg tengsl þess styrks við fyrirhugaða sameiningu REI og Geysis Green Energy í borgarstjóratíð minni í október 2007, tel ég rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Ég hef aldrei setið í fjáröflunarnefnd Sjálfstæðisflokksins og aldrei komið að fjáröflun fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Aldrei verið beðinn um það og aldrei sóst eftir því.
2. Ég hafði ekki minnsta hugboð um þann styrk sem hér um ræðir fyrr en ég heyrði hans getið í fréttum í aprílmánuði sl.
3. Í tilefni af fjölmiðlaumfjöllum um hugsanleg tengsl milli styrksins og fyrirhugaðrar sameiningar REI og Geysis Green Energy, rúmum níu mánuðum síðar, fór ég þess á leit í aprílmánuði sl. við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar, að hún rannsakaði embættisverk mín er lúta að fyrrnefndri og fyrirhugaðri sameiningu, vegna aðdróttana um hugsanleg tengsl mín. Innri endurskoðun taldi ekki ástæðu til að fara yfir málið þar sem ekkert nýtt lægi fyrir í málinu og vísaði í því sambandi m.a. til niðurstöðu stýrihóps borgarráðs um REI-málið.
4. Hugmyndir um sameiningu REI og Geysis Green Energy voru ekki viðraðar við mig fyrr en á seinni helmingi ársins 2007.
5. Til eru skjalfastar heimildir fyrir því að í júní 2007 beitti ég mér eindregið gegn þeim áformum að Geysir Green Energy tækist að eignast allt að 70% í Hitaveitu Suðurnesja. Þá hafði verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar, að íslensk orkufyrirtæki fengju ekki að bjóða í hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Geysir Green Energy eignaðist að lokum 30% í fyrirtækinu. Það gerðist ekki vegna minnar viðleitni, heldur þrátt fyrir hana.

Öll framangreind atriði lágu ljós fyrir af minni hálfu þá apríldaga fyrir kosningar sem nokkrir af helstu fjölmiðlum landsins töngluðust á mútukenningunni, dag eftir dag, þar sem ég hefði þá átt að fara með eitt hlutverkið. En þrátt fyrir alla þá „umfjöllun“ sá aðeins einn fréttamaður ástæðu til að hafa samband við mig, fréttamaður hjá RÚV. Hann gætti þess auðvitað að hafa ekki eftir mér það sem mestu máli skipti og getið er hér að framan, enda líklegt að það hefði dregið úr tortryggninni.

### 2. Mannauður myndast

Allt frá því að íslenskir verkfræðingar fóru fyrst að huga að þeim möguleika að nýta jarðvarma til húshitunar, hefur safnast saman sífellt verðmætari sérþekking á þessu sviði hér á landi. Á kreppuárunum á fjórða áratugnum bjuggu landsmenn við dáðlausa vinstri stjórn sem kenndi sig við „vinnandi stéttir“ en hafði ekki önnur úrræði en innflutningshöft, skammtanir, ríkiseinokun og ranga gengisskráningu.

Á sama tíma nutu Reykvíkingar hins vegar góðs af samhentri, framtaksamri og framfarasinnaðri bæjarstjórn sjálfstæðismanna sem réðst í fyrstu stórvirkjunina hér á landi, Ljósafossvirkjun í Sogi, sem opnuð var haustið 1937. Framkvæmdir við virkjunina höfðu kallað á fjölda starfa í atvinnuleysinu og rafmagnsverð í Reykjavík varð nú einungis þriðjungur af því sem áður hafði verið. Sú staðreynd örvaði mjög atvinnulífið í bænum, skipti út kolaeldavélum fyrir rafmagnsvélar, dró úr kostnaðarsömum kolainnflutningi og útrýmdi á endanum reykmengun sem oft var umtalsverð í Reykjavík.

Þegar Ljósafossstöðin var komin í gagnið, í miðri kreppunni, sneru bæjaryfirvöld sér strax að fjármögnun næstu stórframkvæmda. Borgarstjórinn, Pétur Halldórsson, leitaði hófanna hjá þekktu, bresku fjármálafyrirtæki um lán til að hefja framkvæmdir við Hitaveitu Reykjavíkur, fyrstu almenningshitaveitu í heiminum. Bretarnir báðu um öll verkfræðileg gögn og mælingar vegna þessara furðuframkvæmda og létu meta íslensku áætlunina hjá virtri, breskri verkfræði- og ráðgjafarstofu. Niðurstaðan úr því mati varð sú að framkvæmdin var talin arðbær og lánshæf og lokið var lofsorði á vinnu, mælingar, útreikninga og áætlanir íslensku verkfræðinganna.

Okkar eigin saga er oft býsna lærdómsrík. Allt frá þessum tíma, eða í rúm sjötíu ár, hefur verðmæt sérþekking Hitaveitu Reykjavíkur og síðar Orkuveitu Reykjavíkur vaxið jafnt og þétt. Þar munar ekki minnst um kaupin á Nesjavöllum og þær djúpboranir eftir heitu vatni sem hófust í kjölfarið.

### Við höfum viljað framfleyta okkar þekkingu

Vegna þeirrar sérþekkingar sem Hitaveitan og síðan Orkuveitan hafa búið yfir, hafa þessi fyrirtæki komið að ýmsum verkefnum á erlendri grund um langt árabil – ýmist að ráðgjöf eða með beinni þátttöku í framkvæmdum. Þessi umsvif hafa gefið af sér mismiklar og því miður oft óverulegar tekjur, ef nokkrar. Í flestum tilfellum hafa þau verið áhættufjárfesting og oftast haft kostnað í för með sér. Ekki er rétt að útiloka sóknarfæri á þessum vettvangi en á hinn bóginn er ljóst að möguleikarnir eru takamarkaðir. Verðmætaog atvinnusköpun á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi er samt mikil og spennandi og fer augljóslega ört vaxandi.

Íslensk þekking á sviði vistvænnar orkunýtingar er því engin nýlunda. Það er heldur engin nýlunda að Hitaveitan og síðan Orkuveitan hafi starfað á erlendum vettvangi í samvinnu við önnur íslensk fyrirtæki, oft einkafyrirtæki, svo sem verkfræðistofur, verktakafyrirtæki og ráðgjafarfyrirtæki. Sú var t.d. tíðin að Hitaveita Reykjavíkur var aðili að fyrirtækinu Orknir hf. sem var í eigu ýmissa aðila og vann að vistvænni orkunýtingu á erlendri grund um árabil.

Orkuveita Reykjavíkur varð síðan einn af stofnendum Enex hf., árið 1997, sem var sameiginlegt útrásarfyrirtæki orkufyrirtækja, verkfræðistofa og fjárfesta. Sú ráðstöfun vakti á sínum tíma hverfandi athygli fjölmiðla og fráleitt slíkt fjölmiðlafár sem REI-málið tíu árum síðar. Enex sinnti fyrst og fremst verkefnum í Evrópu og Kína.

Seint á árinu 2006 stofnuðu Glitnir og íslenskir einkaaðilar orkuverktakafyrirtækið Geysir Green Energy. Þetta nýja fyrirtæki hafði uppi stór áform, hóf fljótlega að ásælast hluti í Enex og varð á skömmum tíma stærsti eigandi fyrirtækisins, keypti m.a. 24% hlut Landsvirkjunar í fyrirtækinu,

Þann 25. janúar 2007 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samhljóða á fundi sínum, að fela forstjóra Orkuveitunnar og framkvæmdastjóra lögfræðisviðs fyrirtækisins að vinna tillögur til stefnumótunar, um það hvernig Orkuveita Reykjavíkur kæmi að miðlun íslenskrar þekkingar varðandi endurnýjanlega orku í framtíðinni, bæði hérlendis og erlendis.

### Grunnhugmyndin með stofnun REI

Þrátt fyrir aðkomu embættismanna að þessari stefnumótun átti hún sín pólitísku markmið sem rædd höfðu verið í stjórninni. Þau voru einkum eftirfarandi:

1. Að nýta sem best þá miklu og sívaxandi sérfræðiþekkingu á sviði vistvænnar orkunýtingar sem Orkuveitan býr yfir, og sem síaukin eftirspurn er eftir víða um heim – Orkuveitunni og borgarbúum til hagsbóta.
2. Að gera skýran greinarmun á og aðskilja Orkuveitu Reykjavíkur sem veitustofnun í almannaeigu, frá öðrum óhefðbundnari verkefnum, s.s. áhættuverkefnum á erlendri grund.
3. Að firra Orkuveituna ábyrgð og áhættu með því að koma þeim umsvifum og verkefnum sem ekki heyra undir grunnstarfsemi Orkuveitunnar í sérstakt félag með takmarkaðri ábyrgð.

Allir þeir stjórnmálamenn og embættismenn sem að málinu komu töldu að með þessum markmiðum væri með ábyrgum hætti verið að slá skjaldborg um Orkuveituna sem mikilvæga þjónustustofnun í almenningseigu. Þau umsvif á erlendri grund sem fyrirtækið hafði áður komið að fengju jafnframt eðlilegri starfsskilyrði á alþjóðlegum markaði, óháð rekstri og eignum tengdum grunnstarfsemi Orkuveitunnar. Enginn borgarfulltrúi sá ástæðu til að andmæla þessum markmiðum.

### REI stofnað

Á stjórnarfundi Orkuveitunnar 7. mars 2007 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (ein hjáseta) að stofna hlutafélagið Reykjavík Energy Invest, til að halda utan um og annast verkefni Orkuveitunnar á erlendri grund. Jafnframt var samþykkt að félagið hefði sérstakan fjárhag og stjórn. Til félagsins var lagt hlutafé Orkuveitunnar í Enex og Enex Kína sem og verkefni sem Orkuveitan stóð að erlendis. Þá var samþykkt að Orkuveitan legði auk þess til hlutafé, allt að tveimur milljörðum króna, er nýta skyldi til þátttöku í verkefnum með öðrum aðilum sem leggja til tækniþekkingu erlendis, og til fjárfestinga í erlendum, vistvænum orkufyrirtækjum.

Með stofnun REI var nú loku fyrir það skotið að Orkuveitan tæki lengur beinan þátt í útrásarverkefnum sem oft geta verið áhættusöm. Orkuveitan var þar með firrt þeirri áhættu og ábyrgð sem slíkum verkefnum fylgir og henni eingöngu ætlað að sinna hefðbundinni grunnþjónustu við almenning.

Þá er athyglisvert að í stofnsamþykktinni frá 7. mars er strax gert ráð fyrir að REI vinni að verkefnum í samvinnu við önnur fyrirtæki enda var töluverður hluti hlutafjárins bundinn í öðrum félögum. Þá var sjóður félagsins einn og sér ekki til stórra fjárfestinga.

### Fyrirhuguð sameining REI og Geysis Green Energy

Eins og fram kom hér að framan voru hugmyndir um sameiningu REI og Geysis Green Energy ekki viðraðar við mig fyrr en komið var fram yfir mitt ár 2007. Forsvarsmenn félaganna hittust 20. september 2007 og ræddu hugsanlega sameiningu. Þeir sem að málinu komu töldu einsýnt að slík sameining væri í fullu samræmi við stofnsamþykktir stjórnar Orkuveitunnar frá 7. mars. Ákveðið var að halda ferlinu áfram og stjórnarformenn félaganna leiddu viðræður sem lögðu grunn að þeim þáttum er lutu að verðmætamati félaganna og hlutafjáraukningu. Eins og alþjóð veit gekk sameiningin ekki eftir og stjórn og eigendafundur Orkuveitunnar ákvað síðan að afturkalla allar ákvarðanir er lutu að fyrirhugaðri sameiningu.

### Nokkrar lífseigar rangfærslur

Það er óvinnandi verk að elta ólar við allar þær rangfærslur sem boðið hefur verið upp á í REI-málinu. Í „upprifjunum“ þessa máls undanfarna mánuði hefur þó helst borið á fullyrðingum um það að REI væri örugglega orðið gjaldþrota núna með tilheyrandi fjárhagstjóni fyrir Orkuveituna, enda séu gamli Glitnir og FL Group, sem stóðu að mestu á bak við Geysir Green Energy, að mestu horfin af sjónarsviðinu. GGE virðist þó enn lifa þokkalegu lífi í dag eins og fréttir bera með sér. Hluti OR



ÞINGAÐ UM REI Borgarstjórnarhópur Sjálfstæðisflokksins útskýrir sína hlið á REI-málinu á blaðamannafundi. Hart var deilt um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í REI hefði ekki orðið fyrir neinum skaða vegna bankahrunsins, enda enginn sýnt fram á það. Það er einnig klassísk bábilja að með sameiningunni hefðu menn verið selja „stóran hluta úr Orkuveitu Reykjavíkur“ eða að selja „auðlindir Orkuveitunnar og almennings“. Og loks hefur það verið lífseig firra að „einkaréttarklásúla“ samningsuppkastsins hefði valdið Orkuveitunni ómældu fjárhagslegu tjóni.

*Sú fjölmiðlaumfjöllun sem ég gerði að umtalsefni í upphafi þessa máls kann að þjóna pólitískum hagsmunum einstakra aðila sem telja sig þurfa að ryðja öðrum úr vegi – með góðu eða illu, réttu eða röngu. En hún er jafn lítilmótleg og hún er ómálefnanleg.*

**Fjárhagsstaða REI og bankahrun**

Hefði sameiningin gengið eftir hefði orðið til öflugt íslenskt þekkingarfyrirtæki á sviði jarðvarmavirkjana, en í dag virðist framboð erlendra fjárárfestingarfyrirtækja einna helst beinast að slíkum fyrirtækjum. Þó er ljóst að í dag eru aðstæður þeirra fyrirtækja sem vilja hyggja að byggingu jarðvarmafyrirtækja, bæði hérlendis og erlendis, erfiðari en oft áður.

Ein af forsendum sameiningarinnar kvað á um að hið sameiginlega félag færi á alþjóðlegan hlutabréfamarkað í fyrsta lagi árið 2009. Hlutur Orkuveitunnar átti samkvæmt samningsuppkasti að vera sex milljarðar í peningum og eignum REI, m.a. Enex, um níu milljarðar með hlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja, og tíu milljarðar í óefnislegum framlögum á borð við sérþekkingu og vörumerki.

Frá þeim tíma sem liðinn er frá því sameiningin átti að eiga sér stað er ekki með neinum rökum hægt að staðhæfa að sameining félaganna hefði valdið REI/OR fjárhagslegum skakkaföllum, þótt bankahrunið hefði vissulega haft áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækisins eins og á við um nánast öll íslensk fyrirtæki í dag.

Ef einstaka hluthafar í félaginu yrðu gjaldþrota eða færu í greiðsluþrot færi hlutur þeirra í félaginu til gjaldþrotabúsins eða til meðferðar lánardrottna. Eignarhluturinn væri þá seldur til annarra hluthafa eða nýrra aðila eftir því sem verkast vildi.

Gjaldþrot einstakra hluthafa í REI ættu að öllu jöfnu að hafa óveruleg áhrif á starfsemi félagsins eða fjárhagsstöðu annarra hluthafa, enda ætti öllum að vera ljóst að hið sameinaða fyrirtæki ábyrgðist ekki skuldir þeirra aðila sem að stofnuninni stóðu.

**Orkuveita og auðlindir til sölu?**

Sú staðhæfing að með fyrirhugaðri sameiningu félaganna hefði borgarstjórn selt hluta af Orkuveitunni eða jafnvel auðlindum almennings, er vart svaravert. Engir þættir grunnstarfsemi Orkuveitunnar komu á nokkurn hátt til álita þegar rætt var um hugsanlega sameiningu REI og Geysis Green Energy. Allar eigur REI og Orkuveitunnar héldu fullu verðgildi sínu í hinu fyrirhugaða sameinaða félagi. Fyrir lá samkomulag eigenda um að allar breytingar á samþykktum þyrftu samþykki þriggja fjórðu hluta eigenda.

Að sjálfsögðu stóð aldrei til að einkavæða Orkuveituna og ekkert í þessu ferli gaf tilefni til að draga slíkar ályktanir. Undirritaður hefur allt frá því hann varð borgarfulltrúi árið 1982 lýst því yfir að Hitaveita, Rafmagnsveita og Vatnsveita og síðar Orkuveita Reykjavíkur yrðu alls ekki einkavædd. Mikilvægasta viðfangsefni Orkuveitunnar er að tryggja Reykvíkingum nauðsynlegt öryggi í grundvallarþjónustu fyrirtækisins, sem er að útvega viðskiptavinum sínum rafmagn, heitt og kalt vatn á hagstæðu verði. Þess vegna finnst mér þessar fullyrðingar nokkuð sérkennilegar, þar sem ég hef ávallt barist fyrir því að Orkuveitan og orkulindir Reykvíkinga yrðu ávallt í eigu okkar Reykvíkinga. Í mínum huga hefur aldrei staðið til að einkavæða Orkuveituna. Ef einhverjir stjórnmálaandstæðingar mínir þurfa að leggjast svo lágt að fullyrða slíkt um mig, þá verði þeim að góðu.

**Var „einkaréttarklásúlan“ afleikur?**

Því hefur oft verið haldið fram að fulltrúar REI og Orkuveitunnar hafi samið af sér með „einkaréttarklásúlu“ samningsins sem þá hafi valdið Orkuveitunni miklum búsifjum og gert hana að viljalausu verkfæri auðjöfra. Skoðum málið.

Í samningnum var gert ráð fyrir að Orkuveitan legði vörumerki sitt að mörkum og jafnframt sérþekkingu til hins nýja félags næstu tuttugu árin. Auk þess var kveðið á um að Orkuveitan beindi öllum verkefnum sínum utan Íslands til REI á þessu tímabili. Þetta framlag Orkuveitunnar og einkaréttur hins nýja félags á verkefnum sem henni byðust erlendis var metið á tíu milljarða. Auk þess var kveðið skýrt á um það í samningnum að Orkuveitan fengi að sjálfsögðu fulla greiðslu í hverju tilfelli fyrir sig fyrir þá sérfræðiaðstoð sem hún innti af hendi fyrir hið nýja félag.

Stofnun REI var í fullu samræmi við þau markmið sem stjórn Orkuveitunnar og borgarstjórn setti sér með stofnun REI þann 7. mars 2007, þ.e. að nýta betur sérþekkingu Orkuveitunnar við margvísleg erlend verkefni, en halda henni jafnframt frá beinni þátttöku í erlendum áhættuverkefnum. Það segir sig svo sjálft að Orkuveitan, sem væri stór aðili að útrásarfyrirtæki, myndi beina erlendum verkefnum sínum til þess en sjálf ekki taka neina áhættu.

Ef hið nýja félag hefði hins vegar ekki áhuga á slíkum erlendum verkefnum gæti Orkuveitan hæglega samið við önnur félög um erlendar orkuframkvæmdir enda stóð aldrei til að Orkuveitan sjálf væri beinn þátttakandi í slíkum verkefnum. Enginn hefur hingað til fært rök fyrir því að þessi samningsákvæði hefðu valdið Orkuveitunni tjóni. Hún afsalar sér að vísu beinni þátttöku í erlendum virkjunarframkvæmdum, en til þess var leikurinn einmitt gerður í upphafi.

**Ávallt staðið vörð um Orkuveituna**

Lengi mætti halda áfram að tína til rangfærslur, misskilning og sleggjudóma sem sérstaklega ákveðinn fjölmiðill er fyrir löngu búin að gera að „almannarómi“ í REI-málinu.

Það eru í raun hrein öfugmæli að því skuli haldið fram að fyrir m.a. tilstuðlan mína væri verið að „selja hluta af eigum Orkuveitunnar“ eða að „afsala auðlindum hennar“ í hendur auðmanna, því líklega er leitun að þeim borgarfulltrúa sem oftar hefur heitið því að standa vörð um grunnstarfsemi Orkuveitunnar sem almenningseign. Og við það hef ég staðið.

Það er hins vegar ekki heiglum hent að kljást við fjölmiðlaumfjöllun sem tekur upphrópanir, æsifréttir og pólitíska sérhagsmuni fram yfir yfirvegaða afstöðu og þá „sérvisku“ Ara fróða – að hafa það sem sannara reynist

Sú fjölmiðlaumfjöllun sem ég gerði að umtalsefni í upphafi þessa máls kann að þjóna pólitískum hagsmunum einstakra aðila sem telja sig þurfa að ryðja öðrum úr vegi – með góðu eða illu, réttu eða röngu. En hún er jafn lítilmótleg og hún er ómálefnaleg. Og á endanum vegur hún að rótum siðaðs samfélags – rótum skynseminnar, sanngirninnar og lýðræðislegra stjórnarhátta.

Þegar rykið er sest er líklegt að rifjað verði upp hlutverk þeirra einstaklinga, sem hæst létu í umræðunni um REI og Orkuveitu Reykjavíkur á sínum tíma, í borgarstjórn og fjölmiðlum. Ljóst er að allir þátttakendur í þessu svokallaða REI-máli munu leggja sig fram um að skýra frá þessu sérstaka máli á afar skilmerkilegan hátt. Undirritaður ætlar ekki að þessu sinni að rifja upp framgöngu einstakra aðila í þessu máli, en mun gera það ef tilefni gefst.

*Höfundur er forseti borgarstjórnar.*



# KRÓNAN




KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Fæst aðeins í Krónunni

# Lindir & Selfossi




# Lindum og Krónunni Selfossi



# Fiskislóð 31 - Til leigu

Vel staðsett atvinnuhúsnæði neðst á Fiskislóð við sjávarsíðuna. Til afhendingar í október og nóvember. Húsið er á tveimur hæðum með sex stigagöngum. Á efstu hæð eru inndregnar svalir með glæsilegum útsýnissvölum. Eignarhlutar eru 24. Hægt er að leigja einn eða fleiri eignarhluta.

- Rýmin eru í þremur stærðum: 110 fm, 160 fm og 210 fm.
- Fjölbreyttir notkunarmöguleikar.
- Leigjendur geta komið að hönnun innra skipulags.
- Húsnæðið afhendist tilbúið sem opið rými.
- Hægt er að stúka rýmin niður í skrifstofur og fundarherbergi allt eftir óskum leigutaka.
- Frábær staðsetning.
- Hagstæð leiga.
- Einstakt útsýni.

Upplýsingar veitir Steinarr Logi í síma 842 0402, netfangsteinarr@northbygg.is



Orkuveita Reykjavíkur

# Styrkur til náms í verkfræði eða tæknifræði

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir **styrk til kvenna** sem stunda eða hyggjast hefja nám í verkfræði eða tæknifræði, greinum sem konur eru í miklum minni hluta í og tengjast kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkþegum býðst sumarstarf hjá Orkuveitu Reykjavíkur meðan á námi stendur.

Umsóknum ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, **www.or.is/styrkir** fyrir **14. september**. Nauðsynlegt er að upplýsingar um náms- og starfsferil, ásamt staðfestingu á skráningu í nám, fylgi með. Nánari upplýsingar um úthlutun styrksins eru á vef OR.

Orkuveita Reykjavíkur er jafnréttismiðað fyrirtæki sem hefur markvisst unnið að því að fjölga konum á þeim starfssviðum þar sem þær hafa verið í minni hluta. Konur eru nú innan við þriðjungur starfsmanna og árangurinn af jafnréttisstarfi innan fyrirtækisins hefur verið góður þar sem hlutfall kvenna hefur aukist á síðustu árum.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46965 08.2009



• Jafnrétti er í hávegum haft í öllum störfum Orkuveitu Reykjavíkur. www.or.is


# Síbrotamenn á sviði ærumeiðinga

UMRÆÐAN

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um dómsmál



VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Frá 2. október 2008 til 18. júní 2009 gengu sjö dómar í Hæstarétti Íslands og Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Birtíngur útgáfufélag ehf., eða blaðamenn félagsins og tengdra félaga, voru dæmdir til greiðslu miskabóta fyrir ærumeiðingar, brot gegn friðhelgi einkalífs eða ólögmætar myndbirtingar. Hér er því um að ræða sjö dóma fyrir hegningarlagabrot á tæplega níu mánaða tímabili. Dómarnir eru fleiri, en hér er látið nægja að fjalla um þau mál sem varða skjólstæðinga undirritaðs lögmanns. Hér ber að halda því til haga að fjöldi vandaðra blaðamanna starfar hjá Birtíngi og er í grein þessari ekki verið að fjalla um þeirra störf.

### Er við dómstóla að sakast?

Eitt þessara mála er svokallað „Vikumál“ þar sem ummæli sem viðhöfð voru um nafngreindan einstakling voru dæmd dauð og ómerk og blaðamaður Birtíngs dæmdur til greiðslu miskabóta. Nú hafa Birtíngur og viðkomandi blaðamaður ákveðið að skjóta niðurstöðu Hæstaréttar til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg. Kæran til Strassborgar er sett fram með tilstyrk Blaðamannafélags Íslands, sem hefur meðal annars fært þau rök fyrir stuðningi sínum að íslenskir dómstólar hafi ekki sýnt fjölmiðlum nægan skilning í dómsmálum þar sem reynir á rétt fjölmiðla til að taka við og miðla áfram upplýsingum um umdeild þjóðfélagsmálefni. Er það rétt? Ef svo er þá hlýtur það að vera umhugsunarefni af hverju sífellt er verið að dæma blaðamenn Birtíngs og tengdra félaga fyrir meiðyrði en ekki aðra. Er ekki við einhvern annan að sakast en íslenska dómstóla?

### Sjö dómar á níu mánuðum

Þegar ofangreindir sjö dómar þar sem Birtíngur eða blaðamenn félagsins og tengdra félaga hafa verið dæmdir fyrir hegningarlagabrot eru skoðaðir kemur í ljós að þar er í fæstum tilvikum verið að taka á mikilvægum þjóðfélagsmálum. Þvert á móti. Í byrjun október 2008 voru ummæli sem blaðamaður Séð og heyrt viðhafði þess efnis að tiltekinn einstaklingur borgaði ekki skuldirnar sínar og stæði ekki við gerða samninga dæmd dauð og ómerk í Hæstarétti. Í nóvember 2008 voru Birtíngur og blaðamaður Séð og heyrt dæmdir til refsingar í héraði fyrir að stela myndum af vefsvæði. Í byrjun mars 2009 var blaðamaður Vikunnar dæmdur fyrir meiðyrði í Hæstarétti fyrir ásakanir í garð tiltekins aðila um refsiverða háttsemi sem enginn fótur var fyrir. Um miðjan mars 2009 var Birtíngur aftur dæmdur til refsingar í héraði vegna myndastuldar af vefsvæði. Í lok apríl 2009 voru tveir blaðamenn Birtings, sem nú ritstýra DV og Nýju lífi, dæmdir í Hæstarétti fyrir meiðyrði og gert að greiða miskabætur vegna ásakana í garð nafngreinds aðila um refsiverða háttsemi. Í byrjun júní 2009 var fyrrverandi blaðamaður DV dæmdur í héraði fyrir ærumeiðingar og gróft brot gegn friðhelgi einkalífs með því að hafa í umfjöllun sinni í DV skírskotað á ýkjukenndan og einkar óviðfelldinn hátt til andlegra veikinda nafngreinds einstaklings eins og segir í niðurstöðu dómsins. Um miðjan júní 2009 var síðan sami blaðamaður aftur dæmdur í héraði fyrir meiðyrði og brot gegn friðhelgi einkalífs með því að hafa ásakað nafngreindan einstakling um refsiverða háttsemi sem og fyrir að hafa fjallað um viðkvæm persónuleg málefni mannsins í opnugreinum í DV.

### Þrettán ára fórnarlamb Birtíngs

Og enn ný höggva blaðamenn Birtíngs í sama knérunn, en nýjasta fórnarlamb útgáfunnar er þrettán ára gömul stúlka og fjölskylda hennar, en í 30. tbl. Vikunnar 2009, sem kom út 30. júlí sl., er dróttað að æru stúlkunnar og föður hennar og brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra. Í umfjölluninni veltir Vikan sér upp úr viðkvæmum og persónulegum málefnum stúlkunnar s.s. ættleiðingu, andláti móður hennar, meintri andlegri vanlíðan, kallar stúlkuna Öskubusku og birtir af henni þrjár myndir án hennar samþykkis. Faðir stúlkunnar er síðan sakaður um barnsrán, vörslur á barnaklámi, misnotkun á börnum og andlegt líkamlegt ofbeldi gagnvart dóttur sinni og látinni fyrrverandi eiginkonu. Að auki fjallar Vikan á óviðfeldinn hátt um viðkvæm persónuleg málefni mannsins, s.s. skilnað hans og fyrrverandi eiginkonu hans, forræðisdeilu við fjölskyldu hennar, ættleiðingu dóttur hans o.fl. Það er skemmst frá því að segja framangreindar ásakanir eru upplognar eins og blaðamenn Birtíngs hefðu komist að hefðu þeir hirt um að hafa samband við fólkið og fá viðbrögð við fréttinni.

*Ef svo er þá hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir Birtíng og Blaðamannafélag íslands af hverju það er sífellt verið að dæma blaðamenn Birtíngs og tengdra félaga fyrir meiðyrði, en ekki aðra fjölmiðla og blaðamenn þeirra.*

Hér gerast blaðamenn Birtíngs enn á ný sekir um ærumeiðandi aðdróttanir um alvarlega refsiverða háttsemi og gróf brot gegn friðhelgi einkalífs saklauss fólks. Hver eru hin umdeildu og mikilvægu þjóðfélagsmálefni sem Vikan er að fjalla um hér? Er ekki rétt að Birtíngur og Blaðamannafélag Íslands svari þeirri spurningu áður en lagt er af stað til Strassborgar.

*Höfundur er héraðsdómslögmaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is . Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



# Norræn velferðarlögregla

**UMRÆÐAN**

Runólfur Þórhallsson skrifar um löggæslumál

Sumarið 1988 réð ég mig í vinnu hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík sem sumarafleysingamaður. Ég var þá lögreglumaður nr. 244. Eyjólfur heitinn Jónsson sundkappi var lögreglumaður nr. 9. Þetta þýddi að almennir lögreglumenn voru rúmlega 200. Í Kópavoginum starfaði RLR, Rannsóknarlögregla ríkisins. Þar voru 42 stöðugildi rannsóknarlögreglumanna árið 1990. Á lögreglustöðinni í Kópavogi unnu tugir lögreglumanna á vöktum við almenna löggæslu, sömu sögu var að segja um lögregluna í Hafnarfirði. Á þessum árum voru fjórar vaktir með rúmlega 30 lögreglumönnum á hverri vakt í Reykjavík einni. Til viðbótar þeim liðsstyrk voru lögreglumenn á hverfisstöð í Árbænum, í miðbænum og Seltjarnarnesi. Umferðardeildin átti 10 lögreglubifhjól auk lögreglubíla. Einnig voru gerðir út 4 þjóðvegaeftirlitsbílar á þessum árum. Hátt í 30 lögreglumenn störfuðu þar á vöktum. Ekki þarf að fjölyrða um stöðuna í dag. Fjölmiðlar hafa greint frá því að allt niður í 13 lögreglumenn hafi verið á vakt á svæði sem spannar frá Hvalfirði út fyrir álverið í Straumsvík. Starfsumhverfi þessara fáu lögreglumanna hefur líka gjörbreyst. Auk þess sem glæpaheimar eru orðnir skipulagðari með erlendum áhrifum hefur einnig mikil harka færst í vöxt og lögreglumenn verða æ oftar fyrir árásum. Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig dafnað vel.

**Krefjandi starf**

Frá árinu 1991 hefur löggjafarvaldið unnið ötullega að því að lögleiða miklar réttarbætur fyrir afbrotamenn. Réttarstaða þeirra hefur með mörgum lagabreytingum styrkst verulega og hefur það leitt til þess m.a. að rannsóknir brotamála eru mun vandaðri en áður fyrr. Að sama skapi eru þær mun kostnaðarsamari. Þær taka lengri tíma, öflun og meðhöndlun sönnunargagna verður sífellt flóknari, meiri mannskap og tæki þarf til að fullrannsaka mál þannig að þau verði boðleg fyrir ákæruvaldið. Þetta er af hinu góða fyrir réttarríkið en hefði eðlilega átt að verða til þess að lögreglan hefði úr meiri mannafla, tækjakosti og fjárveitingum að spila. Starfið, útköllin og kröfur um sér- og fagþekkingu, skilvirkni og margt fleira hefur gjörbreyst á fáum árum. Það sem hefur ekki breyst er sú staðreynd að almennir lögreglumenn sinna einu mest krefjandi starfi sem þekkist.

Helgarnæturvakt almenns lögreglumanns getur auðveldlega hljómað einhvern veginn svona: Umferðarslys, 5 útköll vegna slagsmála í miðbænum þar sem fúkyrði, hótanir og ögranir dynja látlaust á lögreglumönnum af ofurölvi og útúrdópuðum einstaklingum, 2 hávaðaköll, annað þeirra leysist upp í slagsmál við ofurölvi húsráðanda, gestirnir taka slagsmálin upp á síma og birta á youtube = Lögguofbeldi. En lögreglumaðurinn má ekki slasa viðkomandi, það gæti kostað hann starfið, hann fékk kennslu í Lögregluskólanum en hefur ekki fengið neina viðhaldskennslu, þjálfun né æfingar í handtökuaðferðum síðan, hann þarf að hugsa um meðalhófsregluna, að beita ekki meira valdi en þörf er á hverju sinni. Mótaðili lögreglumannsins hins vegar gerir oft á tíðum allt sem í hans valdi stendur til að sýna mótþróa. Því er það öruggara fyrir lögreglumennina og mótaðilann að sem flestir komi að handtökunni, það minnkar líkurnar á meiðslum. Þetta lítur ekkert vel út á youtube. Lögreglumaðurinn er að reyna að taka tök sem honum voru kennd, oftast nær kemst hann að því að þau duga ekki og því er gripið til annarra ráða. Þekkingar- og skilningsleysi á þessum staðreyndum er lögreglumönnum oft á tíðum þungbært og eina ráðið til þess að skilja hvað við er að eiga er að benda fólki á að prófa sjálft að taka einhvern höndum, án þess að meiða hann né beita fantabrögðum, á meðan mótaðilinn er ekki bundinn af neinum leikreglum. Gjörið svo vel en farið varlega.



RUNÓLFUR ÞÓRHALLSSON

**Löggæsla ein af grunnstoðunum**

Löggæsla í dag er verkefni sem þarf að leysa sómasamlega af hendi. Ef öryggistilfinningu fólks er misboðið og það fær á tilfinninguna að réttarríkið virki ekki sem skyldi þá eru undirstöður þjóðfélagsins okkar við það að bresta. Það gera allir kröfu um réttlæti. Það hafa allir réttlætistilfinningu, mismunandi sterka þó. Löggæsla á margan hátt tengist réttlæti órjúfanlegum böndum. Hæfir lögreglumenn, sem búa við gott starfsumhverfi, góð launakjör, öflugt starfsmenntakerfi og skilningsríkt fjárveitingavald, eru einkar heppilegir og verðugir fulltrúar réttlætis.

Draumurinn um norrænt velferðarsamfélag sem Jóhanna og Steingrímur vilja reisa úr rústum ofurfrjálshyggjunnar er best byggður upp með réttlætið að leiðarljósi. Sterkasta undirstaða þess samfélags sem við viljum í framtíðinni er því öflug löggæsla, vel skipulögð, skipuð hæfum einstaklingum sem vinna í þágu borgaranna.

Í dag standa embættismenn, stjórnmálamenn og yfirmenn lögreglu frammi fyrir einstöku tækifæri. Þeim gefst tækifæri til þess að taka Jóhönnu og Steingrím á orðinu og búa til öfluga stofnun. Lögregluna á Íslandi. Norræna velferðarlögreglu. Hljómar vel, ekki satt? Einu tækifæri hefur þegar verið klúðrað, nú ber okkur skylda til að vanda mjög vel til verka og byggja lögregluna upp frá grunni. Byrja neðan frá að þessu sinni. Tryggja það að löggæslan á götunni sé örugglega það sem mestu máli skiptir fyrir land og þjóð. Ekki að finna pláss í skipuriti fyrir alla yfirmennina. Það eru almennir lögreglumenn sem tryggja öryggið og réttlætið.

Öflugur lögregluskóli sem getur boðið umsækjendum sínum upp á krefjandi en vel launað starf laðar að sér hæfa einstaklinga. Öflug „Lögregla Íslands“ getur boðið þessum hæfu einstaklingum upp á fjölbreytt og krefjandi starf svo lengi sem yfirmenn hafa í huga að þeirra hlutverk er að tryggja að starfsumhverfið sé í lagi. Þessi stofnun leggur grunninn að því norræna velferðarsamfélagi sem ég vona innilega að hafi ekki verið innantómt kosningaloforð.

*Höfundur er lögregluvarðstjóri.*



# Skuldir heimilanna

**UMRÆÐAN**
Kjartan Broddi Bragason skrifar um skuldir heimilanna

Fyrir einhverjum vikum varpaði ég fram nokkrum spurningum til Seðlabanka Íslands um skuldastöðu innlendra heimila. Ein af þessum spurningum var hver staða þeirra væri í alþjóðlegu samhengi. Einhverjar tafir hafa orðið á svörum hjá þessari ágætu stofnun. Ég hef því ákveðið að birta þær upplýsingar sem ég hef getað aflað mér í gegnum ýmsa erlenda gagnagrunna á einni kvöldstund eða tveim. Rétt er að árétta að undirliggjandi gögn eru frá árabilinu 2003–2009.

Umfjöllunin er alls ekki tæmandi og í mörgum tilfellum eru þær grunntölur sem notaðar eru til að búa til þær myndir sem hér koma fram lesnar af gröfum og gefa því aðeins mjög grófa mynd af undirliggjandi frumheimildum og (jafnvel) þeim skilgreiningum sem á bak við þær geta legið. Þessar upplýsingar gefa hins vegar vísbendingu um raunskuldastöðu innlendra heimila í alþjóðlegu samhengi.

Það sem hagfræðingar almennt skoða þegar skuldastaða heimilanna er rannsökuð eru einkum þrír þættir:

- Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum
- Hve hátt hlutfall ráðstöfunartekna er notað til að greiða afborganir og vexti á ári
- Skuldir sem hlutfall af eignum (fasta- og lausafjármunum ásamt fjármálalegum eignum)

Almennt má segja um þessa þætti að þeim mun lægri sem skuldirnar eru sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, þeim mun betri er efnahagur heimilanna og þeim mun betur eru þau í stakk búin til að takast á við fjárhagsleg áföll. Annar þátturinn segir síðan eitthvað til um samhengið á milli fjölda afborgana og vaxtastigs – þar sem greiðslubyrði heimilanna er samansett úr annars vegar afborgunum og hins vegar vaxtagreiðslum þarf – í akademískri rannsókn – að skoða bæði lánstíma, vaxtastig lánanna og aldurssamsetningu þjóðarinnar ásamt hlutfalli heimila sem eru fasteignaeigendur. Ég mun ekki fjalla um þriðja þáttinn í þessum pistli en tel að alþjóðlegur samanburður á þeim þætti sé mjög ólíklega íslenskum heimilum í hag.




Fyrri myndin segir okkur að innlend heimili skuldi að meðaltali ríflega tvö- til þrefalt meira en önnur (vestræn) heimili sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eða sem svarar um fjórföldum ráðstöfunartekjum.




Seinni myndin segir okkur að greiðslubyrði innlendra heimila sé um það bil tvöfalt meiri en hjá öðrum (vestrænum) þjóðum eða að um 30–35% af ráðstöfunartekjum fer í að þjónusta þær skuldir sem hvíla á heimilum landsins að meðaltali. Sé tekið tillit til að vextir eru hærri hér en víðast hvar annars staðar verður myndin enn svartari (gefið að lánstími sé álíkur). Lítill hluti greiðslnanna fer þá í að borga niður höfuðstól lánsins en yfirgnæfandi hlutfall af heildargreiðslubyrðinni fer í vaxtagreiðslur. Eignamyndun er því mun seinna á ferðinni.

Innlend heimili geta ekki staðið undir slíkri skuldsetningu í ljósi þess að kaupmáttur hefur dregist hratt saman og ekkert bendir til að hann muni vaxa svo neinu nemi á allra næstu árum. Þetta getur ekki verið viðvarandi ástand nema ef við ætlum að dragast langt aftur úr neyslumynstri annarra (vestrænna) þjóða. Ungt og efnilegt fólk mun hins vegar ekki sætta sig við slíkt nema hér rísi „Berlínarmúr" umhverfis landið. Stjórnvöld – þó vinstrisinnuð séu – hafa ólíklega áhuga á slíku ástandi.

Eigi að afstýra fólksflótta, fjöldagjaldþrotum og meðfylgandi félagslegum vandamálum sem óhjákvæmilega fylgja slíkum breytingum þarf að laga skuldastöðu að greiðslugetu heimilanna. Í því samhengi er aðeins um eina raunhæfa leið að ræða – lífeyrissjóðir landsmanna verða að koma að því samningaborði. Lausnin á þessu vandamáli krefst þess að eignir Íbúðalánasjóðs, húsnæðis- og bílaskuldir í eigu bankanna og eignarleigufyrirtækja sem og eignir lífeyrissjóðanna (sem stór eigandi að Íbúðabréfum og lífeyrissjóðslánum) verði niðurskrifaðar um hundruð milljarða króna. Þá mætti hugsanlega skoða hugmynd Sjálfstæðisflokksins – um skattlagningu inngreiðslna lífeyris – sértækt og þá til hjálpar illa stöddum heimilum eða hugmynd Framsóknarflokksins um flatan 20% niðurskurð. Aðkoma lífeyrissjóðanna verður hins vegar ekki umflúin.

Staða heimilanna verður ekki leyst sem einhver afgangsstærð í því efnahagsástandi sem nú ríkir. Það er nú einu sinni svo að almenn eftirspurn eftir vöru og þjónustu – grunnforsenda í rekstri allra fyrirtækja og þar með atvinnustigi á landinu – er að miklu leyti háð fjárhagslega heilbrigðum heimilum.

*Höfundur er hagfræðingur. Heimildir: OECD, IMF, Seðlabanki Evrópu, Seðlabanki Bandaríkjanna, Monthly Bulletin ECB – apríl 2009, Seðlabanki Íslands, Seðlabankar Norðurlandanna ásamt erlendum tímarits- og blaðagreinum. Mat höfundar á einstökum þáttum.*

# Blygðunarsemi og nauðganir

**UMRÆÐAN**
Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann skrifar um kynbundið ofbeldi



ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR BACHMANN

Í maí sl. var íslensk kona blekkt til kynmaka þar sem hinn brotlegi læddist upp í rúm til hennar, notfærði sér að mökin fóru fram í myrkri og að konan skyldi telja hann vera annan mann sem hún hafði áður átt kynferðislegt samneyti við. Samkvæmt lýsingu brotaþolans voru mökin búin að standa yfir í nokkrar mínútur þegar maðurinn sneri sér að henni og blasti þá við henni „glott og ekki sama andlitið" eins og hún orðaði það í skýrslu fyrir dómi.

Eins og gefur að skilja var þetta gríðarlegt áfall fyrir konuna, sem lét kalla lögreglu á staðinn, leitaði til Neyðarmóttöku vegna nauðgana og lagði í kjölfarið fram kæru. Þann 21. júlí sl. var maðurinn sakfelldur og hlaut hann sex mánaða dóm fyrir blygðunarsemisbrot (brot gegn 209. gr. hegningarlaganna) þrátt fyrir að konan hefði fyrst og fremst kært manninn fyrir nauðgun, en blygðunarsemisbrot til vara. Þungamiðjan í nauðgun er brot gegn kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétti brotaþolans, en það gefur augaleið að brotaþoli sem er blekktur til kynmaka er sviptur tækifærinu til að nýta sjálfsákvörðunarrétt sinn sem skyldi. Kynmök án upplýsts samþykkis beggja aðila hljóta að teljast mun alvarlegra mál en blygðunarsemisbrot. Staðan hefur þó ekki ávallt verið svona.

Fram til vorsins 2007 voru ákvæði í íslenskum lögum sem vernduðu fólk gegn kynferðisbrotum sem framin voru undir formerkjum sams konar svika og í áðurnefndu máli. Þetta ákvæði var að finna í 199. gr. hegningarlaganna, en refsinæmi háttseminnar byggðist á því að samþykki til kynmakanna er ekki fengið með eðlilegum hætti heldur með blekkingum. Hámarksrefsing við þessu broti var sex ára fangelsi. Tveir dómar hafa fallið hérlendis þar sem reyndi á þetta ákvæði. Í báðum málunum, H 1943:167 og H 1996:3030, höfðu ákærðu samræði við konur, sem þeir komu að þar sem þær lágu sofandi í rúmi, önnur þeirra með unnusta sinn sér við hlið, en hin í eigin hjónarúmi. Höfðu ákærðu samræði við konurnar, sem héldu til að byrja með að þær væru að hafa samræði við maka sína. Málið frá því í maí síðastliðnum er því ekki einsdæmi og eflaust eru brot af þessu tagi framin reglulega án þess að þau komi til kasta yfirvalda. Hins vegar kom í ljós að alvarlegur missir er að blekkingarákvæðinu úr kynferðisbrotakafla hegningarlaganna.

Vorið 2007 voru breytingar á kynferðisbrotakaflanum samþykktar á Alþingi. Í drögum að nýja frumvarpinu segir um áðurnefnt blekkingarákvæði: „Svo sem sjá má er ákvæði þetta mjög sérkennilegt og ekki mjög raunhæft að á það reyni." Rökstuðningurinn fyrir að afnema blekkingarákvæðið var að helst gæti reynt á það ef brotaþolinn væri geðsjúkur, þroskaheftur eða sofandi. Þá myndi 2. málsgrein 194. greinar hegningarlaganna fullnægja refsinæmisskilyrðum, en þar segir að það teljist einnig nauðgun að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur

*Brottnám blekkingarákvæðisins hjó skarð í réttarstöðu brotaþola sem verða fyrir jafn mannskemmandi lífsreynslu og áðurnefnd kona.*

kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Hámarksrefsing við slíku nauðgunarbroti er sextán ára fangelsisvist, en refsing við blygðunarsemisbroti er sex mánaða fangelsisvist ef brotið er smávægilegt, sem það virðist af einhverjum ástæðum hafa talist í umræddu máli. Dómararnir féllust ekki á að brotið félli undir 2. málsgrein 194. greinar, og var þetta að vissu leyti prófmál á nýju lögin. Í ljós kom að þau vernda ekki brotaþola sem blekktir eru með áðurnefndum hætti. Brottnám blekkingarákvæðisins hjó skarð í réttarstöðu brotaþola sem verða fyrir jafn mannskemmandi lífsreynslu og áðurnefnd kona. Þótt yfirvöldum hafi þótt bæði sérkennilegt og óraunhæft að fólk geti verið blekkt til kynmaka blasir við að slíkt á sér þó stað. Mikilvægt er að það endurspeglist í lagabálkinum, svo hægt sé að dæma fyrir slík brot með viðeigandi hætti.

*Höfundur er áhugakona um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.*

Orkuveita Reykjavíkur

Styrkur til iðnnáms eða náms í vélfræði (vélstjórnun)

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir **styrk til kvenna** sem stunda eða hyggjast hefja nám í einni af eftirfarandi greinum: Vélfræði/vélstjórnun, rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum. Styrkþegum býðst sumarstarf hjá Orkuveitu Reykjavíkur meðan á námi stendur.

Umsóknum ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, **www.or.is/styrkir** fyrir **14. september**. Nauðsynlegt er að upplýsingar um náms- og starfsferil ásamt staðfestingu á skráningu í nám fylgi með. Nánari upplýsingar um úthlutun styrksins eru á vef OR.

Orkuveita Reykjavíkur er jafnréttismiðað fyrirtæki sem hefur markvisst unnið að því að fjölga konum á þeim starfssviðum þar sem þær hafa verið í minni hluta. Konur eru nú innan við þriðjungur starfsmanna og árangurinn af jafnréttisstarfi innan fyrirtækisins hefur verið góður þar sem hlutfall kvenna hefur aukist á síðustu árum. Minnst hefur þó orðið ágengt við að fjölga konum í iðn- og vélfræðistörfum innan fyrirtækisins.



• Jafnrétti er í hávegum haft í öllum störfum Orkuveitu Reykjavíkur. www.or.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46965 08.2008

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
auglýsir innritunardaga

Innritun í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts verður í Breiðholtsskóla miðvikudag 26. og fimmtudag 27. ágúst, kl.17 - 19 báða dagana.

ATH! Notið ekki aðalinngang heldur inngang að íþróttahúsi skólans.

Skólastjóri



**Á SKRAFI** Sigurð Guðmundsson og Heiðu Birgisdóttur þekkja flestir einfaldlega sem Sigga í Hjálmum og Heiðu í Nikita. Þau þekktust ekki áður en þau settust á rökstóla Fréttablaðsins en voru ekki lengi að smella saman og stofna til óformlegs viðskiptasambands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í rastalituðum glansgöllum

Fatahönnuðurinn **Heiða Birgisdóttir** væri til í að spila reggí með strákunum í Hjálmum. **Sigurður Guðmundsson** segist haldinn of alvarlegum athyglisbresti til að geta haft skoðun á klæðnaði annarra. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** komst að því að á rökstólapar vikunnar er sammála um að óskipulag í réttu magni sé nauðsynlegt skapandi fólki.

## Á RÖKSTÓLUM

**Sigurður:** „Heyrðu, sástu fyrsta þáttinn um hana Ástríði?“
**Heiða:** „Nei, hvaða þáttur er það?“
**Sigurður:** „Nýr sjónvarpsþáttur á Stöð 2. Fyrsti þátturinn var ógeðslega fyndinn. Ilmur Stefánsdóttir leikur stelpu sem elst upp í Danmörku hjá mömmu sinni sem er Kristjaníuhippi. Hún fær nóg af því og flytur til Íslands til að fara að vinna hjá fyrirtæki í fjármálageiranum. Þetta var tekið upp fyrir hrun. Fólk var hálfstressað yfir því hvernig þetta myndi fara í landann. En þetta á svo innilega vel við núna.”
**Heiða:** Ég verð að sjá þetta. Annars er ég ömurleg þáttamanneskja. Ég hef aldrei fylgst með neinum þætti í sjónvarpinu, ekki Friends og ekki Sex and the City. Og svo er ég ekki með Stöð 2.”
**Sigurður:** „Ekki ég heldur. Ég er ekki einu sinni með loftnetið í sambandi. Ég myndi sennilega ekki vita ef þessum þáttum heldur nema af því við gerðum tónlistina fyrir þá. Það er svo mikið rugl í sjónvarpinu, raunveruleikaþættir sem allir byggja á sömu formúlunni. Annars las ég grein eftir Davíð Þór Jónsson í blaðinu um daginn, þar sem hann var að leggja til að senda út raunveruleikaþætti frá Alþingi. Ef alþingismenn standi sig ekki vel detti þeir út af þingi. Það fannst mér alveg frábær hugmynd. Ef þú mátt kjósa þá inn, af hverju máttu þá ekki kjósa þá út?”
**Heiða:** „Nákvæmlega!“

> Ókei, við getum kannski ekki alveg verið að blæða í flatskjá í hvert einasta herbergi, enda er það fokking fásinna að ímynda sér að lífið eigi að vera þannig

### Glansgallar í rastalitum

*Þekkist þið eitthvað eða hafið þið rekist eitthvað á hvort annað í gegnum tíðina?*
**Sigurður:** „Nei við þekkjumst ekki neitt. En ég veit ekki hvort þú manst eftir stelpu sem var að vinna hjá ykkur fyrir nokkrum árum sem var alveg rosalegt Hjálma-fan?“
**Heiða:** „Já, það hefur alveg örugglega verið Susan.“
**Sigurður:** „Einmitt. Einhvern tímann bjugguð þið til Atikin-peysur á okkur með nöfnunum okkar á erminni.“
**Heiða:** „Svona glansgallar í rastalitum? Við eigum mynd af ykkur uppstilltum eins og fótboltaliði í þessum göllum. Hún er geðveik.“
**Sigurður:** „Þessi stelpa fékk boð um að koma á tónleika hjá okkur og fékk að koma upp á svið til okkar. Hún skældi bara og skældi. Þetta var rosalega fyndið og furðulegt.“
**Heiða:** „Hún var ekkert smá ánægð með þetta. En ég man að okkur fannst tilvalið að þið yrðuð í þessum göllum. Þeir voru það fyrsta sem við gerðum í þessari Atikin-línu sem er svona lítil strákalína. Og ég hef oft séð ykkur í þessum göllum.”
**Sigurður:** „Já ég var oft í mínum.“

### Líf í flippskunkunum

**Heiða:** „En þú þekkir Ester, sem vinnur hjá okkur, er það ekki?“
**Sigurður:** „Ester Ýr? Jú. Hún er flippskunkur.”
**Heiða:** „Já, það er sko mikið líf í Ester. Það er reyndar mikið líf í öllu fólkinu sem er að vinna með mér.“
**Sigurður:** „Já er það ekki. Gengur þetta ekki bara vel?“
**Heiða:** „Jú, mjög vel, við erum á blússandi siglingu. Við erum til dæmis að fara að opna búð á Laugavegi 56 í september. Við ætlum einmitt að vera með svona snemmbúið opnunarpartí á Menningarnótt. Stór bakgarður fylgir húsinu sem við erum búin að vera að gera flottan. Þarna er verönd, hjólabrettarampur og stór veggur sem við ætlum að fá listamenn til að skreyta. Þetta verður stemning. Svo ætlum við að selja aðrar vörur í búðinni líka til að gera hana enn þá skemmtilegri. Skó, gleraugu, úr…“
**Sigurður:** „Hey, þá getið þið getið selt plötur frá útgáfufyrirtækinu okkar.“
**Heiða:** „Það væri mjög sniðugt. Við erum mjög opin fyrir því að selja tónlist í búðinni og ætlum að vera með tónleika og alls konar uppákomur í garðinum. Það væri gaman að fá ykkur einhvern tímann í það.“
**Sigurður:** „Já, það má örugglega að skoða það.”
**Heiða:** „Staffið yrði ánægt með það. Við hlustum nefnilega oft á ykkur í vinnunni. En hvernig datt ykkur annars í hug að fara að spila reggí á Íslandi?“
**Sigurður:** „Reggí á vel við Íslendinga, þótt við séum við fyrstu sýn ekki mjög áberandi reggífólk – ekki svört og með krullur í hárinu. Ég vil reyndar meina að það sé óteljandi margt skylt með þessum þjóðum, Jamaíkabúum og Íslendingum. Við fórum til Jamaíka til að taka upp plötu og heimildarmynd í vor og þar komst ég að þessu. Það er alveg vert horfa þangað yfir. Tékka til dæmis á á því hvernig Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór með Jamaíka.”
**Heiða:** „Og fer myndin ykkar eitthvað inn á þetta?”
**Sigurður:** „Nei, það er alveg meðvituð ákvörðun hjá okkur að vera ekki pólitískir. Það er mikilvægara fyrir okkur að búa til góða tónlist, þannig að fólk geti alla vega komið heim til sín og gleymt sér í því að hlusta. Þannig að myndin fjallar bara um upptökuferlið og heimamennina sem við fengum til að taka þátt í verkefninu. Það eru margir mjög skrautlegir karakterar þarna. Þú verður eiginlega að sjá þessa mynd. Hún er snilld.“

### Heimsyfirráð eða dauði

*Þið hafið bæði náð langt, hvort á sínu sviðinu. Stefnduð þið alltaf hátt eða eruð þið bara heppin?*
**Heiða:** „Já, maður verður að hafa háleit markmið. Annars ganga hlutirnir allt of hægt. Við til dæmis ákváðum strax að við ætluðum að verða alþjóðlegt brand. Maður þarf að vera ansi þrjóskur og trúa á sjálfan sig, því það er fullt af fólki á leiðinni sem segir að maður sé bara að bulla.“
**Sigurður:** „Þetta er þumalputtaregla sem er gott að hafa í gegnum lífið allt saman. Þú verður alltaf að stefna að einhverju. Þetta fylgir vissulega líka tónlistinni, þótt hljómsveitir hafi auðvitað misjafnlega langan líftíma og fleiri element spili inn í, spilla fyrir eða hjálpa til. Svo er heppni alltaf hluti af þessu.“
**Heiða:** „Og að vita hvenær þú þarft að vera á réttum stað á réttum tíma…“
**Sigurður:** „Í réttu fötunum! Það þýðir til dæmis ekkert að vera á Selfossi í Sirkusgallanum. En auðvitað eru markmið misjafnlega háleit. Við í Hjálmum fórum til dæmis aldrei af stað með það að markmiði að sigra heiminn. Við tókum þá ákvörðun í upphafi að vera íslensk hljómsveit og syngja á íslensku. Við áttuðum okkur alveg á því að það er erfitt

að selja alheiminum eitthvað sem er takmarkað af tungumálinu. En engu að síður ætluðum við alltaf að verða heimsfrægir á Íslandi.“

**Rassskelling ofalda grísssins**

*Hefur kreppan haft einhver óvænt áhrif á ykkar störf? Er eitthvað jákvætt í stöðunni?*

**Heiða:** „Kreppan á Íslandi hefur ekki bein áhrif á okkur sem fyrirtæki. Nær öll okkar starfsemi er í útlöndum, í dollurum og evrum. Höfuðstöðvarnar okkar eru bara hér og við borgum laun í íslenskum krónum. Það er allt og sumt.“

**Sigurður:** „Í fyrsta lagi er þetta náttúrlega engin kreppa, miðað við hvernig þetta var hérna fyrir seinna stríð. Þá var ekki til matur. Það er nóg til af mat og við eigum enn þá hreint vatn. Þetta er ekki svo slæmt. Ókei, við getum kannski ekki alveg verið að blæða í flatskjá í hvert einasta herbergi, enda er það fokking fásinna að ímynda sér að lífið eigi að vera þannig.“

**Heiða:** „Ég á ekki einu sinni einn flatskjá!“

**Sigurður:** „Áhrifin á þjóðina sem slíka eru eiginlega bara rassskelling fyrir ofalinn grísinn. Hættu nú að éta svona mikinn humar, farðu út í sólina og gerðu eitthvað af viti.“

**Heiða:** „Já, þetta hafði að mörgu leyti góð áhrif á fólk og var ákveðið spark í rassinn. Fólk virðist staldra við og hugsa aðeins meira um hlutina.“

**Sigurður:** „Kreatívitetið er orðið miklu meira. Sem er náttúrlega ekkert nema gott. Gluggapósturinn heldur alltaf áfram að koma. Skatturinn er alltaf á eftir þér. Það breytist ekkert. En ég græt ekki yfir glötuðum tækifærum því það er fyrst núna sem tækifærin eru að myndast. Við snúum okkur bara út úr þessu. Það eina sem er auðvitað hræðilegt við þetta ástand er þetta margsannaða grandvaraleysi feitu grísanna sem hafa komist í valdastöður.“

**Heiða og Hjálmarnir**

*Hvernig haldið þið að ykkur myndi vegna ef þið mynduð skipta um starf? Hvernig tónlist myndir þú semja, Heiða, og hverning föt myndir þú hanna, Sigurður? Hvern mynduð þið fá ykkur til liðsinnis?*

**Heiða:** „Í fyrsta lagi þá yrði þetta algjört disaster, alla vega hjá mér. Ég hef aldrei lært á hljóðfæri og ég kann ekki að syngja. En ég gæti samt vel hugsað mér að vera í hljómsveit. Tónlistin mín yrði frekar melló. Kannski myndi ég bara gera reggí. Bob Dylan myndi líka hafa mikil áhrif á mig, ég hlusta svo mikið á hann.“

**Sigurður:** „Myndirðu ekki bara fá mig með þér?“

**Heiða:** „Jú, ég myndi alveg pottþétt fá þig. Við yrðum líka svo flott á sviði saman. Já, ætli ég myndi ekki bara fá ykkur alla strákana í Hjálmum. Ég gæti auðveldlega dottið inn í ykkar fíling.“

**Sigurður:** „Ég held ég gæti varla unnið sem fatahönnuður. Ég hef svo ofboðslega takmarkaða sýn á hvernig mér finnst að aðrir eigi að klæða sig. Ég hef verulegan athyglisbrest á því sviðinu. En ég myndi pottþétt fá Kidda (Guðmund Kristin Jónsson) með mér í fatahönnunarbransann. Hann er A-maður, vaknar á morgnana, svarar tölvupósti og svona. Ég vakna hins vegar iðulega um hádegi en á það líka til að vinna fram á nótt.“

**Heiða:** „Svo þú ert ekki alveg þessi níu til fimm týpa? Það er ég ekki heldur. Svo nær maður heldur ekki alltaf að vera skapandi ef maður ætlar að vera mjög skipulagður, þótt það sé auðvitað nauðsynlegt að vera hvort tveggja þegar maður rekur fyrirtæki. Þess vegna skiptir gott samstarfsfólk öllu máli.“

**Sigurður:** „Það skiptir öllu máli. Við Kiddi erum góðir að vinna saman og líka góðir vinir. Þannig að við getum líka spjallað um vesen með konurnar og svoleiðis dótarí. Eins og allir verðum við líka sárir út í hvor annan og svona. En þetta er svona langvarandi samband sem hefur verið mjög pródúktívt og skemmtilegt. Það er mjög mikils virði í þessu að hafa einhvern til að bakka mann upp. Því stundum er maður alveg í ruglinu, svona þannig.“

## ➜ VISSIR ÞÚ AÐ...



... Sigurður er úr Njarðvíkum.

... Heiða ólst upp í Hafnarfirði.

... Sigurður gerði sína fyrstu plötu með hljómsveitinni Fálkum úr Keflavík árið 2001.

... síðan hefur hann komið að gerð fjölda platna.

... Heiða stofnaði fatafyrirtækið Nikita ásamt Rúnari sambýlismanni sínum árið 2000.

... í dag selur Nikita föt sín í yfir þrjátíu löndum um allan heim.

... heimildarmynd um ævintýraför Hjálma til Jamaíka var frumsýnd í Austurbæ í gærkvöldi.

... Að Nikita heldur garðpartí og forsýningu á nýrri verslun sinni á Laugavegi 43 í kvöld, sem opnar formlega í september.

... þrátt fyrir að vera gríðarlega hávaxinn hefur Sigurður aldrei spilað körfubolta.

... Heiða stundar ekki bara snjóbretti og hjólabretti, hún hjólar líka í mótokross.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.


Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

SAMAN FINNUM VIÐ
RÉTTU LEIÐINA




ÍSLENSKA SIA.IS KAU 47041 08/09

**Úrræði vegna greiðsluerfiðleika**

Kaupþing býður viðskiptavinum sínum ráðgjöf og ýmis úrræði sem létt geta fjárhagsstöðu heimila í greiðsluvanda. Meðal úrræða sem bankinn býður til að stuðla að lausn á greiðsluvanda eru:

- Ráðgjöf
- Breyting á lánaskilmálum
- Lenging lánstíma
- Greiðslujöfnun
- Tímabundin frestun afborgana
- Skuldaaðlögun

Fáðu ítarlegri upplýsingar um úrræði vegna greiðsluerfiðleika á **www.kaupthing.is**, hafðu samband í síma **444 7000** eða komdu við í næsta útibúi **Kaupþings**.

NÝI KAUPÞING BANKI



# Tíu þjóðráð til að krækja sér í svínaflensu

Svínaflensa, flensa eða bara kvefpest. Um þær gilda sömu lögmálin: þær berast með dropum og úða þegar sýkt fólk hóstar eða hnerrar og eru sérstaklega illskeyttar á haustin. Að lifa heilsusamlegu lífi er áhrifaríkasta leiðin til að forðast þær. En sumir vilja ná sér í svínaflensu strax, frekar en að bíða eftir að hún kræki í þá. Ekki skal tekin afstaða til þess hvort það er gáfulegt en þeir viljugu gætu fylgt þessum tíu ráðum sem ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** tók saman.



**Ekki þvo þér**
Handþvottur er það fyrsta sem þú skalt vanrækja, viljir þú ná þér í svínaflensu. Finnir þú þig knúinn til að þvo þér gættu þess þá að hafa hendurnar einungis í nokkrar sekúndur undir bununni, því þá fara yfirborðsóhreinindin af en örverurnar halda velli. Það tekur nefnilega 15 til 30 sekúndur að ráða niðurlögum þeirra. Athugaðu að á mörgum almenningssalernum hefur nú verið komið fyrir brúsum með glærum vökva. Það er sótthreinsunarspritt sem drepur allt. Haltu þig fjarri því.



**Lifðu stressuðu lífi**
Taugaveiklaðir geta verið berskjaldaðir fyrir flensunni þar sem stress og álag veikir ónæmiskerfið. Þú skalt því vinna baki brotnu og gæta þess að hafa lítinn tíma til að slaka á yfir daginn. Það er gott að miða við að vera ávallt á Miklubraut eða öðrum umferðarslagæðum klukkan átta að morgni og klukkan fimm síðdegis. Hafðu áhyggjur af ástvinum þínum, hugsaðu um hrunið og áhrif þess á lífsgæði þín til æviloka, veltu þér upp úr glötuðum tækifærum og hafðu samviskubit yfir öllu því illa sem þú hefur gert öðru fólki um ævina.



**Haltu þér vakandi**
Leigðu þér nokkrar spólur, til dæmis ómótstæðilega trílógíu eins og Godfather, og liggðu yfir þeim langt fram á nótt. Vaknaðu síðan snemma til að sinna skyldum þínum. Endurtaktu þetta alla daga vikunnar. Þreyta minnkar mótstöðu ónæmiskerfisins og langvarandi svefnleysi er ein vísasta leiðin til að verða lasinn.

**Slepptu hollustunni**
Komdu iðulega við á skyndibitastöðum eftir vinnu og taktu kvöldmatinn þaðan með þér heim. Slepptu því að elda mat frá grunni og reyndu að sniðganga að mestu ávexti og grænmeti. Þannig getur þú verið viss um að þú fáir of lítið af vítamínum og steinefnum og veikir þannig ónæmiskerfið. Varaðu þig sérstaklega á hvítlauk. Hann er stundum kallaður pensilín náttúrunnar. Í honum er mikið af andoxunarefnum og hann er talinn bakteríudrepandi. Það er því óvitlaust að sniðganga hann með öllu, vilji maður ekki byggja upp varnir líkamans.





**Reyktu og drekktu áfengi**
Sígarettureykur lamar bifhárin í nefi og öndunarvegi. Flensuveirurnar eiga því greiðari leið inn í líkama þeirra sem reykja að staðaldri. Drykkjufólki er líka hættara við því að fá hinar ýmsu pestir en öðrum.



**Dragðu úr vatnsdrykkju**
Vatn hreinsar líkamann. Auðvitað þarftu að drekka vökva en reyndu að fá þér frekar gosdrykk eða kaffisopa til að væta kverkarnar heldur en að grípa til vatnsins.



**Vertu latur**
Slepptu því að fara í ræktina. Freistastu ekki til að hlaupa upp stigann í stað þess að taka lyftuna. Eyddu ekki helgarfríinu í ærslafullar sundferðir með börnunum. Jafnvel hófleg líkamsrækt er nefnilega talin ein öflugasta leiðin til að viðhalda sterku ónæmiskerfi.



**Nuddaðu andlitið**
Leggðu hönd undir kinn, boraðu í nefið, nagaðu neglurnar, veittu þér andlitsnudd eða losaðu um merginn í eyrunum. Ómeðvitað snerta flestir andlitið á sér allt að fimmtán sinnum á klukkustund. Þannig bera þeir sýkla, veirur og hin ýmsu óhreinindi beint að öndunarfærunum þaðan sem þeir eiga greiða leið inn í líkamann.



**Stundaðu skyndikynni**
Er það tilviljun að fréttir berist af heilu hópunum af gleðiríkum unglingum sem fara til sólarlanda og snúa þaðan aftur allir með sömu pestina? Sennilega ekki. Hafir þú það fyrir reglu að stunda ekki skyndikynni er álíka áhrifarík leið að fara í hinn sívinsæla skemmtistaðasleik, helst marga sama kvöldið. Hafir þú hins vegar óbeit á frönskum kossum getur þú líka sótt í fjölmenni. Kringlan á háannatíma, þétt pakkaðir tónleikar og flugvélar eru dæmi um staði þar sem eflaust er pest að fá.



**Snertu og fiktaðu**
Taktu þétt í hurðarhúna, þrýstu á alla hnappana í lyftunni, láttu klinkið leika í lófanum á þér og notaðu tölvuna á bókasafninu í stað þinnar eigin. Ef þú snertir og fiktar í sem flestu sem á vegi þínum verður munu einungis líða nokkrir dagar þangað til flensuveiran er komin í þig. Það þarf nefnilega lítið annað en að ein manneskja mæti sýkt í vinnuna til að kaffivélin, klósettið og matarborðið geti sýkt þig. Veiran getur nefnilega lifað á dauðum fleti í nokkra klukkutíma.

# Naglasúpa á Menningarnótt

## Skemmtileg Menningarnótt í Eymundsson Austurstræti og Skólavörðustíg

### Hann á afmæli í dag

Eymundsson, Skólavörðustíg kl. 17-18

Þórarinn Eldjárn á afmæli í dag, gefur út nýja bók, „Alltaf sama sagan", les, áritar og skenkir svo gestum og gangandi á Skólavörðustíg rjúkandi heitri naglasúpu.



Tilboðsverð*
**2.990 kr.**
~~4.490 kr.~~



### Komdu með köttinn í bandi

Eymundsson, Austurstræti kl. 16-17

Hugleikur áritar bók sína „Eineygði kötturinn Kisi og ástandið: Flóttinn frá Reykjavík" og þeir sem mæta með köttinn sinn í bandi fá óvæntan glaðning.



Tilboðsverð*
**1.580 kr.**
~~1.980 kr.~~






Tilboðsverð*
**3.190 kr.**
~~3.990 kr.~~

### Lækningar úr náttúrunni

Eymundsson, Skólavörðustíg kl. 14-15

Arnbjörg L. Jóhannsdóttir grasafræðingur kynnir bók sína, „Íslenskar lækningajurtir - náttúruleg heilsubót" og gefur fólki góð ráð.






Tilboðsverð*
**3.990 kr.**
~~4.990 kr.~~

### Hagsýni í heimilismatnum

Nanna Rögnvaldsdóttir hefur skemmtilegar hugmyndir um hvernig nýtni og hagsýni koma að góðum notum í eldhúsinu.



### Fljúgðu UPP

UPP, nýja myndin frá Pixar, er að lenda í Sambíóunum. Við gefum UPP blöðrur í Eymundsson, Austurstræti og á Skólavörðustíg frá kl. 12-16 á Menningarnótt. Heppnir gestir fá bíómiða á UPP.




### Risasyrpur á 50% afslætti

Risasyrpubók (Andrés önd) og Wall-E bók í kaupbæti. Aðeins í Eymundsson, Austurstræti og Skólavörðustíg á Menningarnótt.




### Djassveisla í Austurstræti

Árlegir tónleikar Tríós Guðmundar Steingrímssonar í Eymundsson, Austurstræti. Sérstakur gestur: Raggi Bjarna. Kl. 21.00-23.00



*Bókatilboðin gilda í öllum verslunum Eymundsson til og með 26.08.09.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Óöryggi bitnar á störfum okkar

Mikil ólga er á meðal lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu enda hafa verið tíðar breytingar á högum þeirra og starfsumhverfi. Starfsfólki hefur fækkað og álag aukist á sama tíma og afbrotum hefur fjölgað. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* settist niður með þeim **Gísla Jökli Gíslasyni**, starfandi lögreglumanni, og **Erlu Dögg Guðmundsdóttur**, sem sagt var upp í maí, og ræddi málin.

Æ fleiri fregnir hafa borist af óánægju innan lögreglunnar. Það sem áður var fátítt, að lögreglumenn viðruðu skoðanir sínar á innviðum og uppbyggingu, verður æ algengara. Nýverið felldu lögreglumenn kjarasamning við ríkið með yfir 90 prósentum atkvæða og kjaraviðræður eru hafnar. Það er því ljóst að mikil ólga er innan lögreglunnar og óvíst hvort upp úr sýður.

Gísli Jökull Gíslason hefur unnið sem lögreglumaður í almennri löggæslu í tíu ár. Hann er ritstjóri Lögreglublaðsins og er nýkominn til starfa eftir fæðingarorlof. Erla Dögg Guðmundsdóttir útskrifaðist úr Lögregluskólanum í desember, en var sagt upp störfum, ásamt meirihluta nýliða, í maí. Hún hyggur á störf á ný í lögreglunni um leið og færi gefst.

**Hvað er það sem helst liggur á lögreglumönnum?**

**Jökull:** Það skiptir kannski mestu máli að það hefur verið mikil stígandi í þessu, það er ekki eins og það séu að verða einhverjar breytingar núna allt í einu. Síðustu tvö ár hafa hlutirnir verið á leið niður á við. Það sem gerist núna, væri kannski ekki til að bregðast mjög hart við, nema af því að það bætist ofan á allt annað.

Á tveimur árum hafa menn farið algjörlega í kross. Fyrst eru embættin sameinuð og sett undir sama hatt og nú er farið í fullkomna andstöðu þess og búið til dreifðara kerfi en var fyrir sameiningu, eftir einhverri hugmyndafræði um kraft smæðarinnar. Þá er verið að breyta vaktakerfinu og sundra þeim einingum sem starfað hafa saman.

Við sáum það í Kópavogi og Hafnarfirði þegar þeir komu inn í kerfið, að aðeins urðu um 50 prósent heimtur á vaktir. Mönnum sem voru vanir að vinna saman var skipt upp og áhuginn á því að móta nýjar starfseiningar var ekki meiri en þetta.

**Tveggja vikna samningar**

**Erla:** Það var voðalega sérstakt að byrja ferilinn undir þessum kringumstæðum. Við vorum tekin inn í skólann samkvæmt fyrirfram metinni þörf; það vantaði þennan fjölda. Óvissan hófst strax í náminu því það varð óvíst hvort við fengjum starf að lokinni útskrift. Það var ansi erfitt að vera í skólanum undir þeim kringumstæðum.

Minn útskriftarhópur var síðan allur atvinnulaus í einn mánuð að útskrift lokinni, ekkert okkar fékk vinnu strax. Það er síðan leyst þannig að okkur er fyrst boðinn tveggja vikna samningur og síðan mánaðarsamningar. Í þessu er náttúrlega fólgið mikið óöryggi, ekki síst fjárhagslegt, sem ekki er hægt að bjóða fjölskyldum okkar upp á. Þetta hefur því verið ansi erfitt fyrir okkar hóp. Síðan var okkur endanlega sagt upp í maí.

Þá var um ár síðan greining sýndi að þörf væri á okkur öllum.

**Gjá milli manna**

**Jökull:** Grunnvandamálið hjá lögreglunni er að það vantar meiri fjármuni. Vissulega hefur maður einhverja samúð með yfirmönnunum þar sem þeim er mjög þröngt skorinn stakkur hvað varðar fjármuni.

En það sem líka er orðið stórt vandamál er að í öllu þessu breytingaferli hefur myndast gjá á milli þeirra sem standa að breytingunum og hinna almennu starfsmanna. Það er orðið sjálfstætt vandamál þegar svona vantraust skapast. Flestir lögreglumenn hafa það á tilfinningunni að yfirmenn hafi ekki fengið starfsfólkið með sér.

Ég var að koma úr fimm mánaða fæðingarorlofi og ég finn að mórallinn hefur aldrei verið svona slæmur. Það er óöryggi hjá öllum og sumir lögreglumenn eru mjög reiðir og skilja ekki af hverju þetta þarf að vera svona. Þetta er svolítið eins og að skipta út fjölskyldunni, enda fáir sem maður hittir eins mikið og starfsfélagana ef miðað er við vökutíma.

**Erla:** Fólk er svolítið í lausu lofti og ef ég má bæta því við þá var það mjög erfitt fyrir okkur nýliðana þegar við vorum látin fara. Einingarnar, það er þeir sem vinna mest saman, verða svolítið eins og fjölskyldur. Við vitum af því þegar okkur er sagt upp að við skiljum okkar fjölskyldu, okkar einingar, eftir með mun meira álag en áður. Álagið var mikið en maður hugsar með sér: vá, hvernig verður álagið þegar við erum farin?

**Jökull:** Enginn sem þekkir til lögreglustarfa getur sagt annað en að full þörf hafi verið fyrir nýliðana sem fóru. Eins kaldhæðið og það er þá er hluti af rekstrarvandanum sá, fyrir utan að ekki var nægt fé til að byrja með, að þetta ár hefur verið gífurlega kostnaðarsamt í löggæslu. Lögreglumönnum finnst þeir hafa staðið sig eins og hetjur þetta ár, en það bitnar síðan bara strax aftur á þeim.

Það að þeir hafi unnið svo mikið og lagt svo mikið á sig þýðir að allt í einu er ekki til nægur peningur og allir nýir lögreglumenn eru látnir fara; sem er afleiðing af því að þeir voru að gera eitthvað vel.

**Erla:** Það myndast gríðarlega góður félagsskapur á vöktunum og þess vegna er svo hættulegt að hrófla við þeim. Fólk er kannski nýbúið að taka á við breytingar, eins og í Hafnarfirði og Kópavogi eftir að allt var sett á Hverfisgötu, þegar á að fara að sundra öllu aftur.

Ég starfa ekki í lögreglunni núna, en það er stutt síðan ég var þar. Þar ríkir geysileg ólga og það er erfitt að vinna undir þessum kringumstæðum. Maður er ekki með trausta vinnu, margir aðeins ráðnir tímabundið, og síðan missa menn félaga sína og sjá að breytingarnar sundra starfseiningum. Þá kemur upp mikil reiði og það bitnar örugglega á starfsmönnum. Það bitnar á því hvernig við vinnum vinnuna okkar.

> Rauði þráðurinn í þessu er óvissan. Fólk er í lausu lofti og óöryggi bitnar tvímælalaust á störfum okkar.

**Óvissan er rauði þráðurinn**

**Jökull:** Það er enginn sem deilir um að lögreglumenn eru of fáir og nú eru allir óöruggir, þegar búið er að boða enn einar breytingarnar. Nú á að sameina lögreglu á landsvísu og það þarf ekki að vera slæmt. En ef það gerist verður að gera það vel, það þýðir ekki að henda saman einhverjum þremur einstaklingum og halda að þeir geti teiknað saman nýtt skipurit sem glóra er í. Það þarf að leggja talsvert mikla vinnu og fjármuni í málið.

En ráðherra hefur nú tilkynnt að sameiningin nú eigi að fækka yfirmönnum. Og þó að það hafi myndast gjá á milli almennra lögreglumanna og yfirmanna þá hjálpar það heldur ekki til ef báðum megin gjárinnar eru menn orðnir óöruggir með sína framtíð.

**Erla:** Rauði þráðurinn í þessu er óvissan. Fólk er í lausu lofti og óöryggi bitnar tvímælalaust á störfum okkar. Við sem förum í skólann gerðum það vegna gríðarlegs áhuga á þessu. Maður fer ekki í skólann nema til að gera þetta að ævistarfi sínu. Fólk hefur geysilegan áhuga á að starfa við þetta og við förum ekki af fúsum og frjálsum vilja úr stéttinni.

Sjálf var ég svo heppin að fá starf hjá fyrirtæki í sumar en síðan stefni ég á háskólanám. Ég ætla að bíða af mér ástandið og vonast til að öldurnar lægi næstu þrjú til fjögur árin, svo að ég geti tekið upp þráðinn aftur og komist inn í starfið á ný. Það er ekki hægt að bjóða minni fjölskyldu upp á að ég sé ráðin einn og einn mánuð í senn, frekar snýr maður sér eitthvað annað.

**Óháð úttekt**

**Jökull:** Ég er ekki of bjartsýnn á kjarasamninga, það eru niðurskurðartímar fram undan. Lögreglumenn hafa náttúrlega ekki verkfallsrétt og því eru hendur þeirra bundnar. Ég held að við ættum að láta reyna á það og fá þá bara dóm sem væri hægt að hnekkja. Lögreglulið í kringum okkur hefur verkfallsrétt, en við sömdum hann af okkur í samningum; seldum fyrir perlur segja sumir.

Ég held að tími sé kominn til að gera óháða úttekt á lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fá utanaðkomandi aðila til að leggja mat á hvernig hlutirnir eru orðnir. Mér finnst margir lögreglumenn binda vonir við að hlutirnir verði stokkaðir algjörlega upp á nýtt og lögreglan sniðin að því sem hún þarf að vera, en það verður að gera það vel.

Þangað til held ég að flestir kjósi óbreytt ástand, að ekki verði skorið meira niður og vinnufyrirkomulagi verði haldið óbreyttu þar til framtíðin liggur ljós fyrir. Útópían væri þá sú að ráða aftur þá sem eru farnir.

Sjálfur hef ég verið að hugsa minn gang, en ég er ekki kominn að neinum þanmörkum. Nýkominn til starfa eftir orlof og á leið til Danmerkur í starfsnám. En ansi margir eru mjög reiðir.



**TELJA LÖGREGLUNA KOMNA AÐ ÞOLMÖRKUM** Erla Dögg Guðmundsdóttir og Gísli Jökull Gíslason hafa áhyggjur af þróun lögreglunnar. Langvarandi fjársvelti og hringlandaháttur í skipulagi valdi lögreglumönnum óvissu. Margir séu mjög reiðir vegna ástandsins og íhugi uppsagnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÞAÐ ER KOMIN SKEMMD Í RÓTINA

**Jökull:** Ég fann það eftir að ég kom aftur úr orlofi að meira að segja jákvæðustu menn eru orðnir neikvæðir. Það er kominn skemmd í rótina með þessari viðvarandi óvissu.

**Erla:** Þessu hefur verið lýst sem meini og það er alveg rétt. Þetta er mein og það bara stækkar og stækkar. Þetta var slæmt þegar ég hætti, en það sem ég hef heyrt af félögunum sem eru enn við störf, er að þetta hefur bara stækkað og öryggið er orðið meira.

**Jökull:** Það felst mikið álag í starfinu og því fylgir áhætta. Fyrir vikið þarf starfsumhverfið að vera eins og bómull utan um okkur. Þegar það er orðið hluti af álaginu er það slæmt.

**Erla:** Það er það sem tengir vaktirnar svona vel saman; þær eru bómullin utan um okkur. Við leitum svo mikið hvert til annars og það er mikið lím í vöktunum, við ræðum erfið mál saman.

Ég hef fylgst með ástandinu í tíu ár og það hefur breyst mjög. Einu sinni færðu allir bílar sig nær útkalli sem fylgdi óvissa, þó að þeir sinntu því ekki. Í dag höfum við ekki bíla til þess.

Ég fór í yfirstandandi innbrot þar sem talið var að maðurinn væri enn í húsinu, sem reyndist rétt. Við fórum tveir inn í hús í miðbæ Reykjavíkur, en næsti bíll sem hefði komið okkur til aðstoðar, var í Hafnarfirði.

## ➔ EINHVER VERÐUR DREPINN

**Jökull:** Það er tvennt sem mun hafa mikil áhrif á hvað gerist næst. Annars vegar er það vaktafyrirkomulagið, en enginn veit hvaða vaktir hann fær á næstunni. Kerfið er valfrjálst og menn velja sér vaktir, en enginn veit enn hvaða vaktir hann fær af þeim sem hann valdi sér. Þetta virðist mikið lotterí, menn geti valið x og fengið b. Verði niðurstaðan óhagkvæm og endalaust verið að riðla því sem menn báðu um gæti það verið kveikur í púðurtunnu og haft áhrif á þá sem eru hvað reiðastir.

Hitt sem gæti kveikt í mönnum, er ef lögreglumenn slasast mjög alvarlega í starfi. Menn hafa lengi varað við því. Ef ég á að vera raunsær þá er það bara tímaspursmál hvenær lögreglumaður verður drepinn í starfi.

# GOLFFERÐIN ÞÍN ER Í ÖRUGGUM HÖNDUM!

- og golfsettið líka!




vita GOLF Peter Salmon

# Síðustu sætin á ótrúlegu verði

Golf á Spáni

**7 nætur og 7 golfdagar:**
26. sept. – 3. okt.
3. – 10. okt.

**Innifalið:** Beint leiguflug með Icelandair, flugvallaskattar, flutningur golfsetts, akstur erlendis, gisting, morgun- og kvöldverðarhlaðborð, ótakmarkað golf alla daga nema brottfarardag, golfkerra allan tímann, karfa af æfingaboltum daglega og fararstjórn.



## Matalascañas****

**114.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við þríbýli - almennt verð 124.900 kr.

**127.500 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við tvíbýli - almennt verð 137.500 kr.

**139.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann í eins manns herbergi - almennt verð 149.900 kr.

## Matalascañas****

GOLFSKÓLI
5 DAGA KENNSLA
2 ÍSLENSKIR PGA GOLFKENNARAR

**135.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við þríbýli - almennt verð 145.900 kr.

**149.500 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við tvíbýli - almennt verð 159.500 kr.

**159.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
á mann í eins manns herbergi - almennt verð 169.900 kr.

## Islantilla****

**Örfá sæti laus**
vikuferð: 3.–10. okt.
12 nætur: 10.–22. okt.

„Við hjónin höfum farið þrisvar í golfskólann og notið frábærrar kennslu meistaranna Ólafs Jóhannessonar og Inga Rúnars Gíslasonar. Við mælum með golfskóla VITA fyrir alla.“

Guðrún Snæbjörnsdóttir
og Guðni S. Gústafsson

„Við mælum heilshugar með Matalascañas - frábær staður, yndislegur golfvöllur og góð þjónusta. Ingi Rúnar og Óli eru skemmtilegir fararstjórar og fyrsta flokks golfkennarar.“

María Aðalbjarnardóttir
og Pétur Birgisson, apríl 2009

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 47016 08.2009

Beint leiguflug með Icelandair

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

## Leikmenn landsliðsins

1 **Þóra Björg Helgadóttir**
Félag: Kolbotn, Noregi
Landsleikir: 63

2 **Guðrún Sóley Gunnarsdóttir**
Félag: Djurgården, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 61/1

3 **Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir**
Félag: Örebro, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 30/1

4 **Edda Garðarsdóttir**
Félag: Örebro, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 71/2

5 **Ásta Árnadóttir**
Félag: Tyresö, Svíþjóð
Landsleikir: 34

6 **Hólmfríður Magnúsdóttir**
Félag: Kristianstad, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 43/10

7 **Dóra Stefánsdóttir**
Félag: Malmö, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 43/3

8 **Katrín Jónsdóttir**
Félag: Valur
Landsleikir/mörk: 85/13

9 **Margrét Lára Viðarsdóttir**
Félag: Kristianstad, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 53/48

10 **Dóra María Lárusdóttir**
Félag: Valur
Landsleikir/mörk: 47/9

11 **Sara Björk Gunnarsdóttir**
Félag: Breiðablik
Landsleikir/mörk: 18/5

12 **Guðný Björk Óðinsdóttir**
Félag: Kristianstad, Svíþjóð
Landsleikir: 14

13 **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
Félag: Djurgården, Svíþjóð
Landsleikir: 12

14 **Erna Björk Sigurðardóttir**
Félag: Breiðablik
Landsleikir: 27

15 **Katrín Ómarsdóttir**
Félag: KR
Landsleikir/mörk: 23/3

16 **Rakel Logadóttir**
Félag: Valur
Landsleikir/mörk: 15/1

17 **Erla Steina Arnardóttir**
Félag: Kristianstad, Svíþjóð
Landsleikir/mörk: 37/2

18 **Rakel Hönnudóttir**
Félag: Þór/KA
Landsleikir/mörk: 15/1

19 **Sif Atladóttir**
Félag: Valur
Landsleikir: 12

20 **Fanndís Friðriksdóttir**
Félag: Breiðablik
Landsleikir: 3

21 **Kristín Ýr Bjarnadóttir**
Félag: Valur
Landsleikir: 0

22 **Sandra Sigurðardóttir**
Félag: Stjarnan
Landsleikir: 5

# Hef mikla trú á liðinu

Á mánudaginn hefur íslenska landsliðið í knattspyrnu leik á EM í Finnlandi. **Ásthildur Helgadóttir** þekkir einna best til liðsins og ræddi ***Eiríkur Stefán Ásgeirsson*** við hana um möguleika liðsins ytra.

Það kann að koma furðulega fyrir sjónir að kvennalandsliðið í knattspyrnu nái þeim frábæra árangri að komast í lokakeppni stórmóts fyrst eftir að Ásthildur Helgadóttir ákvað að ljúka sínum knattspyrnuferli. Hún er enn á besta aldri knattspyrnumanns en þrálát meiðsli gerðu það að verkum að hún ákvað að hætta. Hún sér ekki eftir þeirri ákvörðun í dag og samgleðst fyrrum liðsfélögum sínum í landsliðinu.

„Ég sá fyrir mér þegar ég hætti að við myndum komast á stórmót innan fárra ára. Það var engin spurning í mínum huga," sagði Ásthildur. „En ég gerði þetta upp við mig á sínum tíma. Vissulega er söknuðurinn til staðar því þetta var líf mitt í svo langan tíma. En í dag er ég svo ánægð með fjölskylduna mína og litla drenginn minn. Ég er ekki viss um að ég ætti þessa fjölskyldu í dag ef ég væri enn á fullu í boltanum."

Ásthildi þarf vart að kynna. Hún er án nokkurs vafa besta knattspyrnukona sem Ísland hefur alið af sér og á frábæran feril að baki með landsliðinu sem og félagsliðum bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Hún hætti árið 2007 og í lok maímánaðar síðastliðins eignaðist hún son, Hannes.

Þó hún sé ekki lengur að spila finnur hún mikið fyrir áhuga á EM í Finnlandi sem hefst á morgun. Fyrsti leikur Íslands er gegn Frakklandi á mánudag.

„Það hefur ótrúlega mikið gerst í kvennaboltanum og þá sérstaklega í kringum landsliðið. Landsmenn hafa verið að sýna þessu mikinn áhuga og ég held að allir muni fylgjast mjög vel með mótinu."



**Á EFTIR BOLTA KEMUR BARN** Ásthildur með son sinn, Hannes Hjartarson, sem fæddist í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Krafa um að vinna alla leiki

Hún hefur fylgst vel með enda systir hennar, Þóra Björg markvörður, enn á fullu með landsliðinu sem og æskuvinkona hennar, Katrín Jónsdóttir, sem í dag er fyrirliði liðsins. Ásthildur segir að ein helsta breytingin sem hún merki á liðinu sé sú krafa sem gerð er um að liðið nái árangri.

„Það er krafa um að liðið vinni alla sína leiki og nær sú þróun lengra aftur í tímann en frá því þegar ég hætti. Þetta má rekja um það bil tíu ár aftur í tímann. Munurinn á liðinu nú og þá er að nú er mun meiri stöðugleiki í frammistöðu liðsins sem og miklu meiri breidd í leikmannahópnum. Það eru leikmenn sem eru yfirleitt á varamannabekknum nú sem margir telja að eigi heima í byrjunarliðinu."

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari hefur að mestu leyti stólað á sömu ellefu leikmenn í undirbúningnum fyrir mótið. Það sé því nokkuð ljóst hvernig byrjunarliðið verði skipað í fyrsta leik.

„Ég skil vel að hann skuli gera það því það er ákveðinn kjarni í liðinu sem verður að byggja á og þá sérstaklega í vörninni. Katrín og Guðrún Sóley [Gunnarsdóttir] eru alltaf í vörninni og lykilmenn í liðinu. Það skiptir líka máli að leikmenn finni fyrir trausti."

### Samheldni og barátta

Hún segir styrkleika liðsins aðallega felast í þeirri samheldni og þeim baráttuanda sem ríkir í liðinu. „Við höfum farið langt á þeim atriðum og gerum það eflaust áfram. Svo tel ég það einnig styrk fyrir liðið að við erum með einn sterkasta markvörð í heimi. Þóra hefur sýnt oft áður að hún getur gert gæfumuninn og lokað markinu eins og þegar við unnum Kína [4-1 í Portúgal], Frakkland [1-0 á Laugardalsvelli] og gerðum markalaust jafntefli við Bandaríkin. Svo er Margrét Lára gríðarlega mikilvæg liðinu og hún er með sterka leikmenn sér við hlið. Liðið er einnig sterkt í loftinu og er það mikilvægt."

### Frakkaleikurinn mikilvægastur

Hún efast ekki um að liðið geti náð árangri á mótinu. „Það er mikilvægt að einbeita sér að fyrsta leiknum því að ef við náum góðum úrslitum gegn Frökkum gefur það okkur aukinn styrk fyrir leikinn gegn Noregi. Það væri gott að þurfa ekki að stóla á hagstæð úrslit úr lokaleiknum í riðlinum, gegn geysisterkum Þjóðverjum. En ég hef fulla trú á að þeim takist að komast áfram í 8 liða úrslit."

Ásthildur kemst þó ekki til Finnlands þar sem hún er að flytja til Svíþjóðar nú á næstu dögum en mun fylgjast vel með. Hún er þó með eitt heilræði til viðbótar fyrir stelpurnar. „Það eru fáir veikleikar í liðinu ef allt gengur upp. En leikmenn verða þá að fara vel með sig og passa að þær standist álagið sem fylgir því að spila á svona móti. Þær munu þó án nokkurs vafa fara inn í mótið af fullum krafti alveg eins og þær eiga að gera."

## MÓTHERJAR ÍSLANDS Í B-RIÐLI

**Mánudagur 24. ágúst, 17.00 Frakkland**
Íslenska liðið þekkir það franska vel. Liðin voru í sama riðli í undankeppni EM og eru reyndar einnig saman í riðli í undankeppni HM sem fer fram í Þýskalandi árið 2011. Ísland vann Frakka á Laugardalsvelli haustið 2007, 1-0, og veit því vel hvað þarf til að bera sigur úr býtum. Frakkar ætla sér þó stóra hluti.

**Fimmtudagur 27. ágúst, 17.00 Noregur**
Norðmenn hafa náð frábærum árangri á þessum vettvangi og hafa orðið heimsmeistarar (1995), Evrópumeistarar (1987 og 1993) og Ólympíumeistarar (2000). Norðmenn hafa þar að auki alltaf komist langt í stórmótum. Ísland vann hins vegar sigur á Noregi í fyrsta sinn í vetur. Norska liðið hefur verið að ganga í gegnum breytingar og því talið veikara en oft áður.

**Sunnudagur 30. ágúst, 13.00 Þýskaland**
Þjóðverjar hafa borið höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir undanfarin ár. Þeir hafa fagnað sigri í síðustu tveimur heimsmeistarakeppnum og geta nú unnið sinn fimmta Evrópumeistaratitil í röð og þann áttunda á 20 árum. Þýskaland hefur alls spilað 27 leiki í lokakeppni EM og aðeins tapað einum þeirra - á Ítalíu árið 1993. Það er því ekki að ástæðulausu að Þjóðverjar eru taldir sigurstranglegastir í Finnlandi.




## ➜ LYKILMENN ÍSLENSKA LIÐSINS

**■ Í markinu**
**Þóra Björg Helgadóttir** verður líklega aðalmarkvörður íslenska liðsins í Finnlandi. Hún er með reyndari leikmönnum liðsins og af mörgum talin með betri markvörðum heimsins í dag. Hún leikur með Kolbotn í Noregi en hefur einnig leikið í Svíþjóð og Belgíu. Hún hefur þó alls átta sinnum orðið Íslandsmeistari og sex sinnum bikarmeistari.




**■ Í vörninni**
**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir** hefur ásamt Katrínu Jónsdóttur alltaf verið í byrjunarliði íslenska landsliðsins síðan Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við því. Þær skipa því mikilvægan kjarna liðsins. Guðrún Sóley hefur alls fimm sinnum fagnað Íslandsmeistaratitlinum og þrívegis orðið bikarmeistari. Hún leikur nú með Djurgården í Svíþjóð.



**■ Á miðjunni**
**Edda Garðarsdóttir** er allt í öllu í miðjuspili íslenska liðsins. Hún tekur nánast allar horn- og aukaspyrnur auk þess sem hún sinnir afar mikilvægu varnarhlutverki á miðjunni. Edda er eins og svo margir aðrir í landsliðinu fæddur sigurvegari og hefur sex sinnum orðið Íslandsmeistari og fimm sinnum bikarmeistari. Hún leikur með Örebro í Svíþjóð.



**■ Í sókninni**
**Margrét Lára Viðarsdóttir** er líklega þekktasti leikmaður liðsins enda mikið verið í sviðsljósinu. Hún er ekki nema 23 ára gömul en hefur samt áorkað að skora 48 mörk í 53 landsleikjum sem er vitanlega einstæður árangur. Hún varð þrívegis Íslandsmeistari hér á landi og tvisvar bikarmeistari en hún leikur nú með Kristianstad í Svíþjóð.



**■ Leiðtoginn**
**Katrín Jónsdóttir** er fyrirliði liðsins og leiðtogi þess jafnt innan vallar sem utan. Hún starfar sem læknir á daginn en hefur verið í knattspyrnunni alla sína ævi. Átta sinnum hefur hún orðið Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari. Hún lék með norska liðinu Kolbotn samhliða námi sínu í læknisfræði þar í landi og varð einu sinni norskur meistari með félaginu.



ágúst 2009

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## „Ég þótti sérvitur þá“

Breski ljósmyndarinn Brian Griffin í viðtali um feril sinn og verkefni.

SÍÐA 4



## Bragð er að þá …

Myndasaga eftir Bjarna Hinriksson úr nýju hefti af (gisp!) sem kemur út í dag.

SÍÐA 6







FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# „NÓTTIN HEFUR NÍÐST Á MÉR...“

Það er ekki víst að allir verði jafn hressir í fyrramálið og þeir eru nú á björtum laugardegi. ***Menningarnótt*** í Reykjavík er fram undan og útlit fyrir þurrt og hlýtt veður. Tvö stærstu hljóðkerfi landsins munu bítast á yfir Tjörninni og viðbúið að þúsundir leiti í dag samstöðu á götum miðborgarinnar.

MENNING **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Menningarnótt er orðin fasti í dagatalinu, rétt eins og undangengnar helgar: Verslunarmannahelgin og Gay Pride. Og ólíkt mörgum helgidögum eru þessir síðsumarsdagar tilefni til mannfagnaðar víða um land þar sem þúsundir koma saman úti undir berum himni, stundum ekki til annars en að sjá nýjan stað, líta á mannlífið og þiggja smá veitingar. Um síðustu helgi komu þúsundir saman á Eyrarbakka og fóru um þorpið í stríðum straumum. „Þetta var eins og á Oxford-stræti,“ sagði einn heimamaður. Er það málið? Finnum við á endanum samstöðuna í mannfjöldanum?

Dagskrá Menningarnætur er afar fjölbreytt eins og hún á vanda til: raunar hefur dagskráin hin síðari ár sprengt öll kynningarform dagblaða og prentaðs máls. Vefurinn reynist þokkalegasta tækið til að miðla upplýsingum um atburðina sem í vændum eru: www.menningarnott.is. Það er 2009-bragur á öllu, kostunarskiltin horfin og menn að gera sitt á einfaldan og ódýran hátt. Veitendur eru af öllu tagi og yfirskrift hátíðarinnar, Húsin í bænum, er elskuleg. Það er þó ekki boðið upp á kynningu á þeim húsum í elsta bæjarhluta Reykjavíkur sem verktakar og skuldsettir eigendur eru áfjáðir í að rífa. Það hefði verið gott tækifæri undir þessari yfirskrift að láta þá ásamt tilleiðanlegum borgarfulltrúum standa fyrir máli sínu við hvert það hús sem er í hættu.



**Syngjum saman við Söngskólann**

*Söngveisla Menningarnætur og Söngskólans í Reykjavík kl. 14.30-18.00*
*Fjöldasöngur allra sem hafa ánægju af að syngja saman í góðum hópi.*
*Einnig koma fram sjö kórar af höfuðborgarsvæðinu.*

*ALLIR VELKOMNIR*

*Söngskólinn í Reykjavík*

Snorrabraut 54, 105 Reykjavík, sími 552 7366, www.songskolinn.is

# Bítið í Beethoven

Heitustu miðarnir í bænum eru ekki á afmælistónleika Ragnars Bjarnasonar, ekki á minningartónleika Björgvins Halldórssonar hinn 09. 09. 09 helgaða John Lennon. Nei, það er Beethoven gamli sem er á dagskrá í beinni útsendingu í Dolby Digital 5.1 þar sem fjörutíu manna sveit mun leika fyrir átta kvikmyndatökuvélar nokkur hans helstu verk á sviði í Bonn dagana 9.-12. september. Hér verður útsendingin móttekin í Sambíóinu í Kringlunni og er það áhugamönnum um fyrsta klassa tónlist og lifandi flutning einstakt tækifæri til að heyra allar sinfóníur Beethovens í röð.

Það er Paavo Jarvi sem stjórnar Þýsku kammerfílharmóníunni frá Brimum. Með móttöku merkisins frá Beethoven-salnum í Bonn eru Sambíóin að taka eitt skref enn í dreifingu hágæðaflutnings um gervihnött í beinni útsendingu en nú er hafin sala á midi.is á óperu- og leiksýningar vetrarins í beinni. En þeir sem vilja fá Beethoven beint í æð – fjóra daga í röð – ættu að drífa sig og tryggja sér miða.



Meistari sinfóníuformsins – Ludwig van Beethoven.

# Hellisbúi snýr aftur

Einleikurinn um Hellisbúann varð eftir nokkra erfiðleika ein vinsælasta leiksýning Íslandssögunnar fyrir fáum árum. Hann kom fótunum undir þá leikhúsfrömuði Árna Þór og Kristján Ra og gerði Bjarna Hauk að almenningseign. Nú gefst tækifæri á að hitta hellisbúann aftur með nýjan skrokk og nýjan texta sem er aðlagaður okkar breyttu tímum. Sigurjón Kjartansson bjó honum nýtt viðmót og Jóhannes Haukur kemur í stað Bjarna. Sýningar verða í Gamla bíói – Íslensku óperunni – eins og fyrrum en Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir. Frumsýning er sett þann 3. september en áhugasamir geta farið á póstlista Bravó og unnið miða á forsýningar í ágúst.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki Bjarni heldur Jóhannes Haukur er nýr Hellisbúi.






Skip á sandi, ein teikninga Péturs á sýningu hans í Njálusafni á Hvolsvelli.

# Pétur sýnir í Ormi

Fantasíur á Njáluslóðum? Nýtt heimskerfi eða hið gamla túlkað í myndum?

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Nú stendur yfir á Njálusetri sýning Péturs Halldórssonar myndlistarmanns. Pétur sýnir þar teikningar og lýsir þeim sem fantasíum. Pétur stundaði nám í listaskólum á Íslandi, Englandi og í Bandaríkjunum á árunum 1969 til 1987. Hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um heim. Hann er betur þekktur fyrir málverk sín þar sem hann túlkar á stórum fleti ýmis atferli með grófum strokum á margvíslegt efni. Sýning Péturs í Njálusafni er fimmtánda einkasýning hans.

Hin síðari ár hefur Pétur meðfram myndlistinni rannsakað hina fornu heimsmynd norrænnar menningar: baksvið Njálssögu sem Einar Pálsson skrifaði um í bókum sínum „Rætur íslenskrar menningar“. Rannsóknir Péturs má finna í bókinni Stærð veraldar sem er til sölu í safnbúð Njálusafns. Hann er því á heimaslóðum. Í náttúru heimsmynda eru faldar táknmyndir og tölvísi sem mikið renna inn í teikningar og málverk. Pétur neitar samt að myndir hans séu goðsögulegs efnis, kallar þær fantasíur.

Sýning Péturs er í Galleri Ormi, í Njálusafni á Hvolsvelli og stendur út ágústmánuð.

# Rut víkur í Kammersveitinni

Rut Ingólfsdóttir, tónlistarmaður og hljómsveitarfrömuður, ákvað í sumar að láta af störfum sem ábyrgðarmaður Kammersveitar Reykjavíkur sem hún hefur leitt um áratugaskeið. Hún mun halda áfram að koma fram sem ein helsta stoðin í starfi sveitarinnar, líta til með geisladiskaútgáfu hennar og halda um söguleg gögn frá 35 ára starfi.

Guðrún Hrund Harðardóttir mun taka við stjórn Kammersveitarinnar og Una Sveinbjarnardóttir verður konsertmeistari.

Kammersveitin var stofnuð til að gefa hljóðfæraleikurum tækifæri til að kynna áhugaverð verk fyrir tónleikagestum sem legið hafa hjá garði í íslensku tónlistarlífi. Hefur sveitin ár hvert staðið fyrir tónleikaröðum og verður svo á komandi vetri. Þá hefur sveitin staðið fyrir hljóðritunum til útgáfu og eru fjórtán diskar fáanlegir með verkum hennar.

Nýtt starfsár Kammersveitarinnar verður brátt kynnt en vefur sveitarinnar er www.kammersveit.is



Rut Ingólfsdóttir á að baki glæsilegan feril sem stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Augnakonfekt

www.augnakonfekt.is

**Opið mán.-fös. 11 - 18. | lau 12 - 16. | Sími 552 9922**

Á móti bílastæðahúsinu

# Erum flutt að Laugavegi 95

Mikasa borðbúnaður • Kristalsglös • Gjafavara • Húsgögn • Gallerí • Brúðkaupsgjafir










Notalegheit,stemning og dulúð umvefur þann sem gengur inn í verslunina Augnakonfekt að Laugavegi 95. Gull og gersemar til gjafa. Borðbúnaður,hnífapör og kristalsglös fyrir brúðhjónin. Handmáluð húsgögn og postulín fyrir listunnandann. Sannkölluð oriental verslun með trúarlegu ívafi, buddar, englar og maríumeyjar.

"Hér líður mér vel" segir Kolbrún Róberts listmálari. Ég byrjaði með Augnakonfekt í feb 2008. Svona rétt fyrir krónufallið. Mikilvægt er að finna stað og stund fyrir sig til að láta sér líða vel á svona tímum,gleðja augað og andann,hugleiða og ná innri ró. Það gleður mig að sjá sama fólkið koma aftur og aftur til okkar,talandi um hlýleikann og stemninguna hér. Þá er tilgangnum náð. Ég flyt inn vörur frá öllum heimshornum og lít á verslunina sem eina heild í vöruvali og uppsetningu.

Einnig er ég með vinnustofu og gallerí á sama stað og býð öllum velkomnum að kíkja á sýningu mína NIRVANA.

**Kolbrún tekur á móti gestum og gangandi allan menningardaginn**



Kolbrún Róberts á opnun sýningarinnar ásamt dætrum sínum Önnu Pálínu og Sóldísi Nínu






# Maður ÚR SVÖRTULÖNDUM

Brian Griffin er á landinu. Hann er nýkominn frá stærstu ljósmyndahátíð heims í Arles þar sem úrval verka hans var í heiðurssessi og heldur brátt til Lundúna, þar sem hann hefur starfað lengst, til að hefja vinnu við töku á ljósmyndaröð um allan þann fjölda sem kemur að undirbúningi Olympíuleikanna – nema íþróttamenn.

MYNDIR: PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Maðurinn er snaggaralegur Breti á óljósum aldri: við rötum hratt hvor á annan á kaffihúsinu og komum okkur fyrir. Er afgreitt á borð hér? Stelpa í afgreiðslu með slavneskan hreim segir kaffið selt hér og bankar á afgreiðsluborðið.

„Ég skil ekki hvað loftið hérna er tært,“ segir hann, „verð alltaf jafn hissa. Ég ætti að vita það. Var öll þessi ár í London og alinn upp í Svarta landinu. Þar er andrúmsloftið …“ hann ygglir sig.

### Svörtulönd

„The Black Country“ eins og þeir fyrir sunnan kalla það er svartasta iðnaðarsvæði í Mið-Englandi norðvestur af Birmingham. „Það er eins og Ruhr,“ segir hann.

Brian Griffin hefur komið hingað til lands reglulega um árabil, bæði vegna starfs síns og svo á hann íslenska konu, Brynju Sverrisdóttur. Hann segir fjölskyldu Brynju vera eina fólkið sem hann geti kallað fjölskyldu sína núorðið.

„Ég er lágstéttarmaður að uppruna. Það var mikil fátækt. Ég komst ekki í bað fyrr en eftir tvítugt – þannig var það. Baðherbergi þekktust ekki í mínu hverfi. Ég varð að koma mér burtu og ljósmyndavélin kom mér á sporið. Ég fór í listaskóla eins og margir af minni kynslóð, krakkar sem vissu ekki hvað þeir vildu, náðu ekki að ganga menntaveginn og söfnuðust í listaskólana sem voru þá nýtt fyrirbæri í skólakerfinu breska.“

### Stefnumót í Arles

Brian er heimsfrægur ljósmyndari, stórt nafn í breskum kreðsum og kunnur um allan heim fyrir verk sín. Þau Brynja eru nýkomin frá ljósmyndahátíðinni í Arles í Suður-Frakklandi, stærstu og virtustu listaljósmyndahátíð í heimi sem nú var haldin í fertugasta sinn. „Okkur var boðið að sýna þar nokkrum sem höfðum vakið athygli fyrr á tíð. Á hátíðina kemur fólk úr öllum heimshornum. Gestir voru um 350 þúsund í fyrra. Ég sýndi þar fyrst 1987 og á þeim árum klæddist ég jafnan vinnufötum járnbrautarstarfsmanna og þótti sérvitur. Þeir lögðu teina á aðaltorgið í Arles og settu sýninguna upp í vögnum. Það þótti sérstakt þá. Ég var gerður að heiðursborgara Arles við þetta tilefni .“

### Íslenskt fálæti

„Núna fékk ég stóra vagnageymslu til að sýna í og valdi úrval úr nokkrum syrpum sem ég hef unnið gegnum tíðina: valdar myndir úr seríunni um Vatnafólkið og röðinni um St. Pancras-járnbrautarstöðina. Það voru í allt 350 myndir sem ég sýndi þar niður frá. Fyrstu vikuna komu sextíu þúsund.

Ég sendi erindi hingað upp til ráðamanna og benti þeim á að þarna væri mikilvægt framlag áberandi af myndum frá Íslandi úr verkum mínum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Vatnafólksseríunni. Margítrekaði þau bréf: þetta væri stærsta framlag íslensks myndefnis á virtustu ljósmyndahátíð heims til þessa en því var ekki svarað, enginn kom, enginn svaraði. Á endanum var Brynja mín eini fulltrúi Íslands á svæðinu og kom fram fyrir landsins hönd í opinberum athöfnum. En mér þótti leitt að enginn skyldi láta sjá sig.“

> Nú geta allir tekið mynd. Áður var erfitt að ná góðum skotum jafnvel þegar skyggnur urðu helsta vinnutæki ljósmyndara …

### Flóttaleið fundin

Brian gerðist atvinnuljósmyndari árið 1972. Hann segist ekki hafa verið ljósmyndanörd, maður sem hann vann með í verksmiðju hafi kynnt sig fyrir ljósmyndun og myndavélin hafi verið sér tæki til að komast burt úr Svarta landinu: „Ég varð að breyta lífi mínu. Listaskóli í þrjú ár var flóttaleið. Ljósmyndun á þessum árum í Bretlandi var eins og hver önnur vinna. Listræn ljósmyndun var ekki til sem listform. Ég fór til London og lifði á félagsbótum – social security – sem þýddi un að maður var rétt yfir hungurmörkum. Svo fór ég að vinna fyrir tímarit og eftir fimm ár tók ég að mynda fyrir plötuútgáfur. Ég opnaði mitt eigið stúdíó árið 1980 og þá bættust auglýsingaljósmyndirnar við. Ég var einþykkur að því leyti að ég tók bara verkefni sem ég hafði áhuga á. Það gekk vel, fólk tók að meta mig af mínum verðleikum og ég fékk betur og betur borgað.“



Brian Griffin á björtum morgni í Reykavík: „Loftið hérna er hreint ótrúlegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/LSKDFJLÆKSDJKFLKSD



Ein mynda úr röðinni Vatnafólkið. „Þetta var stelpa á skrifstofu Orkuveitunnar,“ segir Brian. MYND/BRIAN GRIFFIN. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS.

### Frægð og frami

„Áttundi áratugurinn var tími mikilla breytinga í Bretlandi. Þá bættust við mannamyndir fyrir ársskýrslur og fyrirtæki þannig að þegar Thatcher komst til valda og viðskipti urðu sexí var ég á réttum stað. Ljósmyndarar voru í miklum metum á þeim tíma.“

Brian segir tæknibyltingu í ljósmyndun hafa fært greinina til allra. Nú geti allir tekið mynd. Áður hafi verið mjög erfitt að ná góðum skotum, jafnvel á níunda áratugnum þegar skyggnur urðu helsta vinnutæki ljósmyndara. Á þessum árum hafi ljósmyndarar mátt viða að sér gífurlegri þekkingu á búnaði og tækni. Menn hafi hannað búnað, ljós og tæknibrellur sem nú séu framkvæmdar í eftirvinnslu tölvunnar. Tími hinna snjöllu handverksmanna sé liðinn og tölvan hafi eyðilagt þann heim, enda sé sami svipur yfir vinnu flestra.

### Vatnafólkið

Brian þakkar Eiríki Þorlákssyni að myndaröðin um Vatnafólkið varð til, en Eiríkur var þá safnstjóri á Listasafni Reykjavíkur. Brian kynntist honum og hefur hann í miklum metum. Eiríkur setti saman sýningu með völdum myndum Brians 2005 sem kölluð var Áhrifavaldar. Það var aftur Brynja sem kom á sambandi Orkuveitunnar og ljósmyndarans sem leiddi til vinnu hans hér á landi. Myndefnið var eins og í verkefnum á borð við St. Pancras vettvangur vinnunnar, staðir verkefna Orkuveitunnar, en Brian vildi líka eins og í fyrri verkum sínum tengja saman orkuiðnaðinn í landslaginu og fólkið.

Hann segir það lengi hafa vafist fyrir sér hvar samnefnarinn lægi í þessum ólíku efnisþáttum en að lokum hafi hann dottið niður á gamalt tæki frá áttunda áratugnum sem var notað sem áferðarhimna í ljósmyndum á sínum tíma: myndin er tekin gegnum glerplötu á snúningsás sem á má renna vatni. Nú orðið geri menn svona effekta í tölvum, en Orkuveitan hafi komið upp aðstöðu fyrir hann hér og þar hafi hann tekið myndirnar.

### Vonbrigði með viðtökur

Vatnafólkið endaði sem afar sérstök og áhrifamikil mannamyndasería. Verkin voru sýnd á Listasafni Reykjavíkur og fyrir aðkomu einkaaðila eignaðist safnið alla röðina. Bók var gefin út með myndunum, hönnuð af Ámunda Sigurðssyni. Og hróður verksins berst víða, enda myndirnar í senn portrett í hefðbundnum skilningi og hlaðin dulmagni, krafti vatnsyfirborðsins sem líður, rennur, bullar og sýður svo úr verður heimur fólks sem er handan vatnsins. Brian dregur ekki dul á vonbrigði sín með móttökur á Vatnafólksseríunni hér á landi. „Fólk áttaði sig ekki á þessu og sumir létu fjúka neikvæðar athugasemdir, sá ég á netinu. Það þótti mér miður, en ef til vill átta menn sig síðar á verkinu og samhengi þess í vinnu minni fyrir Orkuveituna.“

### Verkefni framtíðarinnar

Brian undrast hvað Íslendingar standa á merkilegum skilum; hér sé í raun velmenntuð þjóð en atvinnuhættirnir séu enn eins og fyrir tíma iðnbyltingar. Þeir minna hann um margt um fólkið í Svarta landinu. „Þess vegna á ég heima hér,“ segir hann.

Fram undan er vinna: Brian hefur fengið það hlutverk að skrá á mynd alla þá sem nú vinna að undirbúningi Ólympíuleikanna í London, frá verkamönnum til framkvæmdastjóra, hugmyndasmiðum til hönnuða. Þá sem standa fyrir verklega þættinum. Það verður kynnt opinberlega eftir nær tvo mánuði með fyrstu átta myndunum sem hann tekur í næsta mánuði. Vinnan hefst í desember en er mun stærri en það verkefni. Verkið er styrkt af Breska símanum og Konunglega Mannamyndasafninu á Trafalgar-torgi sem margir þekkja.

### Orðspor og ferill

Brian segist stoltur af þessum stóru verkefnum sem yfirvöld hafi pantað hjá honum; þau byggi á fagurfræðilegum kröfum og hann hafi fullkomið frelsi en viðfangsefnið sé honum kært; vinnandi fólk, almúginn – þeir sem skapi umhverfi okkar í iðnaði og samgöngum. Hann er þrátt fyrir langa för enn nærri rótum sínum; svörtum og sótugum iðnaðarhéröðum Svarta landsins.

3 vikna menningar- og skemmtiferð 6.-26. október til
KÍNA
með Kínaklúbbi Unnar
Verð kr 495 þ/mann ALLT INNIFALIÐ
Uppl. í síma 551 2596 og www.simnet.is/kinaklubbur



MENNINGARNÓTT
22. ÁGÚST 2009 - HÚSIN Í BÆNUM
FLUGELDASÝNING
TAXI
ÚTISVIÐ
ADSETUR LÖGREGLU OG SLÖKKVILIÐS
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI
AÐSTAÐA FYRIR TÝND BÖRN
UNGMENNAATHVARF
Í SAFNAÐARHEIMILI
DÓMKIRKJUNNAR
TJÖRNIN
LATABÆJARHLAUP
ÚTISVIÐ
ÚTISVIÐ
WC FYRIR BÖRN
OG SKIPTIAÐSTAÐA
NJÁLSBORG,
NJÁLSGÖTU 9
ÚTISVIÐ
TIMBURHÚSA-
REITUR
HÖFÐATORG
HLEMMUR
HALLGRÍMSKIRKJA
ÚTISVIÐ
HVERFISGATA NEYÐARBRAUT
BRÆÐRABORGARSTÍGUR
TÚNGATA
GARÐASTRÆTI
TRYGGVAGATA
AUSTURSTRÆTI
LÆKJARGATA
FRÍKIRKJUVEGUR
SKOTHÚSVEGUR
SUÐURGATA
HRINGBRAUT
SÓLEYJARGATA
ÓÐINSGATA
SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR
LAUGAVEGUR
FRAKKASTÍGUR
NJÁLSGATA
SKÚLAGATA
VITASTÍGUR
GRETTISGATA
BARÓNSSTÍGUR
LAUGAVEGUR
SKÚLAGATA
MÍMISVEGUR
EIRÍKSGATA
SNORRABRAUT
FLÓKAGATA
RAUÐARÁRSTÍGUR
NÓATÚN
STRÆTÓ BS
06:45-14:00
AÐ/FRÁ HLEMMI UM SNORRABRAUT, HRINGBRAUT OG MELATORG
FRÁ 14:00 - 01:00
FRÍKIRKJUVEGUR/VONARSTRÆTI (FRÁ HLEMMI) Í VESTURÁTT
SKOTHÚSAVEGUR/SÓLEYJARGATA (AÐ HLEMMI) Í AUSTURÁTT
BÍLASTÆÐAHÚSIN VERÐA OPIN TIL KL. 01:00
ÓKEYPIS ER Í ÖLL BÍLASTÆÐAHÚSIN Á MENNINGARNÓTT.
ENGAR BÍLASTÖÐUR LEYFÐAR Á SÆBRAUT
MIKLAR UMFERÐATAKMARKANIR EÐA LOKANIR
MÖGULEG BÍLASTÆÐI
BÍLASTÆÐAHÚS OPIN TIL KL. 01:00
UPPLÝSINGAR OPIÐ FRÁ 13:00 - 22:00
NEMA Á HÖFÐATORGI FRÁ 13:00 - 18:00
SÍMAVER REYKJAVÍKURBORGAR ER OPIÐ 13:00 - 23:30
OG VEITIR UPPLÝSINGAR Í SÍMA 4 11 11 11
Orkuveita Reykjavíkur
Landsbankinn




Myndasaga eftir Bjarna Hinriksson úr tíunda hefti (Gisp!) sem kemur út eftirmiðdaginn í dag.

# GISP! PÚFF.. Slamm

Tímaritið (Gisp!) hefur komið út níu sinnum og í dag er það tíunda væntanlegt.

MYNDASÖGUR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Á Menningarnótt verður ljóst á verkstæði Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu gamla – inngangur Miðbakkamegin – hvort hópurinn sem á sínum tíma hóf að gefa út alíslenska myndasögublaðið (Gisp!) nær settu lokamarki að koma út heilu og heftu tíunda tölublaði þess merka blaðs áður en flugeldasýningin hefst.

Blaðið er einhvers konar hápunktur á sýningunni Hvað er (Gisp!)? í sýningarsal Íslenskrar grafíkur en henni lýkur á sunnudag. Á henni gefur að líta heilmikið safn íslenskra myndasagna sem að mestu hafa birst í myndasögublaðinu (Gisp!) síðan 1990. Í tengslum við sýninguna hafa meðlimir (Gisp!) handþrykkt myndabók á staðnum. Klukkan 17 í dag verður bókin formlega gefin út og haldið upp á það með pompi og prakt. Heftið samanstendur af tuttugu silkiprentuðum verkum og er gefið út í fimmtíu árituðum eintökum. Verðinu er stillt í hóf. Húsið verður opnað kl. 14. og er opið fram að flugeldasýningu.

Hér er því saman dregin saga (Gisp!) og staðfest framhaldslíf þessa einstaka fyrirbæris íslenskrar myndasöguhefðar sem á sér djúpar rætur í norrænni myndhefð. Nema hvað, í næsta herbergi við sýningarsalinn er fullbúið verkstæði og þar mun framleiðsla gripsins (Gisp!) 10 fara fram í dag.

Að þessu standa þeir (Gisp!)-arar: Bjarni Hinriksson fréttagrafíker, Halldór Baldursson teiknari, Jóhann Lúðvík Torfason, umsjónarmaður prentverkstæðis LHÍ, og Þorri Hringsson listmálari. Alla dreymdi þá um að verða höfundar myndasagna. Rætist draumurinn í tíunda heftinu? Hverjir eru hetjur og hverjir skúrkar í þessu nýja hefti? Deyr einhver? Af hlátri eða sælu?

Svarið verður ljóst í kvöld og er skyldumæting hjá öllum þeim sem elska myndasögur. Fylgstu með frá byrjun – náðu í tíunda hefti (Gisp!)!


HÚS MEÐ SÖGU OG SÁL
MENNINGARNÓTT
22. ÁGÚST



**Dagskrá milli kl. 14 og 22**

**Kl. 14–16** *Listasmiðja fyrir börnin*
**Kl. 15:00** *Að búa á safni.* Sigrún Eldjárn rithöfundur segir frá æsku sinni og uppvexti í Þjóðminjasafnshúsinu
**Kl. 16:00** *Djass* – Tríó Ragnars Árna spilar ljúfa og létta djasstóna
**Kl. 17:00** Pétur Ármannsson arkitekt leiðir fólk um króka og kima safnhússins
**Kl. 18:00** Kynning á húsasafni Þjóðminjasafns Íslands
**Kl. 18:30** Leiðsögn á íslensku um grunnsýningu safnsins *Þjóð verður til*
**Kl. 19:30** Vinir Láru flytja lög við kvæði og vísur Þórbergs Þórðarsonar
**Kl. 20:00** Leiðsögn um fornleifasýninguna *Endurfundi*
**Kl. 21:00** Vinir Láru flytja lög við kvæði og vísur Þórbergs Þórðarsonar
**Kl. 21:30** Óperudúett í Þjóðminjasafni Íslands

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is

**SÝNINGAR Á SAFNINU:**

**ÞJÓÐ VERÐUR TIL**
Menning og samfélag í 1200 ár

**ENDURFUNDIR**
Fornleifasýning fyrir alla fjölskylduna

**ÞRÆLKUN, ÞROSKI, ÞRÁ?**
Ljósmyndir af börnum við vinnu

**SVART Á HVÍTU**
Prentlistin og upplýsingabyltingin

**Opið kl. 10-22**

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

# ego dekor



-40%

Veggsamstæða í hnotu
Br: 243cm
Hæð: 156cm
Verð áður: 145.000,-
Verð nú: 87.000,-

LOTUS stóll
Fáanlegur í brúnu, svörtu og hvítu
Verð áður: 14.500,-
Verð nú: 11.600,-

-20%





-20%

Leðurstóll
Eingöngu í hvítu leðri
Verð áður: 19.800,-
Verð nú: 15.840,-



-30%

Skápasamstæða
Hvíttuð eik-svart gler
Verð áður: 238.000,-
VERÐ NÚ: 166.600,-



-25%

TV skenkur
Br: 180cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 98.000,-
Verð nú: 73.500,-



-25%

TV skenkur með ljósi
Br: 200cm
Fáanlegur í natural og hvíttaðri eik
Verð áður: 89.000,-
Verð nú: 53.400,-



-40%

TV skenkur
Br: 200cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 106.000,-
Verð nú: 79.500,-

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-70% AFSLÁTTUR

PLANET tungusófi
Stærð: 290x160cm
Verð áður: 256.000,-
Verð nú: 179.200,-



-30%

CLAY leðursófasett
3ja sæta - Verð áður: 145.000,-
Verð nú: 108.750,-
2,5 sæta - Verð áður: 129.000,-
Verð nú: 96.750,-



-25%

Stóll - Verð áður: 79.000,-
Verð nú: 59.250,-



-20%

YORK tungusófi
Stærð: 280x190cm
Færanleg tunga
Verð áður: 245.000,-
Verð nú: 196.000,-



-20%

GRANDO tungusófi
Stærð: 230x157cm
Færanleg tunga
Verð áður: 168.000,-
Verð nú: 134.400,-

AURORA hvítt háglans sófaborð
Stærð: 90x90cm
Verð áður: 37.000,-
Verð nú: 29.600,-



-20%

AIR tungusófi
2 mynstraðir púðar fylgja
Stærð: 297x155cm
Verð áður: 238.000,-
Verð nú: 166.600,-



-30%

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BARNAVERKEFNIN

### Uppeldi nýrra áhorfenda

**Leikhúsin eru tekin** að leggja ríka áherslu á fjölskyldusýningar: Kardemommubærinn, The Sound of Music, Oliver!, Gauragangur. Þetta eru allt verk sem eru stórsýningar og höfða í senn til margra aldurshópa. Nú er það hið besta mál að samverustundir fjölskyldufólks séu styrktar á þennan máta. En þegar kemur að starfi fyrir yngstu börnin hefur Þjóðleikhúsið vinninginn: Kúlan hefur frá því henni var komið á fót einbeitt sér að verkefnum fyrir ung börn undir handleiðslu Þórhalls Sigurðssonar leikstjóra. Hann heldur reyndar aðeins framhjá Þjóðleikhúsinu þar sem hann er fastráðinn með sviðsetningu á Skoppu og Skrítlu á tímaflakki sem kemur upp í Borgarleikhúsinu. Verkefnin í Kúlunni eru nokkur: þar verður boðið upp á sögustund Lilju Guðrúnar Þorvaldsdóttur, leiksýningu um Fíusól en undarlegt er hún að skyldi ekki rata á stærra svið, nýtt verk eftir Áslaugu Jónsdóttur, erlendan gestaleik fyrir börn og barnasýningu á Listahátíð. En hætta er á að Jólaævintýri Dickens með Ladda veki mesta eftirvæntingu.



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

## SÖNGLEIKJAFÁRIÐ

### Það sem trekkir

**Útlit er fyrir** að sex söngleikir verði í boði á komandi vetri: fimm af þeim hafa sést áður á íslensku sviði. Sá fimmti er nýsmíði: Faust sem Vesturport vinnur fyrir Borgarleikhúsið við nýja tónlist Nicks Cave og samverkamanna. Er það þá ekki söngleikur? The Sound of Music, Grease, Oliver!, Gauragangur og Rocky Horror hafa öll sést áður. Söngleikir eru húsunum erfiðir sökum þess að margir þeirra heimta stærri áhorfendasali en kostur er á hér á landi ef þeir eiga að skila bæði stofnkostnaði, sýningarkostnaði og hagnaði. Gryfjur Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar og Borgarleikhússins eru litlar enda eru fullskipaðar hljómsveitir yfirleitt ofviða húsunum þegar manna þarf bæði sólóista og kór á sviði. Menn hætta sér því varlega í verkefni sem ekki hafa verið reynd á íslenskum markaði. En svo má slíta fötum að þau detti í sundur… Eins og maðurinn sagði: Grease, Rocky, Hryllingsbúðin – dettur mönnum ekkert nýtt í hug? Eða er ekkert framleitt lengur af frambærilegum nýjum söngleikjum í veröldinni?



# SLAGURINN UM LEIK

Stóru leikhússtofnanirnar í landinu hafa nú kynnt verkefnaskrá vetrarins sem í hönd fer og hefur stórum kynningarbæklingum verið dreift á fjölda heimila í landinu. Margar spennandi leiksýningar verða í boði og leikhúsin, Þjóðleikhús, Borgarleikhús og Leikfélag Akureyrar stefna á þétta dagskrá. Hart verður barist um leikhúsgesti og gætir samkeppninnar þegar í tilboðum.

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Aðstöðumunur húsanna er mikill: Þjóðleikhúsið hefur hæst framlag allra leikhússtofnana í landinu en býr við erfið og þröng skilyrði í húsnæði þess. Borgarleikhúsið á að baki fyrsta starfsvetur Magnúsar Geirs Þórðarsonar og státar af glæsilegum árangri í aðsókn á allar sýningar sem þar voru í boði. Draumur gamalla Leikfélagsmanna hefur að sönnu ræst í þeim tölum: 207.576 gestir sóttu húsið heim á árinu. Er þar að sannast að aðstaða til harðrar keyrslu í húsinu býr vel að haganlegri aðstöðu. Ekki er þó ljóst hvort mikil aðsókn hefur skilað góðum hagnaði. Mun hann vera rétt um fimm milljónir. Tölur hafa ekki fengist um aðsókn að sýningum Þjóðleikhússins utan að á þremur hafi aðsókn aukist um tuttugu prósent.

Samkeppnin lýsir sér best í tilboðum: Tinna Gunnlaugsdóttir býður mismunandi pakka fjögurra sýninga á 9.900, Magnús býður betur með verðinu 8.900 en Akureyringar og nærsveitamenn geta keypt sér kort á fjórar sýningar á 7.900. Áskriftarkortasala er trygging fyrir öruggri aðsókn og stýrir um leið hvað menn þurfa að gera í frekari sölumennsku til að tryggja að sýningar séu bærilega sóttar. Öll leikhúsin bjóða nú upp á sérkjör fyrir áhorfendur undir 25 ára aldri sem er raunar ný útfærsla á gamla námsmannaafsláttinum sem lengi tíðkaðist. Hjá Borgarleikhúsinu er pakkinn á 4.450 en Þjóðleikhússins á 5.900. Fyrir norðan eru menn ekki búnir að gefa upp verð en svipuð kjör verða í boði og í fyrra.

Þá er athyglisvert að bæjarleikhúsin tvö, á Akureyri og í Reykjavík, ætla sér að halda til streitu þeirri rekstrarstefnu að hafa þéttar sýningar á hverju verkefni og tryggja þannig sem hagkvæmastan rekstur á hverri einingu. Þótt Tinna Gunnlaugsdóttir hafi lýst þeirri stefnu í upphafi ráðningar sinnar hefur reynst erfiðara að standa við það en vonir stóðu til, mest vegna aðstöðuleysi á öllum sviðum leikhússins en ekkert þeirra er sniðið fyrir nútíma leikhúsrekstur. Kemur ríkinu nú í koll langvinn vanræksla á húsnæði Þjóðleikhússins og skammsýni um áþreifanlegan aðstöðumun stærstu leikhúsanna.

Öll taka leikhúsin þrjú upp verk frá fyrra ári: LA ætlar að taka Fúlar á móti aftur til sýninga nyrðra en sú skemmtisýning er nú á fjölunum í Loftkastalanum og hefur gengið vel: á sextánda þúsund gesta hefur notið hennar. Sumarsýning í samstarfi einkaaðila og LR, Við borgum ekki, kemur upp nyrðra og þangað heldur líka Ingvar E. Sigurðsson með einleik sinn sem hann hyggst sýna víða um land í september.

Í Borgarleikhúsinu er haldið áfram sýningum á Söngvaseið. Þú ert hér og Dauðasyndirnar koma aftur á svið í tengslum við Lókal-hátíðina í sama mánuði og Dauðasyndirnar verða aftur í nóvember og desember. Jafnvel verða fleiri sýningar á Flónni í apríl á næsta ári. Við borgum ekki kemur aftur upp í nóvember og desember. Í þessu uppvakta sýningarhaldi á verkum rætist gamall draumur um að sýna megi eftir nokkurra mánaða hlé verk sem voru ekki útgengin.

Í Þjóðleikhúsinu verður Kardemommubærinn aftur á fjölunum og verðlaunaverk Grímunnar, Utan gátta eftir Sigurð Pálsson, er tekið upp en það var leikið þrettán sinnum liðinn vetur og nú er bætt við sex sýningarkvöldum frá 3. september.

Flutningur verkefna frá vori til hausts hefur oft reynst erfiður. Rekstur leikhúsanna sem hefur notið mestra opinberra styrkja hefur lengstaf verið með þeim hætti að leikhúslíf hefur lagst í dróma yfir sumarmánuðina og hefur það mótað starfssamninga en leikhúsfólk vinnur sér inn lengra orlof yfir veturinn. Ekki hefur verið mikill áhugi hjá þeim að breyta því fyrirkomulagi og því standa helstu leikhúsbyggingarnar að miklu ónotaðar nær fjórðung úr ári.

Verkefnaskráin einkennist nokkuð af kunnum verkum af íslensku sviði: Biederman og brennuvargarnir verða sýndir á stóra sviði Þjóðleikhússins en þeir eru best kunnir af hljóðritun Ríkisútvarpsins á sviðsetningu Grímu á sjöunda áratugnum. Íslandsklukkan verður afmælissýn-



**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** verður opið á Menningarnótt til 22.30 og er ókeypis á allar sýningar. Boðið verður upp á fléttudagskrá þar sem spunnið er út frá tveggja alda afmæli landsyfirráða Jörundar hundadagakonungs. Sýndir verða margvíslegir munir frá veru hans hér á landi og spiluð verður tónlist sem ef til vill ómaði á dansleikjum Jörundar.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



TÍSKUSÝNING
KL. 15 LAUGARDAG
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B - 562 6999

KERRUVARAHLUTIR
Úrval af varahlutum og kerruhlutum í flestar gerðir af kerrum.
BRIMCO
Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www.brimco.is

Auglýsingasími 512 5473
;ALLT




Unnur og Pjetur tóku ástfóstri við Esjuna fyrir löngu og hafa gengið með hugmyndina að veitingastað og þjónustumiðstöð við Esjurætur í maganum um margra ára skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Una sér við Esjurætur

**Helginni ætla hjónin Unnur B. Hansdóttir og Pjetur Árnason að eyða við Esjurætur en þar opnuðu þau nýverið veitingastaðinn Esjustofu. Þar er boðið upp á holla og næringarríka rétti fyrir rjóða göngugarpa.**

Unnur B. Hansdóttir opnaði ásamt eiginmanni sínum, Pjetri Árnasyni, veitinga- og þjónustumiðstöðina Esjustofu í byrjun mánaðarins og þar ætla þau hjónin að verja stærstum hluta helgarinnar. Staðurinn stendur við Esjurætur og er hann ætlaður gestum fjallsins og öðrum vegfarendum.

Hjónin hafa í mörg ár stundað útivist í Esjuhlíðum og upplifað jákvæð áhrif sem hreyfing í náttúrunni gefur líkama og sál. Hugmynd að veitinga- og þjónustumiðstöð varð til í einni slíkri ferð fyrir tæpum áratug og er því ljóst að framkvæmdin er engin skyndiákvörðun.

Þau Unnur og Pjetur festu kaup á gömlu húsi sem þau gerðu upp auk þess sem þau hafa látið gera tvær brýr yfir Mógilsá til að greiða götu göngugarpa að staðnum. „Við höfum haft hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi við endurgerð og hönnun húsnæðisins og má segja að næstum því hver einasta skrúfa hafi verið endurnýtt,“ segir Unnur.

Hún segir þau hjónin leggja sig fram um að útbúa sem mest sjálf af því sem boðið er upp á og taka þau mið af náttúrunni í þeim efnum. „Þá reynum við að kaupa allar afurðir eins nálægt okkur og við getum.“ Á boðstólum eru til að mynda íslenskar spelt-vefjur, heimalöguð súpa og heilsubar með hreinsandi söfum og bústi. Einhver sætindi leynast þó inni á milli og er boðið upp á heimalagað súkkulaði, súkkulaðiköku og vöfflur.

Unnur segir staðinn ætlaðan göngufólki sem og öðrum gestum sem vilji njóta veitinga í vinalegu og fallegu umhverfi. „Þá verður viðburðadagskrá allan ársins hring auk þess sem boðið verður upp á salaleigu fyrir stórar sem smáar uppákomur.“

Að sögn Unnar leggja mun fleiri leið sína á fjallið nú en þegar hún og Pjetur byrjuðu að stunda þessa heilsurækt og vonast þau til að sjá sem flesta. *vera@frettabladid.is*


TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
VÍSIR.IS

Innritun í kvöld- og fjarnám
stendur til 26. ágúst Lækkað verð
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is



**LANGTÍBURTISTAN** kallast dagskrá UNIFEM á Íslandi sem heldur opið hús á Menningarnótt frá 13 til 17. Þar er líf kvenna í þróunarlöndunum kynnt með tónlist og ljósmyndum. Hægt verður að klæðast fötum kvenna frá ýmsum heimshornum, þar á meðal búrku.






Arkitektinn Rakel Hafberg brýtur blað í sögu íslenskrar skartgripaframleiðslu – ef ekki heimssögunnnar – með hönnun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Armböndin eru seld hjá Epal í fríhöfn Leifsstöðvar og Minju á Skólavörðustíg.



Rakel býr til hálsfestar, meðal annars úr hraunkúlum og tré.

# Vinnur armbönd og spangir úr hænsnaleðri

**Arkitektinn Rakel Hafberg tók sig til á vormánuðum og hóf tilraunir með athyglisverða nýsköpun, en úr leðri af hænsnalöppum vinnur hún armbönd, hárskraut og fleiri fylgihluti.**

Rakel Hafberg arkitekt segist halda að hún sé fyrst hér á landi til að vinna fylgihluti úr hænsnaleðri. „Mér vitandi hefur enginn unnið með hænsnaleðrið með þessum hætti hér á landi, né hef ég fundið neitt þessu líkt erlendis,“ segir Rakel. Eru fylgihlutir hennar því ekki aðeins íslensk nýjung heldur væntanlega nýsköpun á heimsvísu.

Rakel útskrifaðist sem arkitekt frá Árósum árið 2007 og vann á teiknistofu eftir útskrift. „Ég var í barneignarleyfi frá síðasta sumri og vissi um jól að ég myndi missa vinnuna. Þá fór ég að föndra jólagjafirnar sjálf, gerði alls kyns hálsfestar og skart og gaf mínum nánustu en í kjölfarið fór ég að fá pantanir. Ég ákvað þá að finna mér eitthvað sérstakt og skemmtilegt til að vinna með.“

Rakel kynntist hænsnaleðri fyrir tilviljun og fór að leita að efninu en hérlendis er það ekki framleitt. „Ég spurðist fyrir, meðal annars á Sauðárkróki þar sem þeir súta skinn, en sá að ég yrði að leita út fyrir landsteinana. Það var ekki þrautalaust að finna út úr því en efnið er afar dýrt í framleiðslu og ég hef haft spurnir af því að víða, til dæmis í Þýskalandi, þyki það hreinlega ekki borga sig að vinna efnið.“



Hönnun Rakelar hefur vakið mikla athygli og armbönd hennar eru nú seld hjá Epal Design í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hjá Minju á Skólavörðugstíg. Sjálf opnaði hún búð fyrir nokkrum dögum, þar sem öll hennar hönnun fæst, og er hún á Laugavegi 82.

„Ég ber hlutina sem ég er að vinna alltaf undir nánustu fjölskyldu. Armböndin vöktu til dæmis það mikla lukku að ég ákvað að fara með þau í búðir,“ segir Rakel. Hún tekur einnig sérpantanir og töluvert hefur verið um þær, ekki síst eftir að hún sýndi verk sín á Hönnunar- og handverkssýningu í Hrafnagilsskóla.

*juliam@frettabladid.is*






Ormsteiti er héraðshátíð Fljótsdalshéraðs.

## Fjör á Ormsteiti

ORMSTEITI LÝKUR UM HELGINA.

Ormsteiti er héraðshátíð Fljótsdalshéraðs og Egilsstaða sem hefur staðið yfir frá 14. ágúst og lýkur nú á sunnudaginn.

Í dag er margt í boði að venju. Þar má helst nefna garðtónleika við Gistihúsið á Egilsstöðum klukkan 10, útimarkað í Bragganum og villibráðarsúpu- og brauðkeppni á sama stað. Fatamarkaður verður í Sláturhúsinu og söngvarakeppni barnanna í Bragganum klukkan 14. Fjársjóðsleit verður haldin fyrir litlu börnin, haldin verður hreindýraveisla og Nostalgíu-dansleikur í Valaskjálf um kvöldið.

Á sunnudaginn verður farin gönguferð um Tröllkonustíg, veiðikeppni haldin í Bessastaðaá og auk þess mikil dagskrá á Skriðuklaustri.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á www.ormsteiti.is.



Hrútnar metnir á Landsmóti í hrútadómum í fyrra á Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum.

## Þuklað á Ströndum

**Hið árlega Íslandsmeistaramót í hrútaþukli fer fram á Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum í dag og hefst mótið klukkan 14.**

Fjórir íturvaxnir hrútar eru metnir fyrir fram af dómnefnd, með tækjum og tólum, og þar næst munu þuklarar, vanir og óvanir, fá að spreyta sig á hrútunum og raða þeim í gæðaröð. Farið er eftir sérstöku stigakerfi sem bændur þekkja vel.

Hrútaþuklið hefur notið mikilla vinsælda síðustu árin og kemur fólk að hvaðanæva af landinu til að vera með. Margar uppákomur verða samfara hrútaþuklinu: kaffihlaðborð, skemmtiferðir á dráttarvélvagni og fjölmennt í leiki á íþróttavellinum. Strandferðir bjóða upp á hestaferðir og ókeypis verður inn á safn Sauðfjársetursins í tilefni dagsins.

Síðar um kvöldið er svo að venju slegið upp Bændahátíð og Þuklaraballi í Félagsheimilinu á Hólmavík sem hefst klukkan 18. Átján ára aldurstakmark er á ballið en tónlistarmenn frá Hólmavík leika fyrir dansi eftir að gestir hafa gætt sér á holugrilluðu lambakjöti. Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku á bændahátíðina fyrir fram á netfangið saudfjarsetur@strandir.is.

*- jma*

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862



**VEFSÍÐAN BEBO** verður hinn 25. ágúst næstkomandi nýs tískuþáttar á vefnum sem kallast The Closet, eða Skápurinn. Þáttastjórnandi verður Jameela Jamil, en hún er fyrrverandi fyrirsæta og er þekkt á sjónvarpsstöðinni TV4. www.bebo.is



# Á bikiníi í kengúrulandi

**Líklega eyða fáar þjóðir jafn miklum tíma á sundfötunum og Ástralir, enda skín þar sólin stóran hluta ársins. Nú fer vetri að ljúka í landinu og sumarið kemur með tilheyrandi strandferðum.**

Meðan Evrópubúar undirbúa veturinn og fara að huga að því að taka fram hlýjar ullarkápur, húfur og vettlinga eru Ástralir með hugann við komandi sumar. Í Ástralíu eru jólin til dæmis oft haldin á ströndinni með grilli og varðeldi. Þá þarf að vera smart í tauinu en líklega er fátt meira viðeigandi á ströndinni en litríkur sundfatnaður.

Tískuhátíð var nýlega haldin í Sydney. Þar sýndu innlendir hönnuðir vor- og sumarlínur sínar sem von er á í verslanir þar í landi von bráðar. Sundfatnaður var þar ofarlega á blaði og má hér sjá dæmi um hann.

*solveig@frettabladid.is*



Blátt og mynstrað bikiní þar sem bikiníbuxurnar eru bundnar saman á hliðunum.



Bleik og svört rokkuð sundföt.



Þessi sundbolur er eins og fínasti kjóll að ofan og örugglega flott að binda slæðu um mittið þegar tekur að kólna.

Stelpulegt bleikt bikiní.

Sumarlegt appelsínugult bikiní með pífum.

# Síbreytileg Zellweger

**Renée Zellweger er þeirrar gæfu aðnjótandi að geta skartað hverju glæsidressinu á fætur öðru og það jafnvel sama daginn.**

Þriðjudagurinn var annasamur hjá leikkonunni Renée Zellweger en þrátt fyrir það var útlitið óaðfinnanlegt og gott betur.

Um morguninn mætti hún í spjallþáttinn Good Morning America á ABC-sjónvarpsstöðinni, sem er sendur út frá Times Square í New York, og um kvöldið hélt hún á frumsýningu nýjustu myndar sinnar My One and Only í Parísarleikhúsinu í New York.

Í myndinni leikur Zellweger glæsikvendið Anne Deveraux. Þar sýnir hún enn og aftur hversu auðveldlega hún getur lagað eigin ásjónu að því hlutverki sem hún tekur að sér enda er hún nær óþekkjanleg frá því að hún lék hina bústnu Bridget Jones svo eftirminnilega um um árið.

- ve



Svona leit Zellweger út að morgni þriðjudagsins 18. ágúst.

Hér er leikkonan á frumsýningu My One and Only að kvöldi sama dags. Nýr kjóll en sömu skór.

NORDICPHOTOS/GETTY




## Verslunarstjóri

Óskum eftir að ráða verslunarstjóra í stóra sérverslun með fjölbreyttar heimilis- og neytendavörur.

Óskum eftir skipulögðum einstaklingi með reynslu af verslunarstjórn. Hefur ábyrgð á innkaupum og lagerhaldi svo og starfsmannamálum og markaðmálum ásamt markaðsfólki fyrirtækisins.

**Umsóknir skilist til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, merkt verslunarstjóri-301 fyrir lok miðvikudags 26.8.**

das HRAFNISTA

## Hrafnista í Reykjavík óska eftir að ráða sjúkraliða

Lausar eru stöður sjúkraliða á dvalarheimilinu og á hjúkrunardeildum. Sjúkraliðar taka að sér hópstjórn í aðhlynningu og ýmis sérverkefni. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

**Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma í 585 -9529, eða á magnea@hrafnista.is**

## Grunnskólakennarar

Óskum að ráða grunnskólakennara í 50% starf í Námsver á elsta stigi-íslenska/enska (tímabundin ráðning til 20.02.2010 vegna forfalla)

**Upplýsingar um starfið gefa** Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Erna I. Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009 netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra á netfang þeirra eða í pósti til skólastjóra Álftanesskóla, 225 Álftanesi.

Skólastjóri

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Óska eftir að kaupa 5 khw rafstöð. Bensín eða dísel. Uppl. í s. 896 1976.

## Verslun




Öryggis- og peningaskápar.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE er lausnin fyrir þig. Frábær orka og betri líðan. Unnur karls.867 9126.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

**Tantric Massage of Sacred Touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Barnið

Ungt barnlaust par þarfnast aðstoðar við að láta drauminn um barneignir rætast en til þess þarfnast eggjagjafar. Nánari upplýsingar um eggjagjöf fæst hjá ART Medica s. 5158100, www.artmedica.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR!**
**Mikið úrval af perlum, náttúrusteinum og festingum til skartgripagerðar. Einnig pokar og gjafatöskur. Gott verð. Höldum glerbræðslu - leirmótunar og skartgripanámskeið.**
**Glit, Krókhálsi 5, 110 rvk, s. 587 5411 www.glit.is**

**SCHOOL of ICELANDIC**

**ANGIELSKI dla Poloków**
**Icelandic**
**Enska fyrir börn**

Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, start 31/8Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8.Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8.Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 31/8Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 31/8Level III: 7 weeks 19:45-21:15 st: 31/8.Level IV: 10w. Sat/Sun 14:-15:30; st 29/8. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 4 w;19:45-21:15.start 31/8, 28/9: ENSKA f. BÖRN: start 31/8, 26/10; 8 vikur; kl 16:30-17:30; 5-8 ára; Md/Mið; 9-12 ára: Þri/fim og föstd: framhstig: Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice



Smáskipanámskeið 14/9 - 22/10. Fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 14/9 - 22/10 fjarnám. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

**Glerbræðslunámskeið**
Langar þig að læra glerbræðslu. Koma og búa til jólagjafir. Nú er tíminn. I.sól. S: 896 7935.

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101.

**NULL**
Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Öndvegis leðursófar úr Öndvegi. Keypt á 220 þús. '06 og seljast á 75 þús. og fallegt sófaborð fylgir með. Myndir sjá haninn.is. Uppl. í s. 445 1967 & 770 7274.**

Innbú til sölu. Amerísk svefnh. húsgögn, Borðstofuhúsgögn. Einnig bowflex æfingavél. Uppl í s. 822 8405.

## Dýrahald



Til sölu af sérstökum ástæðum ættbókarfærður 14. mánaða gamall labrador rakki, gulur að lit. Þjálfaður til hálfs fyrir veiði, Ljúfur, fallegur og góður heimilishundur. Veiðihundanámskeið fylgir. Upplýsingar í síma 896 0028.



**Til sölu Dobermann hvolpar (Tíkur)**
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866 7214.



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.



**English Springer Spaniel**
Aðeins 3 rakkar eftir. Verð 110 þúsund. Gunnar í síma 660 1050.

Hreinræktaðir Vizslu hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 860 4280/kiddyoli@gmail.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður

Til sölu nýtt partýtjald stærð 5x10. Galvaníseruð grind og pvc dúkur. Uppl. í s 869 0175.

## Fyrir veiðimenn



**Gæsaveiði-kornakur.**
lLus veiðileyfi í kornakur í Skagafirði. Möguleiki að blanda saman stangveiði og skotveiði. Hús fylgir. Uppl. í s. 868 4043.

Veiðimenn ef þið eruð á leið vestur á firði að skjóta gæs eða rjúpu. hnjoturtravel.is býður uppá gistingu.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
**Rentus**
LEIGUMIÐLUN

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

3. herb. íbúð í Mosfellsbæ til leigu. uppl. í síma 868 1923.

3-4 herbergja íbúð til leigu frá og með 1. sept í Seljahverfi. Íbúðin leigist með uppþvottavél og ísskáp. Leiguverð 120 þús með hússjóði. 3 mánaða trygginga er krafist. S. 695-1756.

Lítið snyrtilegt herbergi í kjallara til leigu á Laugarnesvegi.Aðgangur í íbúð á 2 hæð að eldhusi,baðherbergi,interneti,þvottavél.25.000- 6637686

Herbergi til leigu í 105 RVK,net+eldh+Þvotta. 35Þ. á mán. Uppl. í 824 7209.

Herbergi til leigu. Með sér inngangi W.C. og sturtu, einnig fylgir ísskápur. Svæði 210. Uppl. í síma 565 8426 eða í síma 865 2060 - 898 4635. Reglusemi áskilin.

Til leigu fjögurra herbergja íbúð í Furugrund Kóp. Langtímaleiga. Uppl. í síma 892 5222.

**Tómasarhagi**
35 fm. einstaklingsíbúð til leigu fyrir skilvísan og reglusaman einstakling. Leiga 75 þús með rafmagni og hita. Uppl. í s. 696 6906.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2ja herb. íbúð c.a. 50fm. á jarðh. í Seljahverfi til leigu. 65þús á mán. Einungis fyrir reyklausa. Áhugasamir sendi uppl. til Fréttablaðsins merkt „Húrra".

Til leigu 70fm studio íbúð í Hf., aðeins reyklaust og reglusamt fólk kemur til greina. S. 862 0123.

69fm 2-3ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi Rvk. Gæludýr leyfð. S. 690 6906.

Til leigu 4 herb. íbúð í Hraunbæ (110 Rvk). Er laus strax. Leigist með eða án húsgagna og til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 893 3836; jonsist@simnet.is

2 herb. nýleg íbúð til leigu í Skipholti, 100.000 kr. mán. uppl. í síma 896 2101.

Lítil falleg 42 fm. íbúð í kjallara til leigu í Vesturbæ Rvíkur. Íbúðin er stofa, svefnherbergi, eldhús og bað með sturtu og þvottaaðstöðu. Íbúðin er nýstandsett og leigist fullbúin húsgögnum. Hiti og rafmagn innifalið. Leiguverð 85 þús. kr. Íbúðin er laus strax. Upplýs.í s. 8950104

Til leigu 2ja herbergja 44 fermetra kjallaraíbúð í Auðarstræti (svæði 105). Sérinngangur. 95 þúsund á mánuði. Hiti og rafmagn ekki innifalið. Uppl. í síma 690 0569.

Ertu barngóð og vantar góðan stað til að búa á höfuðborgarsvæðinu? Tilvalið fyrir nema. Sendu línu á frabaer220@gmail.com

**Námsmenn!**
Fullbúið einstaklingsherbergi með sérinngangi í einbýli við Sogaveg (R108). Öll húsgögn, raftæki, ískápur, internet, eldunaraðstaða og vaskur, Privat WC / þvottavél og þurrkaðstaða. 40þ. + rafmagn. S. 892 0844.

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus 1 sept. Uppl. í s. 0045 2820 2880.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Stúdíóíbúð í 111 til leigu. 43fm. Sér garður og sér inngangur. Uppl. s. 866 4754 eða 557 5058.

3-4 herb. íbúð í fossvogi til frá 1.sep - langtímaleiga. Sendist á amb@syning.is

5-6 herb. 140 fm flott íbúð og 50 fm bílskúr til leigu. Klt fjarlægð frá Rvk. Frábær staðsetning og flott útsýni. Uppl í s. 897 8914.

Til leigu 4 herb. íbúð í Smárahverfi í Kópavogi frá 1.nóv.'09 Langtímaleiga f / fjölskyldufólk. Áhugasamir sendi fyrirspurn á absem@simnet.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir vinnustofu c.a. 30-50fm. Uppl. s. 823 1479.

Reglus. par ó.e. íbúð í 101,-5-7. Greiðslug. 80þús. Skilvísar greiðslur. 865 5862.

Háskólanema vantar íbúð nálægt miðb. Rvk. Reykl., reglusamur & skilv. gr. heitið. S. 895 5812.

Óskast smart 3-4 herb. íbúð á Gröndunum 107 Rvk. Langtímaleiga. S. 869 4202.

3-4 herb. íbúð óskast til leigu sem fyrst í póstnr. 201/203. Skilvísi. S. 699 7858.

Reglusöm kona óskar eftir 4 herb+ húsnæði á svæði 110 rvk.Þarf ekki að vera laust strax.Uppl. í síma 6960156/8222434

31 árs gamall karlm. óskar eftir íbúð í 101/105/107 Rvk. Vinsaml. hafið samb. við Einar í s. 695 2413.

Tveir ungir menn að norðan óska eftir 3. herb íbúð miðsvæðis í rvk. Greiðslugeta uþb. 90 þús. S: 8492906

erum par að austan vantar íbúð í 103,104 eða 108. reklaus reglusöm og engin gæludýr. bæði í traustri vinnu. greiðslugeta 100þ.kr S:865-4278

Ung stúlka óskar eftir íbúð. Greiðslug. allt að 90þ. á mán. Er með hund. Reglusemi og skilvísum greiðlsum heitið. Uppl. s. 699 7813.

Er í HÍ og óska eftir 2-3ja herb. íbúð helst í Vesturbænum. Reyklaus, reglusöm og skilvís. Langtímaleiga. Sími 662 1572.

Reglusamur 63 ára einstaklingur óskar eftir ódýrri íbúð á Rvk. sv, gjarnan í úthverfi. S. 847 5545.

Ung hjón óska eftir 2 herb. íbúð. Verðhugmynd 70 - 80 þús. Uppl. í s. 869 4817 & 845 3618.

Reglusöm kona óskar eftir að taka á leigu 2-3ja herb. íbúð. S. 663 1694.

Hjón m/2 lítil börn óska eftir 3 hrb. + íbúð á jarðh. m/sérinng. á höfuðbsv. Erum með 2 smá hunda, rólegir og snyrtilegir. Greiðslug. að 130Þ 898 9629.

## Fasteignir

Vil kaupa hús/sumarhús til flutnings. 40-100m2. Radius frá R.vík að 100 km. Aðeins góð hús koma til greina. S. 899 0369.

## Sumarbústaðir



Þessi bústaður er til sölu, hann er staðsettur í Borgarfirði, ca. 100km frá Rvk. Uppl. í s. 896 7032.



Til sölu 15 fm. sumarhús. Hentar vel sem gestahús. Uppl. í síma 849 7392 eða 893 4609.

Eignaland til sölu á Þórisstöðum í Grímsnesi stærð 6300 fm. Verð 1,4 m. eða tilboð. Uppl. í s. 896 2888.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu- og/eða lagerhúsnæði til leigu í Ármúla, leiga.armuli@gmail.com 6943113

Reyklaus og reglusamur háskólanemandi óskar eftir stúdíó/2 herb. íb. til leigu á Akureyri. Skilvísum greiðslum heitið. S: 8660678

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@hotmail.com

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí í Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 13-19 virka daga og einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.**

**Ræsting**
**Óskum eftir fólki til starfa við ræstingu sem fyrst. Íslensku kunnátta skilyrði. Vinsamlegast leggið inn umsókm á : info@bonbraedur.is**

**Rafvirkjar**
**Vantar rafvirkja með sveinspróf. Um er að ræða þægilega og snyrtilega innivinnu á höfuðborgarsv. Aðeins íslensku mælandi aðilar með hreint sakavottorð koma til greina. Nánari uppl. í s. 660 4090, Birgir. Einnig er hægt að senda tölvupóst á bbrafvertakar@internet.is**

**FISKBÚÐIN HAFBERG**
Vantar duglega og hressa starfsmenn til að sjá um undirbúning fiskrétta og afgreiðslu. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, sjálfstæður og vandvirkur.
Upplýsingar veita Svala og Geir í Síma 588 8686 -820 5887

**Ertu sölumaður ?**
**Bílasala óska eftir sölu- og þjónustufulltrúa**
**Hæfniskröfur:Hæfni í mannlegum samskiptum**
**Rík þjónustulund**
**Skipulögð og öguð vinnubrögð**
**Skilyrði:**
**Góð ensku- og íslenskukunnátta**
**Tölvukunnátta**
**Þekking á faratækjum**
**Við leitum að öflugum og heiðarlegum einstaklingi með frumkvæði, drifkraft og góða athyglisgáfu. Góð laun í boði. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**
**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á solumennska@visir.is**

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL
**Pylsuvagninn í Laugardal**
leitum að hressum, duglegum starfsmanni í afgreiðslu í hlutastarfi. Hentar vel með skóla. Ef þú ert eldri en 18 ára, getur unnið undir álagi, ert snyrtileg/ur og dugleg/ur, sæktu þá um á umsokn. foodco.is. Tekið skal fram að starfið hentar konum jafnt sem körlum.

málning

**Vinna á lager**
**Óskum eftir að ráða starfskraft til lagerstarfa.Viðkomandi þarf að vera kraftmikill, reglusamur og stundvís. Ekki er verra ef umsækjandi hefur gott auga fyrir litum.**
**Umsóknir má senda inn á netfangið malning@malning.is eða líta við á Dalvegi 18 og ræða við Óla lagerstjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

GRÆNN MARKAÐUR

**Blómaheildsalan Grænn Markaður**
**óskar eftir að ráða dugandi sölumann. Starfið er fólgið í þjónustu við stórmarkaði á litlum sendibíl.**
**Fyrirspurnir sendist á netfangið info@flora.is**

Ef þig langar að vinna hjá traustu fyrirtæki ert með haldbæra reynslu og ert starfsmaður sem hægt er að treysta á kíktu þá á okkur. Erum að leita að aðstoðarveitingastjórum. Kíktu á http://umsokn.foodco.is. Kannski er rétta starfið þar fyrir þig?

Passion Reykjavík (Bakaríið Álfheimum 6) Auglýsir eftir fólki til starfa. Um er að ræða 50 og 100% störf. Áhugasamir hafið samband við Davíð í síma 822 7707.

Hamafell ehf. í Hafnarfiðri leitar eftir vönum verkstjóra í fiskmóttöku. Viðkomandi þarf að geta leyst framleiðslustjóra af og unnið öll almenn fiskvinnslu störf. Upplýsingar í síma 565-0830 á milli 9.00 og 15.00 virka daga. Einnig er hægt að senda mail á laufey@hamrafell.is

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Uppl veitir Ingibjörg í síma 661-2826 eftir kl 18:00 á daginn eða Elí á eli@tmi.is

Menn vantar til færeyja! Menn vantar á beitingarvélabáta í færeyjum 20.400kr. á dag í tryggingu. Flugið verdur greitt og húsnæði á svæðinu. Sími 00298-222133.

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að tala við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur, 25-45 ára. Nánar á vef okkar, raudatorgid.is (atvinna).

Hlynur sf óskar að ráða húsasmið til starfa í tímabundin verkefni í 2-3 mánuði. Starfið felst aðallega í utanhússviðgerðum. Upplýsingar gefur Pétur í síma 8652300.

Óskum eftir fólki í vinnu á kvöldin Um er að ræða úthringistarf fyrir tryggingamiðlun. Vinnutímar eru sunnudaga-fimmtudaga frá 18-21:30 Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Góð íslensku kunnátta skilyrði. Hafið samband við kristjan@tryggir.is

**Þrif og mössun**
Leitum af metnaðarfullum, vandvirkum einstaklingi sem skilar góðu handverki við þrif og mössun á bílum. Góð vinnuaðstaða. þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl í s. 567 8686 eða senda email á karl@kar.is www.kar.is

Óska eftir starfskrafti í fullt og hlutastarf í Videohöllina Lágmúla 7. Aldurstamark 18 ára. Umsóknareyðublöð eru á staðnum.

Snyrtifræðingur óskar eftir vinnu. Get byrjað strax. Starfshlutfall 50 - 75%. S:6950121

**Rektu þinn eigin veitingarstað**
Vel búinn veitingast í Kópav. selst ódýrt. Uppl. halldor74@hotmail.com

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslustarfa í bakarí á Seltjarnarnesi. Vinnutími 13-18 virka daga. Nánari uppl. gefur Helena í s. 699 5423.

**Starfsmaður á Akureyri**
Leitað er eftir karlmanni sem er þroskaþjálfi eða hefur sambærilega menntun. Starfið felst í því að vinna inná heimili með 12 ára dreng með sérþarfir og sjá um skólagöngu og daglegt líf hans. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í s 862 6817 / 865 4963.

Óskum eftir starfsmanni eldri en 25 ára, í fullt starf eða hlutastarf. Reynsla og reykleysi er skilyrði og ferilskrá og meðmæli óskast. Uppl. á magnus1220@hotmail.com.

## Atvinna óskast

Handlaginn karl óskar eftir að fá eitthvað að gera, hef unnið við smíðar,samsetningu á húsgögnum svo eitthvað sé nefnt, er til í nánast allt s:821 6880.

Tek að mér þrif í heimahúsum og stigagöngum. er vön.s:6926992

2 menn óska eftir vinnu. Málara, múrara og flísar. S. 849 2908.

Faglærður bakari óskar eftir vinnu, get hafið störf strax. Uppl. í s. 894 8525.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Tapast hefur svart veiðiflugubox. Tapaðist í veiðivötnum síðasta laugardag. Finnandi vinsamlegast hafa samband í s. 862 6264.

## Tilkynningar



## Ýmislegt

HARDFISKUR óskast til kaups í heildsölu,LÚÐA,ÝSA, ÞORSKUR OG STEINBÍTUR. Uppl.um magn og verð sendist:Fiskur09@gmail.com

## Einkamál




Flóðljós 500w m/upptökutæki og nándarskynjara fælir frá óboðna gesti. Símar 867 7866 & 862 2121.

**Á ég að vera draumadísin þín í nótt?**
**Hvað ertu að gera nótt? Ertu einmanna? Hringdu þá í okkur, engin bið nema við séum að tala.**
**Sími 908 6666**



**Rauða Torgið**
Hringdu í Rauða Torgið þegar þú leitar spennandi tilbreytingar. Svaraðu auglýsingum annarra eða leggðu inn þínar eigin auglýsingar, spjallaðu við djarft fólk á spjallrás eða fáðu útrás í heitum símaleikjum með yndislegum símadömum. Skoðaðu símaskránna hér eða á www.RaudaTorgid.is og veldu þína símaþjónustu. Góðar stundir!



Eftirlitsmyndavélar Gættu eigna þinna með myndavélum frá okkur Móttakarar okkar býður upp á allt frá einni myndavél og upp úr Uppl. simar 867 7866 og 862 2121.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Til sölu

**Gistiheimili í eigin húsnæði.**
Til sölu rekstur og húsnæði gistiheimilis sem tekur 40-45 gesti. Mjög góður aðbúnaður og er á öllum helstu bókunarvefjum erlendis. Stækkunarmöguleikar. Uppl.824-2480

**Öflugur söluturn-mikil velta.**
**Mánaðarleg EBITA á aðra millj.**
***Úrval fyrirtækja í síma 824-2480***

## Dansleikir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166
**Í kvöld spilar hljómsveitin**
**Vanir menn**
**Catalina**
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð
Boltinn í beinni!

## Námskeið

**Stjörnuspekiskólinn**
*Nám og starfstækifæri*



*Ég er að fara af stað með vetrarlangt nám sem hefur það markmið að kenna stjörnuspeki og þjálfa fólk í að vinna sjálfstætt sem stjörnuspekingar. Að loknu námi á fólk að geta starfað á eigin vegum eða í samstarfi við mig.*

***Gunnlaugur Guðmundsson***
*Stjörnuspekistöðin, Síðumúla 29, 108 Rvík. Sími 863 1088, **www.stjornuspeki.is***

## Atvinna

**Stýrimaður óskast**
**Stýrimaður óskast í afleysingar á 160 tonna netabát í september.**
**Nánari upplýsingar í síma 854-2806 og 894-2806.**

## Fasteignir

byr fasteignasala
**sími 483 5800**
**Austurmörk 4, Hveragerði, www.byrfasteign.is**
Soffía Theodórsdóttir , löggiltur fasteignasali.

**Arnarheiði 7b, Hveragerði**



Höfum í einkasölu 3ja.- 4ra. herbergja parhús í Hveragerði. Svefnherbergin eru tvö en búið er að útbúa herbergi upp á hálofti og eins er sér rými fyrir borðstofu/sjónvarpshol. Sérlega snyrtilegt eign með afgirtri suðurverönd.
**Eigendur eru tilbúnir að skoða skipti á eign á höfuðborgarsvæðinu.**

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

**Strandvegur – Garðabæ**
**Frábært sjávarútsýni**



Sérlega glæsileg íbúð á frábærum útsýnisstað við sjávarkambinn í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Mikið hefur verið lagt í hönnun (Rut Káradóttir) og eru öll tæki og innréttingar fyrsta flokks. Stærð er samtals með bílskúr 174,3 m² (íbúð 152,1 og bílskúr 22,2). **Pantið skoðun hjá Þórhalli sími 896-8232**

**Upplýsingar : Þórhallur sími 896-8232.**



Elín Viðarsdóttir
Sölufulltrúi
sími: 695 8905
elin@remax.is

RE/MAX Senter

**Kleifarsel 3**



**Skipti möguleg á tveimur eignum - opin staðsetning !!!**
**Opið hús miðvikudaginn 26.ágúst kl. 18.00**
Fallegt hús á tveimur hæðum. Húsið er nýlega málað, skipt um svalir, og allt húsið að innan verið tekið í gegn. Neðri hæð: Forstofa m. fataskáp-halogen lýsing og gestasalerni. Vinnusvæði:Eldhús og borðstofa,þvottahús með innréttingu m. góðu skápaplássi. Stofa með útgengi á veðursælan pall. Efri hæð: Rúmgott sjónvarpshol,útgengi á svalir. Tvö barnaherbergi með skápum. Hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Baðherbergi sem nýlega var tekið í gegn. Dökkar keramik flísar á báðum hæðum og hiti í gólfi víða. Einstakt og sjarmerandi hús í hlýlegu umhverfi.

**RE/MAX SENTER • Skútuvogi 11a • 104 Reykjavík • Sími 414 4700**
**www.remax.is/senter**



Fyrsta stóra frumsýning ársins er í Þjóðleikhúsinu; Frida eftir Brynhildi Guðjónsdóttur. Lofa kynningarmyndir frá liðnu vori sjónarspili um hin grimmilegu örlög listakonunnar ástsælu.

MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

# …HÚSGESTINA

ing á sextíu ára afmæli hússins og er það í fjórða sinn sem sagan ratar upp á svið þar í leikbúningi. Hittari Ólafs Hauks Símonarsonar, Gauragangur, sem vinsæll var í Þjóðleikhúsinu fyrir áratugum, birtist nú í Borgarleikhúsinu með nýrri áhöfn. Loks gefst Akureyringum tækifæri til að heyra Rocky Horror sem komið hefur upp í tvígang í Reykjavík í vinsælum sviðsetningum. Þá má ekki gleyma söngleik Barts, Oliver! sem nú verður fluttur í þriðja sinn hér á landi.

Hver eru þá nýmælin: í Þjóðleikhúsinu er verk Brynhildar Guðjónsdóttur um Fridu Kahlo með tónlist Egils Ólafssonar, leikgerð Baltasars á Gerplu og nýtt verk eftir Braga Ólafsson, Hænuungarnir. Og samstarfsverk Ilmar Stefánsdóttur, Kristjáns Ingimarssonar, Ólafíu Hrannar og Vals Freys Einarssonar: Af ástum manns og hrærivélar.

Nyrðra vekur mesta forvitni leikgerð Jóns Gunnars Þórðarsonar á kvikmyndasögu Luke Moodysson, Lilja4ever, skondin hugmynd um að taka gamla sakamálasögu sem síðar varð kvikmynd og gera úr henni maraþonsýningu fjögurra leikara sem fara með 139 hlutverk.

Borgarleikhúsið er með stærstu efnisskrána í skjóli þriggja aðgengilegra leiksviða. Þar er margt athyglisvert í boði: hjónin Benedikt Erlingsson og Charlotte Böving leiða spunavinnu í tveimur sviðsetningum: Jesú litla og Bláa gullinu. Nýr höfundur kemur fram, Heiðar Sumarliðason, með verk í sviðsetningu Kristínar Eysteinsdóttur, Rautt brennur fyrir. Vesturportsmenn skoða söguna um Faust í nýju verki og þríeykið Jón Páll, Jón Atli og Hallur Ingólfsson, heldur áfram könnun um þjóðarsálina í Góðum íslendingum. Þá snúa Þorleifur Arnarsson og Andri Snær aftur í Eilífri óhamingju sem einnig tekur á stöðu okkar.

Oft er verkefnastaða leikhúsanna greind frá þeim nýju erlendu verkum sem á boðstólum eru: á því sviði stendur Borgarleikhúsið sig betur en Þjóðleikhúsið en liðin ár hefur leikhúsið í Skuggahverfinu eins og Arnar Jónsson kallaði flaggskip íslenskrar leiklistar fyrir margt löngu staðið dyggilega við þá skyldu sína að kynna ný erlend verk en nú er lát á; við Listabraut munum við í vetur sjá verk eftir David Gieselman hinn þýska og Enda Walsh hinn írska. Að ógleymdu vinsældaverkinu August – Osaga Country sem hér verður sýnt undir nafninu Fjölskyldan. Kynningartexti minnir mest á söguþráðinn úr Blessuðu barnaláni eftir Kjartan Ragnarsson, en líkast til er gamanið grárra. Þetta verðlaunaverk vestan úr Ameríku er þegar á leið á hvíta tjaldið og verður forvitnilegt að sjá hvernig amerískt fjölskylduuppgjör hljóðar á okkar tímum og hvernig það rímar við okkar eyju.

Leikhússtjórarnir leggja allir ríka áherslu á samtímalegt gildi verkefnaskrárinnar, enda ríkt tilefni til. Krepputímar hafa löngum verið sagðir ýta undir aðsókn að leikhúsum: samvera hóps við ávarp sviðsins sem má þá sjaldnast vera tómt spaug: fastinn sem sækir leiksýningar og byggir þannig grunninn undir rekstur leikhúsanna er að sækjast eftir öðru bragði líka.

Hin sundraða fjölskylda, grimm ytri og innri örlög þjóðar; greining á fáránleika samtíðarinnar virðist lenda ofarlega á markmiðalista leikhússtjóranna. Og svo er bara sjá hvernig tekst til: heildarmarkaður miðasölu í atvinnuleikhúsum virðist hafa aukist á þessum áratug og vera kominn nærri hálfri milljón seldra miða. Á þessu hausti renna leikhúsin í gruggugt vatn og verður fróðlegt að sjá hvernig áhorfendur taka við því mikla framboði sem fram undan er. Og enginn veit um hinn listræna árangur enda verður hann aðeins mældur í huga og hjarta hvers einstaks manns sem leiksýningar nýtur þótt sumum gangi vel að smíða hrós sjálfum sér til ágætis að ókönnuðu máli.

> Hin sundraða fjölskylda, grimm ytri og innri örlög þjóðar; greining á fáranleika samtíðarinnar virðist lenda ofarlega á markmiðalista leikhússtjóranna.



Tinna er í nauðvörn eftir gott ár í Borgó en heldur sjó.



Farsæl útgerð Maríu þykir sumum rislág en hún lítur til allra átta.



Magnús Geir siglir seglum þöndum en velgengni er mönnum hættulegust.



MYND/VESTURPORT

## SAMSTARFSVERKEFNI

### Lánsfötum flíkað

**Á liðnum árum** hefur komið fram nokkur gagnrýni um að stóru leikhúsin telji samstarfsverkefni inni í áhorfendatölum sínum. Þau hafa nú um nokkurt skeið sett svip sinn á verkefnaskrár leikhúsanna: samkvæmt kynningarbæklingi Borgarleikhússins verða þar á boðstólum átta samvinnuverkefni við sjálfstæða leikhópa. Þjóðleikhúsið býður upp á þrjú samstarfsverkefni við sjálfstæða leikhópa. Nyrðra er samstarf um eitt verkefni en frá fyrra ári var samstarf milla LA og LR um Flóna sem líklega malar norðanmönnum enn gull…



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## VISTASKIPTI LEIKARA OG LEIKSTJÓRA

### Auglýsingabrellur

**Nokkuð hefur verið** áberandi í fjölmiðlaumfjöllun að hinn og þessi leikarinn eða leikstjórinn hafi flutt sig milli leikhúsa eins og í gangi sé eitthvert stríð milli stóru leikhúsanna um mannskap. Þannig þótti það frétt að Hilmir Snær sem verið hefur lausamaður um langt skeið skyldi fastráða sig í Borgarleikhús þar sem hann mun leikstýra og taka þátt í nokkrum sýningum. Eins var með Ingvar E. Sigurðsson sem hefur starfað í báðum húsunum og að auki verið einn burðarása í sýningarhaldi Vesturports erlendis auk þess að sinna kvikmyndaleik. Borgarleikhúsið hefur bætt við sig fleiri kröftum: Ilmur Kristjánsdóttir verður í vetur að æfa í Gerplu hjá Baltasar í Þjóðleikhúsinu og leikur þar meðan hún æfir strax á eftir Gauragang í Borgarleikhúsi. Jóhannes Haukur sem var einn af ásum Magnúsar Geirs fyrsta vetur hans í Borgó er nú farinn í Hellisbúann og leggur svo í Gerplu hjá Balta, eins Björn Thors sem átti að verða burðarás í karlaliði Magnúsar. Þannig flyst fólk á milli og þeir sem eru eftirsóttir og með lausa samninga eða fasta og fá sig lausa tímabundið geta ef vel tekst til verið á fullum launum í tveimur húsum. Leikhússtjórar eiga á hættu að sýningarkvöld rekist á og sami maðurinn þurfi að vera í tveimur húsum sama kvöldið. Þetta er þess bagalegra ef sýningarskeiðið er knappt. Ef Gerpla gengur von úr viti á Hverfisgötunni er hætt við að Ilmur leiki lítið í Gauragangi á meðan og Þjóðleikhússtjóri ráði í raun sýningarskrá Borgarleikhússins. Það fer eftir því hver réði Ilmi fyrst…

# HÚSIN ÞURFA AÐ HAFA *hlutverk*

Yfirskrift Menningarnætur er Húsin í bænum – þekktur staður í ljóði Tómasar Guðmundssonar. Sum hús eru til meiri prýði en önnur og Magnús Skúlason arkitekt leiddi okkur á vit nokkurra þeirra.

HÚSALIST HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

Öll hús þarfnast viðhalds á einhverjum tímapunkti og þarf þá að taka tillit til uppruna húsa. Magnús Skúlason arkitekt nefndi nokkur dæmi um vel heppnuð uppgerð hús og eitt illa heppnað.

„Aðalatriðið við varðveislu húsa er að þau hafi hlutverk. Þá gildir engu hvort þau hafi breytt um hlutverk heldur skiptir einungis máli að þau hafi hlutverki að gegna,“ segir Magnús en hann valdi nokkur uppgerð hús sem honum þykja til fyrirmyndar og eitt sem víti til varnaðar.

„Mörg af þessum húsum eru í svokölluðum schweizer-stíl sem kom hingað til lands frá Noregi en hann barst til Noregs frá Austurríki og Sviss. Einkenni þessa stíls eru mikið timburskraut og útskurður og mikil þakskegg,“ útskýrir hann áhugasamur.

Þegar verið er að gera upp gamalt hús er að mati Magnúsar mikilvægt að leita sér upplýsinga um uppruna hússins. „Gagnlegt er að hafa gamlar myndir til hliðsjónar og þær má til dæmis finna á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni eða Þjóðminjasafni. Á Árbæjarsafni er upplýsingastofa um viðgerðir gamalla húsa sem fróðlegt er að heimsækja en einnig er hægt að leita til Húsafriðunarnefndar og fá þar upplýsingar. Lýst er bæði hvernig skal vinna verkið og hvar finna má þá hluti sem þarf til þess. Loks þarf að fá iðnaðarmenn og jafnvel arkitekta sem kunna til verka.“

Hægt er að sækja um styrki til að gera upp gömul hús en líkt og víða skortir helst fé í slíka sjóði. „Í raun vantar bara fé hjá Reykjavíkurborg sem sér um Húsverndunarsjóð og svo er ríkið með sinn Húsafriðunarsjóð sem ég kom að um langt skeið. Styrkirnir eru í smáskömmtum,“ segir Magnús og bætir við: „Þó að aukakostnaður fylgi til dæmis vönduðum gluggum af upprunalegri gerð er sá kostnaður hverfandi þegar litið er til heildarkostnaðar við að gera upp gömul hús sem og til lengri tíma. Halda þarf öllum húsum við.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Á Stýrimannastíg 10 gefur að líta eitt af glæsilegri schweizer-húsum borgarinnar. „Húsið er sérstaklega gott dæmi um schweizer-stílinn og þar bjó frægur kaupmaður, Óttar Ellingsen, sem stofnaði verslunina Ellingsen. Hann var fyrsti eigandinn og byggði húsið en núverandi eigandi hefur lagt stolt sitt í að gera húsið fallega upp,“ segir Magnús.**



**Magnús Skúlason arkitekt hefur mikla reynslu af endurgerð gamalla húsa en hann er fyrrverandi forstöðumaður Húsafriðunarnefndar og hefur því ákveðnar skoðanir á málum.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MYND/MAGNÚS

**Fyrsti eigandi Lindargötu 54 var Einar J. Pálsson trésmiður og var hann svokallaður forsmiður. „Hann var eins konar arkitekt, það er meira menntaður trésmiður, og kallast þeir forsmiðir. Hann sótti menntun sína til Danmerkur og teiknaði mjög fín hús eins og iðnaðarmannahúsin við Lækjargötu og fleiri. Lindargata 54 var hans eigið hús og ber höfundarmerki hans,“ segir Magnús. „Húsið hefur verið mjög fallega uppgert og setur svip á þennan bút af Lindargötu.“**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Magnús nefnir eitt dæmi um hús þar sem viðgerðin er að hans mati illa heppnuð. „Á Spítalastíg 4-6 er að finna hús frá árinu 1899 sem Lárus Pálsson smáskammtalæknir byggði. Þar eru gluggarnir fyrst og fremst til vansa og handrið á tröppum. Húsið er enn fallegt en líður fyrir gluggaumgjarðir og -gerð, bæði í kjallara og á efri hæðum, sem eru í allt öðrum stíl.“**



**„Í Ingólfsstræti 10 er mjög glæsilegt hús frá árinu 1907 sem er blanda af schweizer-stíl og klassík. Þar hafa eigendur verið sammála um að gera húsið vel upp, í upphaflegum litum. Þetta er mjög gott dæmi um fallega uppgert hús,“ segir Magnús ákveðinn.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Húsið að Þingholtsstræti 7 er frá árinu 1880. „Nýr eigandi ætlaði að skipta um bárujárn og þá komu í ljós merki eftir mjög fallega gluggaumgjörð sem við köllum bjóra. Þá ákvað eigandinn að fara í uppruna hússins. Húsið var gert mjög fallega upp samkvæmt þeim ummerkjum sem fundust undir járninu.“**



**Þingholtsstræti 29 var byggt árið 1899 og er svokallað katalóghús, og kom tilbúið í einingum til landsins. „Fyrsti eigandinn var Jón Magnússon, sem var þá landritari en varð síðar ráðherra,“ útskýrir Magnús og nefnir að nýbúið sé að mála húsið í upphaflegum litum.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# MAÐUR TEKUR STRÆTÓ



# Á MENNINGARNÓTT

**LAUGARDAGINN 22. ÁGÚST**

**FLEIRI STRÆTÓFERÐIR - AUKIN ÞJÓNUSTA**

**FARMIÐASALA – VONARSTRÆTI OG HLEMMI**
Í tilefni dagsins verður Strætó með bækistöð við Vonarstræti þar sem hægt verður að fá upplýsingar um ferðir og kaupa farmiða til klukkan 1 eftir miðnætti. Á Hlemmi verður farmiðasalan opin lengur en vanalega, eða til kl. 1 eftir miðnætti.
Auk hefðbundinna farmiðaspjalda og dagpassa verður í tilefni dagsins hægt að kaupa staka farmiða á 250 kr.

**FLEIRI FERÐIR Á MENNINGARNÓTT**
Flestar strætóleiðir verða farnar líkt og á virkum degi og um kvöldið ganga vagnarnir áfram á hálftíma fresti til klukkan 1 eftir miðnætti. Leiðirnar sem um er að ræða eru leiðir 1 til 19.
**Síðustu ferðir fara frá Hlemmi og Vonarstræti um kl. 1 eftir miðnætti.**

**BREYTTAR AKSTURSLEIÐIR**
Vegna maraþonshlaups og annarra viðburða í borginni breytast sumar akstursleiðir Strætó. Upplýsingar um breytingar finnur þú á strætó.is eða í farmiðasölunni Vonarstræti og á Hlemmi.

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 46987 08.2009





# HLEYPT Á SÁLMAFOSSI

**Sjö nýir sálmar eftir sjö skáld og sex hljómsmiði verða fluttir í kirkjunni á holtinu í dag kl. 15.**

TÓNLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það er orðinn fastur passi á Menningarnótt í Reykjavík að Sálmafoss, dagskrá sem daglangt er helguð sálmasöng, leikra og lærðra, dregur til sín straum af gestum. Hallgrímskirkja liggur þannig miðsvæðis við athafnasvæði borgarlífsins að það er í leiðinni fyrir marga að koma þar við. Kunnugir vita að þar er í boði frumflutningur á nýjum íslenskum sálmum og eftir því sem á daginn líður má setjast framarlega í kirkjuskipinu þar sem gestir eru leiddir í gegnum hin nýju lög sem eru allir samdir við ný ljóð. Þetta er fallegur siður og þau eru í ár sjö nýju sálmablómin sem springa út nokkrum sinnum þennan dag í kirkjunni á holtinu.

Frumflutningur er kl. 15 í dag: þá flytur Mótettukór Hallgrímskirkju sálmana sjö undir stjórn Harðar Áskelssonar: höfundar þeirra og heiti eru: Sigurður Pálsson/Margrét Kristín Sigurðardóttir – „Ákall“, KK – „Á hverjum degi, Drottinn minn ég bið“, Jóna Hrönn Bolladóttir/Gunnar Gunnarsson – „Hún laugaði fætur Jesú“, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson/Sigurður Flosason – „Lifandi Guð“, Sveinbjörn I. Baldvinsson/Tryggvi Baldvinsson – „Höfundur húmblárra fjalla“, Böðvar Guðmundsson/Jón Hlöðver Áskelsson – „Ég heyri þig“, Gerður Kristný/Bára Grímsdóttir – „Verndarvængur“. Síðar um daginn verða gestir leiddir nokkrum sinnum gegnum þessa nýju sálma í samsöng: kl. 16, 17, 18, og 20.

Milli samsöngsatriða er flutningur á kirkjulegri tónlist af ýmsu tagi þar sem fram koma Gradualekór Langholtskirkju sem syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar, Kór Lágafellskirkju undir stjórn Jónasar Þóris sem einnig leikur á orgel, og Schola cantorum. Þá er fléttað inn í dagskrána orgelleik á orgel hússins og kl. 20.15 verður „Hammond hymnódía“ þar sem þeir Þórir Baldursson á Hammond-orgel, Gunnar Gunnarsson á Klais-orgelið og Sigurður Flosason á saxófón leiða saman hesta sína. Dagskránni lýkur svo með kvöldbæn og lokasálmi kl. 21.40.

Innlit á dagskrána í kirkjunni er löngu orðið fastur liður hjá mörgum sem eru á ferðinni í miðborginni á Menningarnótt. Þú ert velkominn í hópinn.



**Gerður Kristný er meðal þeirra skálda sem eiga ljóð við lag í sjö nýjum sálmum dagsins í Hallgrímskirkju. Hún fær lag frá Báru Grímsdóttur við ljóðið sitt en sálmurinn heitir Verndarvængur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Á eftir artFart er Lókal

Það linnir ekki uppákomum í dramadeildinni. Enn stendur yfir leiklistarstefna grasrótarinnar – artFart og strax eftir mánaðamót hefst Alþjóðlega leiklistarhátíðin í Reykjavík – sprottin upp af engu – Lókal. Hún fer fram í Reykjavík helgina 3.-6. september. Hátíðin, sem er sú eina sinnar tegundar hérlendis, var haldin í fyrsta sinn í mars 2008. Þá var athyglinni beint að nokkrum atvinnuleikhópum sem hafa verið í fararbroddi í nýsköpun í leiklist í Evrópu og Bandaríkjunum.

Í ár verður lögð áhersla á að sýna metnaðarfullar íslenskar leiksýningar frá liðnum vetri og því gefst leikhúsáhugafólki kjörið tækifæri til þess að meðtaka á einni helgi nokkuð af því markverðasta sem er á seyði í leiklistarlífi landans. Leikfélag Reykjavíkur býður upp á Dauðasyndirnar og Þú ert hér, Þjóðleikhúsið sýnir Utangátta, Ég og vinir mínir sýna Húmanímal og Áhugaleikhús atvinnumanna frumsýnir Ódauðlegt verk um stríð og frið auk þess að sýna Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna og Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi.

Þá verða einnig sýnd þrjú útskriftarverkefni nemenda í Fræði og framkvæmd frá síðastliðnu vori, þeirra Leifs Þorvaldssonar, Ástbjargar Rutar Jónsdóttur og Hlyns Páls Pálssonar. Erlendir gestir hátíðarinnar koma frá Dublin; Fishamble; The New Play Company sýnir Forgotten eftir Pat Kinevane í leikstjórn Jims Culleton, en leikhúsið hefur ferðast með þessa sýningu um Evrópu og til Bandaríkjanna og hlotið frábærar viðtökur áhorfenda.

Eitt af markmiðum aðstandenda Lókal að þessu sinni er að fá til landsins listræna stjórnendur leiklistarhátíða vestan hafs og austan til þess að kynna þeim íslenskt leikhús. Útsendarar frá mörgum af virtustu leiklistarhátíðum hafa boðað komu sína, meðal annars frá Wiener Festwochen, Dublin Theatre Festival og listahátíðinni Transamerica í Montréal.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar www.lokal.is



**Áhugaleikhús atvinnumanna verður með þrjár þematengdar sýningar á hátíðinni.** MYND/ÁLAM


**Tónlistarnám fyrir þig!**

popp blús djass sönglög





Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

"Markmið mitt er að gefa sem flestum tækifæri til að stunda tónlistarnám því tónlist er stór hluti af lífi okkar og veitir ómælda gleði og ánægju .

Nú gefst þér tækifæri til þess að stunda skemmtilegt tónlistarnám - sem fyrr eru allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir, ungir og aldnir."

- Píanó
- Harmónika
- Raf- og kassagítar
- Lagasmíðar
- Bassagítar

**Skráning hafin á haustönn - enginn biðlisti!**

**Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888**

Frístundakort

tónheimar

Tónheimar - Fákafeni 9 - tonheimar@tonheimar.is




| MÁNUDAGUR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 6:20-07:10 Spinning-Lára | 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 6:20-07:10 Spinning-Lára | 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 9:15-10:15 MRL-Callie |
| 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 07:15-08:00 Gravity (lok.)-Lára | 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 07:15-08:00 Gravity (lok.)-Lára | 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 10:20-11:20 Kviðbani-Callie |
| 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 09:00-10:00 Kvennasm. (lok.) -Heiðrún | 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 09:15-10:15 Tækjakennsla-Heiðrún | 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 10:25-11:25 BodyCombat-Nanna/Sæunn |
| 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 09:15-10:15 Móðir og barn-Helga | 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 09:15-10:15 Móðir og barn-Helga | 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 10:30-11:15 Gravity (lok.)-Kojak |
| 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 12:00-12:45 Gravity (lok.)-Patricia | 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 12:00-12:45 Gravity (lok.)-Patricia | 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 11:30-12:30 Magadans framh.-Sigga |
| 12:05-12:55 BodyStep-Svava | 12:05-12:55 Hádegispúl-Callie | 12:05-12:55 BodyStep-Svava | 12:05-12:55 Hádegispúl-Callie | 12:05-12:55 BodyStep-Ása | **SUNNUDAGUR** |
| 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 13:30-14:30 Leikfimi-Nana | 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 13:30-14:30 Leikfimi-Nana | 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 10:15-11:15 BodyPump-Hildur/Patricia |
| 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 16:15-17:15 MRL-Callie | 13:30-14:30 Pilatesleikfimi-Beta | 16:15-17:15 MRL-Callie | 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 11:20-12:20 Salsa-Þórunn |
| 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 17:15-18:00 Gravity (lok.)-Kojak | 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 17:15-18:00 Gravity (lok.)-Kojak | 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 12:30-13:30 BodyStep-Svava/Ása |
| 17:00-18:00 Tækjakennsla-Heiðrún | 17:20-18:20 Púltími-Callie | 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 17:20-18:20 Púltími-Callie | 17:20-18.20 BodyPump-Jón Þór | |
| 17:15-18:15 Latin fitness-Þórunn | 17:20-18:20 BodyCombat-Sæunn | 17:20-18:20 BodyPump-Patricia | 17:20-18:20 BodyCombat-Sæunn | 18:30-19.30 BodyCombat- Nanna/Sæunn | |
| 17:20-18:20 BodyPump-Patricia | 17:35-18:20 RPM-Jón Þór | 17:15-18:15 BodyJam-Sæunn | 17:35-18:20 RPM-Jón Þór | | |
| 18:25-19:25 Stöðvaþjálfun-Kojak | 18:25-19:25 Magadans-SiggaNanna | 18:25-19:25 Stöðvaþjálfun-Kojak | 18:25-19:25 Magadans-SiggaNanna | | |
| 18:30-19:30 BodyAttack-Ása | 18:35-19:20 Gravity (lok.) Callie | 18:30-19:30 BodyAttack-Ása | 18:35-19:20 Gravity (lok.) Callie | | |
| 18:35-19: 20 RPM-Guðrún | 18:25-19:25 Tæ box-Kojak | 18:35-19: 20 RPM-Guðrún | 18:25-19:25 Tæ box-Kojak | | |
| 19:30-20:15 Gravity (lok.)-Kojak | 19:30-20:30 BodyPump-JónÞór | 19:30-20:15 Gravity (lok.)-Kojak | 19:30-20:30 BodyPump-JónÞór | | |
| 19:40-20:40 Afró-Sigrún og co. | 19:30-20:30 Jóga-Steinunn Anna | 19:40-20:40 Afró-Sigrún og co. | 19:30-20:30 Jóga-Steinunn Anna | | |

*Birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur*

Ný og glæsileg stundaskrá hefst 7. sept. nk

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is

## NÝJAR BÆKUR

**Heitar laugar á Íslandi** eftir Jón G. Snæland og Þóru Sigurbjörnsdóttur er komin út. Í bókinni er fjallað um hið sérstæða fyrirbæri í náttúru Íslands, heitar laugar, bæði frá ósnortnum náttúrulaugum og manngerðum laugum sem skemmtilegt er að




skoða og njóta. Þær eru bæði í byggð og í óbyggðum og á misfjölförnum slóðum. Bókin hentar vel á ferðalögum ef fólk vill bregða sér í heitt bað. Þar sem oft getur reynst erfitt að finna einstakar laugar, sérstaklega á hálendinu, fylgja GPS-punktar öllum laugunum sem fjallað er um en þær eru á annað hundrað. Ljósmyndir eru af þeim öllum og fjörlegar leiðar- og náttúrulýsingar gera bókina að ómissandi förunaut á ferðalögum. Loks eru vönduð kort í bókinni til að auðvelda notkun hennar. Skrudda gefur út.

**Flóttinn frá Reykjavík** eftir Hugleik Dagsson er blóðsósa framhald sögunnar af eineygða kisanum og ástandinu. Kisi er snúinn aftur, úrræðagóður og morðóður sem aldrei fyrr, en í fjórðu




bókinni um eineygðu hetjuna glímir hann enn ásamt félögum sínum við „ástandið". Við sögu koma meðal annars andsetinn krullhærður píslarvottur, skilningslaus útgefandi og undirheimar Íslenskrar erfðagreiningar sem ef til vill geyma lykilinn að framtíð þessarar hrjáðu þjóðar. Hugleikur Dagsson má kallast ókrýndur myndasöguprins íslensku þjóðarinnar. Hann hefur ennfremur séð um útvarpsþætti, gert vídeóverk, sinnt myndlist og skrifað leikrit. JPV forlag gefur út.

**Í nýrri útgáfu af Ritinu,** tímariti Hugvísindastofnunar, er sjónum beint að hugtakinu „tilbrigði" (e. variation), sem hefur verið mjög á döfinni í hugvísindum síðustu áratugi í kjölfar efasemda um ótvírætt gildi hins „upprunalega" og ráðandi stöðu hins staðlaða. Í heftinu eru þrjár greinar um tilbrigði í máli eftir íslenska málvísindamenn, Höskuld Þráinsson, sem fjallar um tilbrigði frá sjónarhóli málkunnáttufræði, Sigríði Sigurjónsdóttur, sem fæst við tilbrigði í máli barna, og Helga Skúla Kjartansson, sem fjallar um nýjungagildi tilbrigða í máli. Einnig




er birt grein eftir bandaríska málfræðinginn Anthony Kroch í þýðingu Sölku Guðmundsdóttur. Til viðbótar eru greinar um annars konar tilbrigði. Yelena Sesselja Helgadóttir fjallar um tilbrigði í byggingu færeyskra skjaldra sem eru náfrændur íslensku þulunnar. Tvær greinar fjalla um myndasögur eftir Úlfhildi Dagsdóttur og Bergljótu S. Kristjánsdóttur. Ritið er tímarit Hugvísindastofnunar.Gestaritstjórar þessa heftis eru Ásta Svavarsdóttir og Þórhallur Eyþórsson.



Helena og Elín við æfingar á myndlistargerningi sínum í túninu heima. MYND/ELDMÓÐUR

# MÁ BJÓÐA ÞÉR Eldmóð á ostinn

Mörg eru uppátækin sem munu gleðja mann í dag á göngu. Tvær myndlistarkonur verða á ferðinni með undralyf fyrir mædda þjóð.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það verður um tvöleytið í dag sem þær stöllur Helena Hansdóttir og Elín Anna Þórisdóttir arka af stað frá sultugerð sinni með hlaðinn barnavagn, Emmaljunga árgerð '78, fullan af sultunni Eldmóði.

Erindi þeirra í bæinn er að hressa upp á mædda þjóð en sultuna gefa þær í stroku á ost til að hressa mönnum geð. Helena segir uppskriftina vera leyndarmál en þó megi geta þess að sterkur chilipipar gefi henni bragð.

„Hann eykur mönnum kynorku og eykur blóðið líka til heilans," segir hún. „Menn verða langtum hressari eftir að hafa fengið sér flís af osti með Eldmóði." Það er víst ekki hollt að missa hófsemd í skömmtum af Eldmóði. Þó er stutt í að menn fái hugmyndir sem ekki er skynsamlegt að framkvæma.

Þær arka af stað upp úr tvö í dag og ef menn vilja ná í þær fljótt og vel er pöntunarsími opinn 842 5642. Þær eru glaðar að fá hringingu meðan birgðir endast.

Næturhrafnar skulu samt ekki hringja seint þegar þrekið er tekið að dofna. Eldmóður er fyrir allsgátt fólk.







SÖNGSKÓLI
Maríu Bjarkar
María Björk
Skólastjóri / Söngkona
Regína Ósk
Yfirkennari / Söngkona
Guðbjörg
Söngkona
Lísa
Söngkona
Sessý
Söngkona
Guðrún Árný
Söngkona
Ágústa Ósk
Söngkona
• 15 ára reynsla
• Tökum frístundakortið
• Erum enn með besta verðið
Nýtt
14 ára og eldri taka upp söng sinn á geisladisk í fullkomnu hljóðveri
Haustönn að hefjast
Innritum alla helgina
1. Forskóli 3-5 ára
2. Börn 5-12 ára
3. Unglingar 13-15 ára
4. Fullorðins námskeið
5. Einkatímar
Gestir á námskeiði
Ingó
Jóhanna
Skráning og upplýsingar: www.songskolimariu.is
Sími: 588 1111 & 897 7922 • Fákafeni 11 • songskolimariu@songskolimariu.is
Nú eru allir Söngvaborgar DVD diskarnir og "Is it true" með Jóhönnu komnir í verslanir
SÖNGVABORG 1&2
SÖNGVA BORG 3
SÖNGVA BORG 4
SÖNGVA BORG 5
Söngvar og leikir
Includes IS IT TRUE
Yohanna
Auglýsing - össi - 772 6262

## AÐ TJALDABAKI

**Friðrik Þór Friðriksson** hefur löngum talið haustið besta frumsýningartíma íslenskra bíómynda. Stóð til að



frumsýna mynd hans, Mömmu Gógó, í næsta mánuði en nú mun afráðið að hún verði frumsýnd 26. desember. Hvalahryllingur Júlla Kemp og Algjör Sveppi og leitin að Villa verða báðar frumsýndar í september, auk The Good Heart eftir Dag Kára, en sú frumsýning er í Toronto á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni þar.

**Það verður kvikmyndaveisla** fyrir áhugasama í september: Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík stendur frá 17.-27. september með stórri dagskrá og Nordisk panorama hefst 25. og lýkur 30. sept. Nýjar myndir sturtast yfir okkur í nær tvær heilar vikur. Sjá www.riff.is og www.nordiskpanorama.com. En startið á kvikmyndaveislunni verður sýning á vali þeirra kvikmynda sem keppa um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Keppnismyndirnar verða kynntar á kvikmyndahátíðinni í Haugasundi 27. ágúst en myndirnar verða sýndar hér á landi helgina 11.-13. september í háskólabíói.

**Önnur hátíð** mun setja svip sinn á fyrri hluta mánaðarins,



Bókmenntahátíðin í Reykjavík. Þar verður mikið fjör og skeggrætt um orðsins listir og er gestalistinn þegar tekinn að væta listlauka bókamanna. Sjá www.bokmenntahatid.is. Þar munu koma margir góðir gestir og stíga á pall með innlendum höfundum og skáldum. Hátíðin hefst hinn 6. september. Meðal þeirra sem koma hingað af erlendum gestum eru Anne B. Ragde, Michael Ondaatje, Tariq Ali og Sofi Oksanen, og þá eru örfá nöfn nefnd.


# Láttu þér líða vel







**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Innifalið í öllum meðlimakortum: Er þjálfun í tækjasal undir leiðsögn þjálfara sem útbýr sérsniðna æfingaáætlun fyrir þig, fylgir þér eftir í salnum, stillir tæki og leiðbeinir þér í hvert skipti sem þú kemur að æfa. Einnig eru fjölbreyttir hóptímar í boði, aðgangur að heilsulindinni þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði í hvert skipti sem þú kemur. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, tvær ilmgufur ásamt slökunarlaug.

Úti á veröndinni er sauna og heitur pottur ásamt sólbaðsaðstöðu. NordicaSpa er einnig með nudd- og snyrtistofu og fá meðlimir 10% afslátt af öllum líkams- og snyrtimeðferðum.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Herþjálfun Patrick | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | Spinning Begga | | Fitubrennsla Niki | | |
| 09:00 | Leikfimi Marta | | Leikfimi Marta | | 20-20-20 Fjóla | Qi gong Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 10:30 | | | | | | |
| 11:05 | Pallabrennsla Gunnar Már | | | | Pallabrennsla Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Hrafnhildur | | Spinning Marta | | Spinning Marta | Yoga Sigríður |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Spinning Svava | Body Pump Hrafnhildur | Body Attack Guðrún María | Spinning Begga | | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 19:30 | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | | |

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA



**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# ÓDÝRT Í SKÓLANN !!!

VIÐ ERUM LANG
ÓDÝRASTIR !!!
Í NÁMSBÓKUM

Samkvæmt
verðkönnun
Morgunblaðsins
21. ágúst 2009

Tilboðin gilda 22 og 23 ágúst eða meðan birgðir endast, takmarkað magn

189
Tímaritabox plast
BX4010 11

49
Teygjumappa pappa
office-line

49
Teygjumappa plast
office-line

49
Skrúfblýantur
ED235622

29
Plastmappa þunn
2ja gata
bx3233

49
Reikningsbók A4
ED50584

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 S: 5331010
LAUGAVEGI 126 · S: 8208392
griffill.is

OPIÐ
LAUGARD. 10-20
SUNNUD. 12-20

# Af mörgu að taka á Menningarnótt



Það er hátíð í bæ og í dag mun fjöldi manns streyma í miðborgina til að sækja menningarviðburði sem standa yfir langt fram á kvöld. *Anna Margrét Björnsson* tók púlsinn á nokkrum Reykvíkingum um hvað þeir ætla að gera á Menningarnótt.



## VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR
**leikkona**

Við Esther Talía vinkona mín erum með okkar árlega flóamarkað á Óðinstorgi, þannig að ég verð fyrir framan húsið mitt við Óðinstorg frá 12 til 18 að selja af mér spjarirnar. Á rás fyrir Grensás verður með uppákomur á torginu, Lay Low og Ragnheiður Gröndal ætla að spila sem og fleiri og Dagur og Arna, nágrannar mínir, ætla að steikja vöfflur ofan í gesti og gangandi svo það verður mikið líf á Óðinstorginu. Svo um kvöldið ætla ég að bruna upp í bústað til fjölskyldunnar sem er þar í berjatínsluferð.

## BIRGIR ÖRN STEINARSSON
**tónlistarmaður**

Ætli ég sofi ekki fram yfir hádegi þar sem ég er að plötusnúðast fram eftir nóttu. Svo finnst mér líklegt að ég taki þátt í Latabæjarhlaupinu með stráknum mínum og frænda hans. Síðast létum við ekki grenjandi rigningu stoppa okkur - samt fékk ég enga medalíu. Planið er svo bara að vera á ráfi niðri bæ. Væri alveg til í að sjá tónleika Páls Óskars og Moniku á Listasafni Einars Jónssonar kl. 18, rölta svo heim að borða. Fara svo aftur niður í bæ og sjá Megas & Senuþjófanna, kíkja í Hljómskálagarðinn og sjá eitthvað þar. Enda svo á rokkabillíkvöldi Langa Sela og Skugganna í Iðnó og tvista!





## RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR
**sundkona**

Eg ætla að hlaupa tíu kílómetra í maraþoninu í fyrsta sinn. Það er að segja ef ég verð ekki of þreytt eftir heimsmeistaramótið en ég var bara að koma heim. Ég ætla að styrkja Krabbameinsfélagið með hlaupinu. Ég hleyp aldrei þannig að ég býst frekar við því að ég skokki þetta. Um daginn langar mig bara að rölta um og njóta stemningarinnar og kíkja meðal annars í verslunina Nálina þar sem boðið verður upp á prjónakennslu. Um kvöldið ætla ég svo í grillveislu í miðbænum en þaðan get ég notið útsýnis af svölunum yfir flugeldasýninguna.


# Bodrum - Tyrkland

## 19. sept. - 9 nátta ferð

## frá kr. 139.900

**Ótrúleg sértilboð!**
**Með öllu inniföldu**

### *Aðeins örfá sæti í boði!*

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til Bodrum, eins eftirsóttasta áfangastaðar Tyrklands, 19. september í 9 nætur. Í boði er gisting á völdum hótelum með „öllu inniföldu", þ.e. Hotel Eken Resort, L'Ambiance Resort og á lúxushótelinu La Blanche Resort & Spa.

L'Ambiance Resort er gott og notalegt hótel sem líkað hefur mjög vel meðal gesta okkar, Eken Resort er gott og vel staðsett hótel og La Blanche Resort & Spa er sannkallað lúxushótel þar sem allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið. Athugið að í heimflugi er millilent í London.

„Allt innifali" sem felur m.a. í sér morgun-, hádegis- og kvöldverð auk innlendra óáfengra og áfengra drykkja frá morgni til kvölds (ca. til kl. 23-24, mismunandi eftir gististöðum). Fyrir ýmsa þjónustu á hótelunum þarf að greiða sérstaklega.



Kr. **139.900** - með „öllu inniföldu" í 9 nætur

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 9 nætur á Hotel Eken Resort. Gisting á L'Ambiance Resort kr. 10.000 aukalega. Gisting á La Blanche Resort & Spa kr. 45.000 aukalega. Athugið að í heimflugi er millilent í London.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




## GUNNAR HILMARSSON
**fatahönnuður og eigandi Andersen & Lauth**

Ég ætla að byrja daginn á því að hlaupa 21 km í maraþoni til styrktar Amnesty International. Ég hef áhyggjur af hvað mannréttindi eru tekin lítið alvarlega í heiminum. Eftir það ætla ég að njóta miðbæjarins, og fara síðan á sýningu Ólafar Erlu. Þar sem ég á afmæli ætlum við hjónin út að borða með börnunum okkar tveimur og vinum. Svo enda ég eflaust kvöldið heima í stofu með þreyttar lappir upp í loft og fæ vonandi gjafir!



## ESTER BÍBÍ ÁSGEIRSDÓTTIR
**tónlistarkona**

Menningarnótt er nú ekki nótt heldur frekar svona martraðarkenndur dagur þar sem maður kemst ekki úr sporunum og deginum er eytt í að reyna að finna klósett. Ég verð eitthvað að vinna og svo úti að hjóla að leita mér að einhverju að gera með stráknum mínum þremur. Kannski er best að skreppa bara í hjólatúr um Mjóddina, þar verður enginn nema við og náttúran. Um kvöldið verður svo sushi-partý heima hjá mér og svo tek ég stefnuna á rokkabillíball.



# Breytingar á ferðum Strætó

## frá og með 23. ágúst

Á flestum leiðum fjölgar ferðum svipað og síðasta vetur.

Akstursleiðir **18**, **19**, **22**, **24** breytast lítillega.

Ferðum fækkar á leiðum **21**, **51** og **57**.

Leið **26** er ný leið sem tengir Grafarholtið við Grafarvog og Árbæ.

**Leið 58 hættir akstri**.

ÍSLENSKA SIA.IS STR 46991 08.2009

**Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á strætó.is og í nýrri leiðabók sem fæst á öllum sölustöðum Strætó.**

strætó.is



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Tennis** Skemmtilega snobbað sport svona síðsumars og krefjandi í þokkabót. Svo er líka hægt að vera í stuttu pilsi og stynja allan tímann.

**Rokkabillí og tvist** Slík kvöld verða æ algengari á öldurhúsum borgarinnar og á Menningarnótt verður tvist-kvöld á Hemma og Valda og rokkabillíball á Iðnó. Nú er bara að vona að plötusnúðarnir komi með Seeds í stað Elvis.

**Hot jóga** Allir í ræktina til að gera stöður í gufu og svita.

**Kínókvöld á Bakkusi** Stórskemmtileg og fræðandi leið til að stytta vikuna á þessum hressa bar.



### Á niðurleið

**Hlýindin** Það er farið að kólna hressilega á kvöldin og vindarnir farnir að blása.

**Ódýr rauðvín** Þau eru hreinlega ekki til lengur í Vínbúðinni og matgæðingar geta bara farið að skola þessu niður með kóki.



**Nöldur og tuð** Það hlýtur að vera hægt að ræða um eitthvað annað en Icesave.

**Tilfinningaviðtöl** Skrýtin árátta að þurfa að auglýsa einkalíf sitt fyrir alþjóð.

# Náttúrulegur samhljómur

Hljómsveitin **Lights on the Highway** var að gefa út aðra breiðskífu sína en þeir munu einnig stíga á svið í kvöld í tilefni Menningarnætur. *Anna Margrét Björnsson* fékk þá í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:**
**Kristó: Kristófer Jensson**
**Halli: Þórhallur Reynir Stefánsson**
**Aggi: Agnar Eldberg Kofoed-Hansen**
**Kalli: Karl Daði Lúðvíksson**

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:**
**Kristó: Full time asshole part time human being.**
**Halli: Sveitastörf, Málari og tónlistarmaður.**
**Aggi: Tónlistarmógúll og verkamaður djöfulsins.**
**Kalli: Tónlistaráhugamaður og Austur, suður, norður, vestur.**

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:**
**Kristó: 1979 : Rocky 2 kom út.**
**Halli: 1980, Vigdís Finnbogadóttir varð fyrsti kvenforseti í heiminum og John Lennon var skotinn til bana.**
**Aggi: 1980 John Lennon dó.**
**Kalli: 1976 Ég og Taxi-driver litum dagsins ljós .**

**Í viðtalið vantar Stefán Örn Gunnlaugsson sem er í saumaklúbbi** …

**Hvenær varstu hamingjusamastur?**
*Kristó:* 28. september 2007, þegar dóttir mín fæddist
*Halli:* Þegar ég fékk frostpinna þegar ég var tveggja ára eftir uppskurð.
*Aggi:* Reyni að vera hamingjusamur alla daga.
*Kalli:* Á sama stað og síðast.
**Hvaða starf dreymdi þig alltaf um að gegna?**
*Kristó:* Kjarnasýrueðlissérfræðingur með B.A.-gráðu í tangó.
*Halli:* Óperusöngvari, þess vegna er ég trommari.
*Aggi:* Orrustuflugmaður, geimfari.
*Kalli:* Bjartsýnn bóndi.
**Hvernig mynduð þið lýsa tónlist ykkar?**
*Kristó:* Eins og nafninu á hljómsveitinni.
*Halli:* Hún er eitthvað sem þér finnst þú hafa heyrt áður, en veist ekki hvað það er, því að við bjuggum hana til áður en þú vissir hvort þú hefðir einhvern tímann heyrt eitthvað líkt þessari músík áður.
*Aggi:* Speisað nútíma hipparokk.
*Kalli:* Náttúrulegur samhljómur. Hvorki lygi né tilgerð í tónum.
**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?**
*Kristó:* Íbúð … og pilsner á Hressó.
*Halli:* Bíll og rúðupisskútur í bílinn.
*Aggi:* Tölva og fender-gítarinn minn.
*Kalli:* Tímabundið ástand og íbúðin.
**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?**
*Kristó:* Hey! Ég vil að þú sýnir mér á þér brjóstin!
*Halli:* Þú ert svo mikið krútt.
*Aggi:* Reyni ekki að muna þannig hluti.
*Kalli:* Farðu er harkalegt orð.
**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndir þú vilja búa?**
*Kristó:* Í Kópavogi.
*Halli:* Ef ég byggi ekki í Reykjavík þá myndi ég vilja búa í Reykjavík Vesturbænum.
*Aggi:* Veit ekki en mig langar að get the hell out …
*Kalli:* Reykjum.
**Uppáhaldshljómsveitir fyrr eða síðar?**
*Kristó:* Helst fyrr … of stutt blað fyrir þessa spurningu.
*Halli:* Fyrst var Kiss, Síðar verður það Flashlights on the Highway.
*Aggi:* Bítlarnir og svo endalaus runa af hinum og þessum.
*Kalli:* Allt of viðamikil spurning en King Crimson og Deus hafa ávallt veitt mér mikla ánægju. Íslenska bandið Who Knew er í miklu uppáhaldi núna.
**Uppáhaldskvikmynd og af hverju?**
*Kristó:* Lost Highway – David Lynch … hún er bara svo brilljant og gerir mann rangeygan.
*Halli:* The Big Lebowski því að hún er The Big Lebowski.
*Aggi:* Star Wars, allar, því ég sofna oft við hljóðið og kann orðið allan dialog utan að …
*Kalli:* Amélie er yndisleg. Hún er yndisleg.
**Draumahelgin í einni setningu:**
*Kristó:* Groundhog Day á laugardegi …
*Halli:* Tónlist og ást.
*Aggi:* Góðir tónleikar, gott fólk og gott partí.
*Kalli:* Helgarferð á tunglið.
**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?**
*Kristó:* Ég vann einu sinni við að slátra svínum.
*Halli:* Sjálfboðaliði í stjórnmálaflokki.
*Aggi:* Að afgreiða í matarbúð, bara meikaði það ekki.
*Kalli:* Að spila á balli er vinna.
**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag?**
*Kristó:* Allur fjandinn … ekkert sérstakt lag frekar en annað.
*Halli:* Tónlist sem er. Lagið sem ég hlustaði á í gær.
*Aggi:* Eldra rokk en í dag er ég að hlusta mikið á nýju plötu Animal Collective.
*Kalli:* Tilgerðarlaus tónlistarsmekkur. Ekkert lag ofar öðru.
**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?**
*Kristó:* Kristel Eva fimleikadrottning.
*Halli:* Já, þegar ég sef á daginn þá vaki ég á nóttunni.
*Aggi:* Maður fær alltaf bestu hugmyndirnar rétt áður en maður sofnar svo, já, tónlistin mín.
*Kalli:* Draumar.
**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?**
*Kristó:* Ég hefði drullast til að læra á píanó.
*Halli:* Ég hefði lært á pumpuorgel.
*Aggi:* Hefði frekar haldið áfram að læra á píanó eftir sex ára nám.
*Kalli:* Klárað tónlistarnámið. Aldrei að byrja á einhverju ef ekki er hægt að klára það.
**Trúir þú á framhaldslíf?**
*Kristó:* Ekki spurning, í einu formi eða öðru.
*Halli:* Já.
*Aggi:* Ég trúi á fjórðu víddina.
*Kalli:* Hmmm …
**Áttu þér einhverja leynda nautn?**
*Kristó:* Mér finnst voðalega gott að sofa … en man samt aldrei eftir því. Funky!
*Halli:* Já.
*Aggi:* Já, ehem, Justin Timberlake og asnalegar slúðurfréttir.
*Kalli:* Já, en hún er leyni, er það ekki?
**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?**
*Kristó:* Elvis … var það einhver vafi?
*Halli:* Ragga Bjarna, því að hann er flottastur.
*Aggi:* Neil Young og Bob Dylan.
*Kalli:* Konunnar.
**Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni?**
*Kristó:* If You Don‘t Know Me By Now.
*Halli:* Whole Lotta Shakin Going On.
*Aggi:* Highway to hell.
*Kalli:* Musculus.
**Hvað er næst á dagskrá?**
Tvennir tónleikar á Menningarnót. Gamli Sirkus kl. 17 og svo Hljómskálagarðurinn kl. 19.30. Svo heldur tónlistarlífið áfram með þéttri tónleikadagskrá í september og október og fylgja nýrri plötu vel úr húsi.



**SPILA NÚTÍMA SPEISAÐ HIPPAROKK** Félagarnir í Lights on the Highway verða í Hljómskálagarðinum í kvöld. MYND / HÖRÐUR SVEINSSON


AÐALFUNDUR

LANDIC PROPERTY

Aðalfundur Landic Property hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Kringlunni 4–12 í Reykjavík, mánudaginn 31. ágúst 2009 kl. 11.00.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2008.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2008 lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðanda.
3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með tap félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Stjórnarkjör.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
8. Önnur mál.

Framangreindar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins til frekari kynningar fyrir hluthafa. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 10.30.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Landic Property hf.

| Kringlunni 4–12 | 103 Reykjavík | www.landic.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJÖTVEISLA Í BÓNUS
GOTT AÐ FRYSTA
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
ALI GRÍSABÓGUR
398 KR./KG
FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 489 kr./kg.
489 KR./KG.
toppur
125
125 kr. 2 ltr.
TOPPUR 2 ltr SÍTRÓNU-APPELSÍNU 125 kr.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
NÓA KONFEKT 1 KG. 1998 KR.
Nóa Konfekt
1998
974
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 35% AFSLÁTTUR 974 kr./kg.
798
K.F UNG-HROSSASNITSEL
Í RASPI 798 kr./kg.
Nautaveisla
1798
N.V UNGNAUTAPIPARSTEIK 1798 kr./kg.
KF KRYDDAÐ HEIÐALAMB
1398 KR./KG
898
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR
898 kr./kg.
498
N.V FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M.BRAUÐI 498 kr.
BÓNUS
Gelato
198
BÓNUS ÍTALSKUR
ÍS 1 LTR. 198 kr
129
GULAR PERUR Í LAUSU
129 kr./kg.
BÓNUS
RJÓMI
20%
AFSLÁTTUR
BÓNUS RJÓMI 400 ml
20% AFSLÁTTUR 216 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Færðu tölvuna endurgreidda í Skólaleik Max?

## Kauptu fartölvu í Max og þú kemst í pott þar sem úr verða dregnir eftirfarandi vinningar:



**79.989 kr.**

15,4" fartölva

**Acer Extensa 5230E-901G16Mn**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 minni • Intel GMA skjákort • 160GB diskur • 15.4" FHD WXGA skjár

1. **VINNINGUR**: Fartölva endurgreidd ásamt gjafapakka; prentari, taska og fartölvuhátalarar.
2. **VINNINGUR**: Fartölva endurgreidd.
3. **VINNINGUR**: Gjafapakki; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

Vinningar verða dregnir út laugardaginn 5. september og birtir í auglýsingu Max í fréttablaðinu þann daginn. Einnig verða dregnir út aukavinningar vikulega næstu tvær vikurnar.



**84.989 kr.**

**Toshiba Netbook NB200-10G** — 10"
1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB diskur • 10" TFT XGA skjár



**89.989 kr.**

**Toshiba L300-25L** — 15,4"
2.2Ghz Intel örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • Intel Graphics X4500 skjákort • 15,4" WXGA skjár



**99.989 kr.**

**Toshiba Satellite PRO L300D-227** — 15,4"
AMD Sempron 2.0Ghz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



**119.989 kr.**

**Toshiba Satellite PRO S300-10O** — 15,4"
1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 3G mótald • 120GB diskur • 15.4" WXGA skjár



**119.989 kr.**

**Acer Aspire 7530G-623G25MN** — 17"
2.0Ghz AMD Athlon X2 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 250GB diskur • 17" WXGA skjár



**119.989 kr.**

**Acer Extensa 5620-2A2G** — 15,4"
1.6 GHz Intel Pentium Dual-Core örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA TFT skjár



**124.989 kr.**

**Toshiba Satellite PRO L300-28T** — 15,4"
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



**129.989 kr.**

**Asus PRO50SR-AP140C** — 15,4"
2,1GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB diskur • 15.4" WXGA TFT skjár



**139.989 kr.**

**Acer eMachine G725-424G32MI** — 17,3"
2.0Ghz Intel Core Duo T4200 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB diskur • 17,3" skjár



119.989 kr.
Fullt verð 159.989
32 tommur
LCD breiðtjald
JVC LT32DY8
32" DynaPix HD LCD BREIÐTJALD með1366x768/1080i upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, 2 HDMI, 2 Scart ofl.
54.989 kr.
Fullt verð 64.989
19 tommur
12V og 220v
LCD með DVD
United TVD8819
19" LCD með innbyggðum DVD spilara.
Þú færð það í Max
Ódýrt
A4
Myndaprentari
Epson S20
A4 bleksprautuprentari sem prentar í 5760 x 1440 punktum. USB. Windows og Mac.
8.989 kr.
Fullt verð 12.989
Tölvuleikir
PS3
XBOX
PS2
Verð kr.
1.989
Allt að 80% afsl.
SanDisk
2GB minnislykill
SanDisk - SDCZ42048E11
Cruzer Skin 2GB USB minnislykill
1.989 kr.
Fullt verð 3.989
1TB flakkari
WD Essential 2
1 Terabyte flakkari með USB 2
19.989 kr.
Fullt verð 24.989
acer
19 tommur
LCD skjár
Acer V193W
19" breiðskjár með 1440x900 upplausn, 1000:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma
24.989 kr.
Fullt verð 29.989
Tölvuhátalarar
Logitech Z-3e
80w RMS hátalarakerfi með 2 hátölurum og stóru bassaboxi.
24.989 kr.
Fullt verð 29.989
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX
RAFTÆKI

**ÞÓRARINN ELDJÁRN RITHÖFUNDUR ER SEXTUGUR Í DAG.**

*„Það er best að vera hreinn og heill, í hug og verki traustu bjargi líkur.“*

***Þórarinn er rithöfundur og skáld. Einn fárra af sinni kynslóð sem jafnan notar hina hefðbundnu bragarhætti í ljóðum sínum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. ÁGÚST 2008

## *Sigurstund í íslenskri íþróttasögu*



STRÁKARNIR OKKAR FAGNA.

Íslendingar sigruðu Spánverja í handbolta í undanúrslitaleik Ólympíuleikanna þennan dag í fyrra. Það var magnþrungin stund enda ótrúleg frammistaða hjá íslensku leikmönnunum sem eygðu þar með gullið ef tækist að vinna Frakkana. Leikmennirnir ærðust líka af gleði að leik loknum, ásamt allri íslensku þjóðinni sem á horfði. Leikurinn fór fram í Peking að viðstöddum forseta Íslands og fjölmörgum fleiri Íslendingum. Öllum var ljóst að þeir höfðu orðið vitni að einstökum viðburði í Íslandssögunni, silfurverðlaun í hópíþrótt í hendi og gull á Ólympíuleikum raunhæfur möguleiki. „Þetta er mín stærsta stund í boltanum og skrítið að hægt sé að gera hana stærri,“ sagði Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, eftir leikinn.

Íslendingar eru fimmta fámennasta þjóðin sem hefur unnið til verðlauna á sumarólympíuleikum.

## MERKISATBURÐIR

**1809** Jörundur hundadagakonungur er handtekinn og valdatíma hans á Íslandi þar með lokið.

**1916** Fyrsta lestarslysið verður á Íslandi þegar telpa verður fyrir lest við Reykjavíkurhöfn.

**1922** Íslandsmet sett í 5.000 metra hlaupi er Jón Kaldal hleypur vegalengdina á 15 mínútum og 23 sekúndum.

**1981** Minnisvarði um Ara fróða Þorgilsson afhjúpaður á Staðarstað á Snæfellsnesi.

**1992** Á Egilsstöðum lýkur vestnorrænu kvennaþingi með því að hlaða vörðu úr grjóti frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi.

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Harðar Benediktssonar**
múrara,
Skipholti 43, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11-B við Hringbraut, heimahlynningar og Örnu Daggar Einarsdóttur læknis.

**Hjördís M. Jóhannsdóttir**
**Benedikt Harðarson**
**Gylfi Harðarson** — **Stella F. Sigurðardóttir**
**Hilmar Harðarson** — **Þorgerður L. Diðriksdóttir**
**Hörður Harðarson** — **Eva Jóhannsdóttir**
**Áslaug Þ. Harðardóttir** — **Ingólfur Arnarson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

*Systir okkar og mágkona,*

**Birna María Eggertsdóttir**
kennari,
sem lést fimmtudaginn 13. ágúst,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

**Ásta Lóa Eggertsdóttir**
**Ingigerður Eggertsdóttir**
**Unnur Eggertsdóttir, Hermann Arnviðarson, Gunnhildur Hrefna Eggertsdóttir, Óskar Þorsteinsson, Kolbrún Eggertsdóttir, Arnaldur F. Axfjörð, Pétur Eggert Eggertsson, Sigurborg Steingrímsdóttir.**

---



Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990





**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is







---

**SNORRI SNORRASON:** HEFUR SAFNAÐ SORGARLÖGUM OG SUNGIÐ INN Á DISK

# Fékk hugmyndina þegar hann missti föður sinn úr krabba

„Þetta eru sorgarlög í flutningi sem hentar við jarðarfarir því að útsetningin er lágstemmd. Ég syng og Þórir Úlfarsson leikur undir á píanó,“ segir Snorri Snorrason, söngvari og upptökumaður, um nýjan disk sem hann hefur sungið inn á. Hann segir diskinn þó ekki vera á leið í sölu heldur ætli hann að gefa hann í kirkjur og útfararstofur. „Þetta er bæði kynning fyrir mig sem söngvara og hugmyndabanki fyrir þá sem þurfa að velja lög til flutnings við jarðarfarir. Reyndar er verið að skoða það að gefa hann út en ákvörðun um það hefur ekki verið tekin.“

Margir muna eftir Snorra sem Idolstjörnu Íslands 2006 þar sem hann heillaði fólk einkum með ljúfum ballöðum. Síðan hefur hann meðal annars sungið í hundruðum jarðarfara. „Ég er bestur í rólegu lögunum. Þess vegna hentar mér vel svona útfaratónlist,“ segir hann og kveðst hafa fengið hugmyndina að sorgardiskinum fyrir einu og hálfu ári þegar faðir hans dó úr krabbameini. „Þegar maður missir einhvern þá langar mann að hlusta á falleg lög í rólyndisflutningi, þess vegna fór ég í að setja saman þennan disk. Upphaflegu útsetningarnar eru stærri og með öðrum blæ.“

Beðinn að nefna lög af nýja diskinum byrjar Snorri á Kveðju sem var á Idol-diskinum hans á sínum tíma. „Það er erlent lag sem systir mín gerði texta við,“ lýsir hann og kveðst langoftast hafa flutt það í jarðarförum. „Svo eru þarna Í bljúgri bæn, Dagný og Söknuður. Líka sálmarnir Drottinn er minn hirðir og Hærra minn Guð til þín svo einhver séu nefnd.“

Snorri hefur undanfarin ár aðallega fengist við útsetningar og upptökur enda er hann með eigið stúdíó í kjallaranum heima. Hann kveðst hafa verið byrjaður á þeirri iðju áður en hann fór í Idolið. „Ég var einmitt að taka upp plötu með Jet Black Joe á meðan ég var í Idolinu,“ rifjar hann upp en kveðst hafa aukið við tækjakostinn síðan og verið á kafi í tónlistinni, útsett og tekið upp heilu plöturnar og líka stök lög. Hann bætti nýlega við sig aukabúgrein, www.fjarupptokur.is, sem hann segir sniðugt batterí.

„Það eru til svo margir skúffulagahöfundar,“ segir hann. „Fullt af fólki sem er að semja músík heima hjá sér en fer aldrei með hana lengra en að glamra hana á gítarinn eða gutla á píanóið. Þá eru fjarupptökur góð lausn. Fólk getur sent mér lagið eða komið og spilað það fyrir mig. Ég er með heila hljómsveit og við útsetjum og tökum upp, með eða án söngs eftir því sem lagahöfundurinn óskar. Ef hann vill syngja sjálfur þá kemur hann og bætir söngnum við í lokin. Þá er hann kominn með fullkomið lag sem hann getur átt fyrir sjálfan sig og fjölskylduna, eða jafnvel gefið út. Ég opnaði síðuna í vor og það eru komin lög í útvarpið úr þessari smiðju.“

Ekki er alveg hægt að sleppa Snorra án þess að spyrja um fjölskylduna því að hún skipaði stóran sess í lífi hans þegar hann var Idol-stjarna. „Mörg börn? Ég á þrettán,“ segir hann glettnislega en dregur svo tíu frá. „Nei, þau eru enn bara þrjú. Það er fín tala.“

gun@frettabladid.is



**Í KJALLARANUM** Snorri fæst við útsetningar og upptökur flesta daga og er með síðuna www.fjarupptokur.is fyrir þá sem vilja senda honum lög. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

---

†



*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður og afa,*

**Friðriks Péturssonar**
fyrrv. kennara, Borgarholtsbraut 20,
Kópavogi.

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**
**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir**

---



†

**Guðrún Arnbjörg Pétursdóttir (Adda)**
Kumbaravogi, Stokkseyri,

sem lést 3. ágúst, verður jarðsungin mánudaginn 24. ágúst kl. 16 frá Stokkseyrarkirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnar Júlíusson**
**Luther Hróbjartsson**



✝

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Geir Kristjánsson

Brúnalandi 32, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 14. ágúst, verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

**Anna Gísladóttir**
**Kristján Geirsson** **Droplaug Guðnadóttir**
**Margrét Geirsdóttir** **Haukur K. Bragason**
**Birkir Kristjánsson** **Anna Björk Kristjánsdóttir**
**Kristófer Geir Hauksson** **Helga Margrét Hauksdóttir**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,*

## Bryndís Ragnarsdóttir

Jaðarsbraut 25, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Halldóra Sigríður Gylfadóttir** **Leó Ragnarsson**
**Hrefna Björk Gylfadóttir** **Stefán Bjarki Ólafsson**
**Elva Jóna Gylfadóttir** **Elmar Björgvin Einarsson**
**Ragna Borgþóra Gylfadóttir** **Arild Ulset**
**Erna Björg Gylfadóttir** **Þórður Guðnason**
**Bryndís Þóra Gylfadóttir** **Sigurður Axel Axelsson**
**Elísa Rakel Jakobsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar dóttur okkar, systur, mágkonu og frænku,*

## Kolbrúnar Ólafsdóttur

lögfræðings.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Ólafur Rúnar Árnason** **Guðrún Ása Ásgrímsdóttir**
**Þröstur Ólafsson** **Inga Björk Gunnarsdóttir**
**Íris Ólafsdóttir** **Halldór Gunnar Vilhelmsson**
**Ólöf Karitas, Rakel Ósk, Aron Örn, Mikael Andri,**
**Guðný Ása og Ingi Rúnar.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Svölu Ívarsdóttur

Stillholti 19, Akranesi.

**Ástríður Sigurðardóttir** **Jónas S. E. Bergsteinsson**
**Sigrún Valgerður Sigurðardóttir** **Lasse F. Andersen**
**Hannes Frímann Sigurðsson** **Svandís Sturludóttir**
**Íris Guðrún Sigurðardóttir** **Valgarður Lyngdal Jónsson**
**og ömmubörn.**



✝

*Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,*

## Sigríður Sigurðardóttir

frá Stardal,

lést miðvikudaginn 19. ágúst á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju Mosfellsbæ þann 26. ágúst kl. 15.00.

**Sigrún Gunnarsdóttir**
**Ingimundur Ellert Þorkelsson** **Heiða Mjöll Stefánsdóttir**
**Aðalheiður Lind Þorsteinsdóttir** **Hörður Harðarson**

**Alexandra Eyfjörð** **Baldur Elfar**
**Anna Steina** **Alda Björk**
**Aron Andri** **Unnur Mjöll**
**Hlynur Breki**



✝

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hálfdan Ármann Björnsson

Hlégarði, Aðaldal,

andaðist fimmtudaginn 20. ágúst.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Bergljót S. Benediktsdóttir**
**Hlédís Hálfdanardóttir** **Steindór G. Steindórsson**
**Sigurður Hálfdanarson** **Brynja Arngrímsdóttir**
**Þyrnir Hálfdanarson** **Gunnlaug D. Pálsdóttir**
**Freyja Hálfdanardóttir** **Jón Gunnar Þorsteinsson**
**Benedikt Hálfdanarson** **Maeve C. Hölscher**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Vilborg Ingibjörg Andrésdóttir

frá Snotrunesi, Borgarfirði eystri,
áður til heimilis að Foldahrauni 40b,
Vestmannaeyjum,

andaðist að Hraunbúðum Vestmannaeyjum fimmtudaginn 13. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 29. ágúst kl. 13.00.

**Andrés Sigurvinsson**
**Ólafur Sigurvinsson** **Þóra Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Sigurvinsson** **Ásta Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Jónína Ágústsdóttir

áður Dalbraut 18, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 25. ágúst kl. 15.00.

**Ragnhildur Ásmundsdóttir** **Árni Arnþórsson**
**Óskar Már Ásmundsson**
**Þráinn Ásmundsson** **Guðbjörg Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Halldórs S. Gröndal

fyrrverandi sóknarprests,
Bræðraborgarstíg 18, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Ingveldur Lúðvígsdóttir Gröndal**
**Lúðvík H. Gröndal** **Kristbjörg Konráðsdóttir**
**Sigurbjörg H. Gröndal** **Ólafur Haukur Ólafsson**
**Hallgrímur H. Gröndal** **Sólveig Fanný Magnúsdóttir**
**Þorvaldur H. Gröndal** **Lára Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Erla Kr. Gissurardóttir

Burknavöllum 1a, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 9. ágúst. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
„Þú varst ljósastika lífs okkar."

**Þór, Viðar Marel, Birgir Marel, Björk, Manuel og þeirra fjölskyldur.**



✝

*Okkar ástkæra eiginkona og besti vinur, móðir, dóttir, tengdadóttir og amma,*

## Margrét Jósefsdóttir

Vesturgili 12, Akureyri,

lést af slysförum föstudaginn 14. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 25. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigmundur Sigurjónsson**
**Sandra Sigmundsdóttir**
**Sigrún Sigmundsdóttir**
**Arnheiður Helga Guðmundsdóttir**
**Sigríður Þórðardóttir** **Haukur Haraldsson**
**Sessilía Sól Davíðsdóttir**
**systkini, mágar og fjölskyldur þeirra.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Sigríður Th. Ármann

ballettkennari,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 24. ágúst kl. 11.00.

**Sigbjörn Björnsson** **Ragna J. Sigurðardóttir**
**Ásta Björnsdóttir** **Guðni B. Guðnason**
**Pálína Björnsdóttir**
**Sigurður Gísli Sigbjörnsson**
**Sigríður Th. Sigbjörnsdóttir**



✝

*Elskuleg móðir okkar,*

## Þorbjörg Lilja Jónsdóttir

Skúlagötu 40, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Víðinesi þriðjudaginn 18. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Jón Hólm Stefánsson**
**Nína Áslaug Stefánsdóttir**
**Rannveig Margrét Stefánsdóttir**
**Bergur Viðar Stefánsson**



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

## Sigurveigar Hjaltested

óperusöngkonu, Droplaugarstöðum,
síðast til heimilis í Hvassaleiti 58.

**Lárus H. Ólafsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Ólafur B. Ólafsson** **Dagný Elíasdóttir**
**Emilía Ólafsdóttir** **Bjarni Bjarnason**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Anna Hjaltested** **Þórður B. Sigurðsson**
**Ingveldur Hjaltested** **Einar Þ. Einarsson**
**Sigríður Beinteinsdóttir**
**Fríða Hjaltested**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Vilborgar Halldórsdóttur

Kópavogsbraut 69, Kópavogi.

**Fjölskyldan.**

HÖFUM OPNAÐ

Húsgagna OUTLET

3. HÆÐ



HÚSGAGNAHÖLLIN

Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

OPIÐ ALLA DAGA



# Dularfulli svarti bíllinn

**NOKKUR ORÐ**
**Alma Guðmundsdóttir**

Undanfarin þrjú kvöld átti ég leið í gegnum sama hverfið seint um kvöld. Það er svo sem ekki í frásögur færandi, nema fyrsta kvöldið sem ég keyrði í gegnum hverfið vakti athygli mína svartur bíll sem var vel lagt upp á grasi gróinn kant við götuna. Staðsetningin var ekki þess eðlis að hann gæti verið að sækja neinn úr nærliggjandi húsum og það var ekki beint fararsnið á manninum sem sat við stýrið og var búinn að koma sér vel fyrir. Mér fannst þetta frekar undarleg staðsetning, svona alveg við lóðarmörk á stóru einbýlishúsi og vel snyrtum garði, en hugsaði ekki meira um þetta fyrr en annað kvöldið sem ég keyrði fram hjá. Þá var bíllinn enn á sama stað og að þessu sinni var kveikt inni í honum.



Maðurinn virtist sitja og lesa og fyrir utan bílstjórahurðina stóð léttmjólkurferna í grasinu. Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að stoppa og tala við hann, en þorði það ekki. Þriðja kvöldið í röð keyrði ég fram hjá og þegar ég sá manninn enn sitja í bílnum á sínum stað ákvað ég að láta vita af þessu, þetta gæti ekki verið eðlilegt.

Lögreglumaðurinn sem ég talaði við punktaði hjá sér upplýsingarnar. Þegar ég sagði, meira í gríni en alvöru, að það liti hálfpartinn út fyrir að maðurinn væri sestur að þarna og farinn að geyma matvörur fyrir utan bílinn, sagði lögreglumaðurinn það nú bara alls ekki útilokað eins og ástandið væri í dag. Stuttu síðar fékk ég að vita að þetta var ekki heimilislaus maður sem hafði sest að í bíl sínum á vægast sagt undarlegum stað, heldur óeinkennisklæddur lögreglumaður að vakta hús sem skemmdarvargar höfðu herjað á.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 22. ágúst 2009

**➜ Leiklist**



**19.00** Gjörningurinn Ég man eina stund fluttur í Leikhús-Batteríinu á artFart. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Frumsýning á verkinu Kata-Dori !!Seagal!! í Leikhús-Batteríinu á vegum artFart. Miðaverð 1000 krónur.

**➜ Sýningar**

**20.00** Írska kvikmyndagerðarkonan Moira Tierney sýnir og fjallar um kvikmyndir sínar í Verksmiðjunni á Hjalteyri.

**➜ Markaðir**

**17.00** Dúsan er þjóðlegur skyndibitastaður sem starfræktur verður í dag á Óðinstorgi.

**➜ Uppákomur**



**14.00** Landsmót í Hrútadómum í Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum. Mótið hefst kl. 14.00.

**➜ Ljóðahátíð**

**14.00** Jórunn Sigurðardóttir stjórnar pallborðsumræðum um ljóðlist í Norræna húsinu. Þátttakendur verða Morten Søndergaard, Vivek Narayanan, Cia Rinne, UKON, Bryndís Björgvinsdóttir, Ingólfur Gíslason og Valur Brynjar Antonsson.

**21.00** Ljóðapartí með fjórum erlendum og sjö íslenskum skáldum að Tryggvagötu 11. Fallegir menn spila að upplestri loknum.

**➜ Dans**

**17.30** Frumflutningur á nýju dans- og tónverki í Hafnarhúsinu. Verkið er eftir Irmu Gunnarsdóttur danshöfund og Einar Braga Bragason tónlistarmann. Frumflutt kl.17.30 og sýnt aftur um kvöldið kl.20.30.

**18.00** Dansverkið Fresh Meat flutt á artFart í síðasta skipti í Leikhús Batteríinu. Miðaverð 1000 krónur.

**21.00** Dansverkið Ég sé þig flutt í Austurbæ á vegum artFart. Miðaverð 1000 krónur.

**➜ Tónlist**



**14.00** Á rás fyrir Grensás við Óðinstorg. Meðal þeirra listamanna sem koma fram á sviði eru Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson, Lay Low, Mammút og Hilmar Örn Hilmarsson og Steindór Andersen.

**17.00** Brasilíska söngkonan Jussanam ásamt íslenskri hljómsveit hennar á Kjarvalsstöðum.

**19.00** Marc Ducret, einn besti jassgítarleikari Frakka nú um stundir, leikur ýmis lög af fingrum fram í Alliance Française Tryggvagötu 8 í Reykjavík.

**23.00** Þýska plötufyrirtækið Kompakt á Jacobsen. Þar munu Pan/Tone spila og Shumi þeyta vinylplötum ásamt Margeiri og Sexy Lazer sem halda uppi heiðri víkinga.

**➜ Myndlist**

**12.00** Guðrún Kristjánsdóttir, Hiroyuki Nakamura, Katrín Elvarsdóttir, Marta María Jónsdóttir og Steingrímur Eyfjörð opna sýningu í Gallerí Ágúst.

### Sunnudagur 23. ágúst 2009

**➜ Jazzhátíð**



**12.00** Hádegisjazz í Vatnsmýrinni á Dill Restaurant.

**16.00** Ragnheiður Gröndal og Kristjana Stefánsdóttir bjóða til söngveislu á Kjarvalsstöðum.

**17.00** Síðdegisjazz á veitingastaðnum Basil and Lime, Klapparstíg.

**20.00** Í tilefni áttræðisafmælis Guðmundar Steingrímssonar býður Jazzhátíð upp á dúndursveifluveislu í anda Guðmundanna, Ingólfssonar og Steingrímssonar í Iðnó.

**21.00** Scott McLemore sýður saman dagskrá úr ýmsum áttum á Café Rosenberg.

**22.30** Andri Ólafsson bassaleikari leiðir eðalhóp á minningartónleikum um Charles Mingus á Kúltúra.

**➜ Afmæliskaffi**

**15.30** Aldarafmæli Jóns Jóhannessonar prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands. Af því tilefni standa Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og afkomendur Jóns fyrir samkomu til minningar um hann í samkomusal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu.

**➜ Síðustu Forvöð**

**10.00** Sýningunni Möguleikar - List-sjóður Guðmundu S. Kristinsdóttur í Hafnarhúsinu lýkur í dag. Á sýningunni eru verk tíu íslenskra samtímalistakvenna sem allar hafa hlotið viðurkenningu úr Listsjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur.

**12.00** Síðasti sýningardagur á sýningunni Kreppumálararnir í Listasafninu á Akureyri. Aðgangur ókeypis.

**➜ Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

**➜ Tónlist**

**16.00** Kirstín Erna Blöndal, söngkona og Gunnar Gunnarsson, píanóleikari flytja tónlist sem gerð hefur verið við texta Halldórs Laxness á tónleikunum í Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er 500 krónur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


VÉLASALAN



Terhi 385



Nordic Terhi bátar

VÉLASALAN

Klettagörðum 25. Sími:5200000
www.velasalan.is
velasalan@velasalan.is




Kór Fella- og Hólakirkju

getur bætt við sig söngfólki í allar raddir.

Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni, m.a. flutningur á stóru verki í samstarfi við Lúðrasveit Verkalýðsins og Söngsveitina Fílharmóníu.

Áhugasamir hafi samband við stjórnanda kórsins, Guðnýju Einarsdóttur í síma 698 9307




# Frábært land til ferðalaga!



**Nú fer hver að vera síðastur. Sýningum okkar fer að ljúka.**

**Dimmir hratt á draugaslóð í Blöndustöð opið til 23. ágúst**
**Andlit Þjórsdæla í Búrfellsstöð opið til 23. ágúst**
**Afl úr iðrum jarðar í Kröflustöð opið til 7. sept**
**Hvað er með Ásum? í Laxárstöð lokað**
**List Kristjönu Samper í Ljósafossstöð opið til 23. ágúst**
**Orkan frá Kárahnjúkum í Végarði opið til 30. ágúst**

Merktu þína uppáhalds áfangastaði inn á kortið.
Er ekki upplagt að koma við hjá okkur í leiðinni?

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Aðgangur er ókeypis.

**Nánari upplýsingar um heimsókn til Landsvirkjunar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**



Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

## > SÝNIR Í KRONKRON

Ljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir hefur vakið mikla athygli fyrir sérstakar tískumyndir. Á Menningarnótt opnar hún sýningu í versluninni KronKron þar sem hún notast við fatnað seldan þar.



# stíll

utlit@frettabladid.is



Fallegt heklað hálsmen eftir Elínu Hrund Þorgeirsdóttur sem fæst í Kisunni.

## OKKUR LANGAR Í ...



Dásamlegt kinnalitabox frá Yves Saint Laurent sem er með brúnum, bleikum og glimmertónum til að fríska upp á andlitið.




Ilmvatn í dós frá L-Occitane með hinum einstaklega frískandi Verveine ilmi. Stórsniðugt í ræktina eða vinnuna.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Íslenskar tískubólur*

Af einhverjum ástæðum finnst mér alltaf að ákveðin æði grípi auðveldlegar um sig hér á litla landinu okkar en víðast hvar annars staðar í heiminum. Flestir aðrir heimspartar búa yfir ögn meiri fjölbreytni en litla íslenska samfélagið og þá ríkir meiri breidd í tískusveiflunum. Hér klæðir fólk sig oft svipað eða þá að ákveðin tískutrend ná fótfestu og þá sjást gersamlega allir í því. Í sumar tók ég eftir því að langflestar ungar píur voru komnar í svipað júníform: svartar leggings sem ná niður á ökkla, berfættar í háum hælum og við þetta ganga þær í afskaplega flegnum babydoll kjól í ýmiss konar litum úr einhvers konar teygjanlegu gerviefni. Ég veit ekki hvaðan þetta trend eiginlega kom en persónulega finnst mér þetta yfirleitt óklæðilegt og leiðigjarnt. Einhvern tímann fyrir löngu síðan lærði ég líka að það að sýna eins mikið af brjóstaskorunni og mögulegt er væri ekkert sérstaklega smart né kynþokkafullt. Það gildir jú „less is more“ reglan eins og annars staðar. Um daginn átti ég þó spjall við vinkonu mína sem spáði því að skvísur færu að klæða sig í djarfari og djarfari föt út á lífið þar sem eitt væri jú ókeypis í kreppunni: kynlíf. Kannski að það verði bara heitt eftir allt saman að vera skinkuleg.



**SÍÐUR** Renndur leðurjakki við rauðan bol hjá franska tískuhúsinu Barbara Bui



**SEXÍ** Níðþröngt leður hjá Alexander Wang



**TÖFFARI** Breski hönnuðurinn Gareth Pugh sýnir hér útgáfu af mótorhjólalúkkinu fyrir strákana í vetur


# Alicante

**26. ágúst**

**frá kr. 24.990**

**Kr. 24.990**
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértilboð 26. ágúst. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði.

***Allra síðustu sætin***
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante 26. ágúst á hreint ótrúlegu verði. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


LEÐUR OG TÖFFARASKAPUR Í HAUST

# Mótorhjólajakkarnir koma sterkir inn

Hönnuðir víðs vegar um heim sýndu ýmis konar útgáfur af svarta mótorhjólajakkanum fyrir komandi haust. Flíkin öðlaðist fyrst vinsældir hjá konum á sjöunda áratugnum þegar til dæmis Marianne Faithful og Brigitte Bardot tóku að klæða sig í mótorhjólaleður frá toppi til táar. Frakkinn Christophe Decarnin hefur aðhyllst rokkstelputískuna síðan hann tók við tískuhúsinu Balmain og bauð upp á ýmis konar rennda jakka, kjóla og buxur fyrir veturinn. Einnig mátti sjá svipuð áhrif hjá Gucci, Alexander Wang, Roland Mouret og Haider Ackerman. - amb



**RENNILÁS** Kynþokkafullur stuttur kjóll hjá Balmain



**KLASSÍSKT** Leðurjakki við silkiskyrtu og svartar buxur hjá Gucci



**ROKKABILLI** Flottur leðurjakki með áberandi herðum við svartar þröngar buxur hjá Balmain


hár expo

laugavegur 42b



gústa hársnyrtimeistari
jonna hársnyrtimeistari
birna hársnyrtir
sara valný förðun
vigga hársnyrtir
íris ann ljósmyndari

nýir starfsmenn



olga naglafræðingur
katrín hársnyrtir

* Menningarnótt
opið 12-16
Ljósmyndasýning
Lýsandi
verið velkomin

www.harexpo.is

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## TOPP MERKI Á FRÁBÆRU VERÐI

42"

DynaPix

FULL HD

DVB-T

100Hz

JVC

**JVC LT42DV8**
42" Full HD 1080p DynaPix HD og D.I.S.T. LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz Clear Motion Drive II, HD Ready, 3.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T móttakara, 20w RMS MaxxAudio, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS, VGA ofl.

TILBOÐ 199.990
FULLT VERÐ kr. 329.990

22"

DVD VIDEO

INNBYGGÐUR DVD SPILARI

TOSHIBA

**Toshiba 22DV555DG**
22" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, innb. DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component & Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

19"

DVD VIDEO

INNBYGGÐUR DVD SPILARI

UNITED

**United 19DD91HD**
19" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

VERÐ 54.990
FRÁBÆRT VERÐ

26"

ACTIVE VISION

TOSHIBA

**Toshiba 26AV605PG**
26" Active Vision LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA), S-Video og heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 124.990

32"

ACTIVE VISION

TOSHIBA

**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p punkta upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA) ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

32"

Vreal 4

DVB-T

Panasonic

**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafrþ. DVB-T mótt., SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI & Component tengi ofl.

TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 169.990

42"

Vreal 4

DVB-T

100Hz

Panasonic

**Panasonic TXP42C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

TILBOÐ 209.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

42"

Vreal 3

FULL HD

DVB-T

Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p punkta uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 279.990

47"

FULL HD

DVB-T

100Hz

DynaPix

JVC

**JVC LT47DV8BG**
47" Full HD 1080p DynaPix HD og D.I.S.T. LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz Clear Motion Drive II, HD Ready, 5.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Audio, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS, VGA ofl.

TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 429.990

50"

Vreal 4

DVB-T

Panasonic

**Panasonic TXP50X10**
50" 100Hz Plasma BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. mótt., SD/SDHC kortalesari (JPEG), 2 x Scart, 3 HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 349.990

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## > ÞRÁIR TAKE THAT

Lady Gaga segist gjarnan vilja sænga hjá öllum meðlimum strákahljómsveitarinnar Take That. Söngkonunni finnst þeir Gary Barlow, Howard Donald, Mark Owen og Jason Orange mjög kynþokkafullir og segist ekkert myndi hafa á móti því að fara með þeim öllum í bólið á sama tíma. Þá fullyrðir Lady Gaga, sem er 23 ára, að hún sé ekki skotin í neinum sérstökum, en nái að lokka alla með sér í rúmið sem hún hrífst af.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Fær vonandi Kurt Russell kött

Hugleikur Dagsson kynnir nýja bók, Eineygði kötturinn kisi og og ástandið: seinni hluti – Flóttinn frá Reykjavík, á Menningarnótt, annars vegar í Eymundsson, Austurstræti, þar sem gestir geta komið og myndað kött sinn með Hugleiki, og hins vegar á Bakkusi.

„Við eigum eftir að sjá hvernig það verður. Fólk á að mæta með kettina sína og fær víst einhvern glaðning, ég veit ekki einu sinni hvað það er. Það verður um fjögur um daginn. Svo klukkan átta um kvöldið verð ég á Bakkusi ásamt þeim sem sjá um DVD-tímaritið Rafskinnu.“ Á að mæta þunnur og leyfa fólki að setja ketti sína í fangið á þér? „Já, það er ekkert nýtt.“

„Það væri mjög gott ef einhver myndi koma með eineygðan kött, kannski fær sá bónusglaðning. Það er nú alltaf hægt að setja lepp á köttinn sinn, reyndar fíla kettir mjög illa að vera manngerðir á einhvern hátt. Það getur vel verið að ég finni þarna nýja karaktera, ég vona það.“

Kápa bókarinnar minnir á Escape from New York. „Ég reyndi að láta þetta verða eins líkt því bíómyndaplakati og ég gat. Það var allan tímann pælingin. Í fyrri bókinni þar sést Kisi fyrst með þennan lepp og í hermannabuxum sem hann hafði aldrei verið áður í. Ég setti hann í Kurt Russell-búninginn. Það má alveg gera það mín vegna, klæða einhvern kött í Kurt Russell-búning. Ég væri mjög mikið til í að sjá það.“

Hann segist ánægður með bókina.



**KATTAMAÐUR** Láttu mynda Hugleik með köttinn þinn á Menningarnótt.

„Ég fattaði ekki hvað hún er góð fyrr en ég las hana þarna fyrst um daginn.“ **- kbs**






**LENO OG CONAN** Spjallþáttastjórnandinn vinsæli Jay Leno byrjar með nýjan þátt 14. september.

## Grínistar fá tækifæri

**Spjallþáttastjórnandinn Jay Leno hlakkar til að koma ungum grínistum á framfæri í nýja þættinum sínum sem hefst á sjónvarpsstöðinni NBC 14. september. „Ég vona að fólkið verði frægt og verði boðið að koma fram í öðrum sjónvarpsþáttum,“ sagði Leno, sem hóf feril sinn sem uppistandari. „Ef einhver myndi segja við mig: „Jay við ætlum að reka þig og ráða í staðinn náungann sem þú uppgötvaðir“ þá yrði það frábært.“ Fyrsti gestur Leno verður Jerry Seinfeld auk þess sem Jay-Z, Rihanna og Kanye West taka lagið. Leno stjórnaði kvöldþætti sínum í sautján ár þangað til Conan O´Brien tók við af honum í júní.**



**SÆVAR HELGI BRAGASON** Sævar hvetur almenning til að kíkja á sýninguna sem stendur yfir í einn mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ljósmyndir úr geimnum

Ljósmyndasýningin From Earth to the Universe hefst í dag fyrir framan Hallgrímskirkju. Ljósmyndirnar, sem floti geimsjónauka og stjörnusjónauka á jörðu niðri hefur tekið, sýna vel hvernig niðurstöður stjarnvísinda geta á stundum líkst listaverkum. „Sýningin stendur fram yfir upphaf skólaárs og eru kennarar hvattir til að skoða sýninguna með bekkjum sínum. Sýningin mun ekki aðeins höfða til Íslendinga, heldur líka þeirra þúsunda ferðamanna sem staddir verða hérlendis á meðan hún stendur yfir,“ segir Sævar Helgi Bragason, einn aðstandandi sýningarinnar og formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.



**BRÓÐIR OG KRISTJÁN** Kristján var að vonum sáttur með sína níu hundruð bjóra sem ættu að duga honum eitthvað fram eftir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vann þúsund bjórdósir á Hellu

**Kristján Jónsson sigraði í Bjórreið á Hellu um síðustu helgi.**

„Það eru níu hundruð eftir, það má alveg brúka það, halda gott partí eða eitthvað,“ segir Kristján Jónsson knapi, en hann sigraði í svokallaðri bjórreið sem haldin var á Hellu um síðustu helgi í tengslum við Töðugjöld. Í sigurlaun voru hundrað kassar af Egils Gulli sem gerir um þúsund bjóra, reyndar litlar dósir, en engu að síður töluvert magn af bjór. Kristján gaf strax um hundrað bjóra frá sér, andstæðingar hans, sem voru sjö talsins, fengu sinn kassann hver og svo fékk mótstjórnin einn kassa. Þannig að allir máttu una glaðir við sitt í leikslok. Kristján hélt síðan að sjálfsögðu upp á sigurinn með því að fá sér nokkra, þannig að nú eru eftir níu bretti, níu hundrað litlar dósir.

Hestur Kristjáns, Bróðir, stóð svo sannarlega undir nafni líkt og segir í Njálu: ber er hver að baki nema sér bróður eigi. „Já, hann stóð sig með stakri prýði, þetta er höfðingi og stendur sig vel í öllu,“ segir Kristján, stoltur af gæðingnum. Knapinn er reyndar nýbyrjaður í hestum sjálfur eftir smá hlé. „Ég var í þessu þegar ég var krakki, en svo fékk maður bílpróf og fór að sinna öðrum hestöflum. Maður setti það síðan alltaf fyrir sig að það væri of dýrt að byrja en svo komst maður í þá aðstöðu að geta byrjað og þá varð ekki aftur snúið.“

Þótt áfengi og hestamennska hafi löngum verið óaðskiljanlegir vinir í gegnum tíðina segir Kristján menninguna hafa breyst til hins betra. „Menn eru nánast alveg hættir að vera fullir á hestbaki. En hestamönnum finnst ekkert leiðinlegt að fá sér í glas, þeir gera þetta bara núna í sitthvoru lagi.“ - fgg



**PRETTY BOYS GROUP** Listahópurinn opnar gallerí við Hverfisgötu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fallegir drengir opna gallerí á Hverfisgötu

Hópur ungra listamanna sem kalla sig Pretty Boys Group opnar nýtt gallerí við Hverfisgötu 34 í dag.

„Við vorum að leita að húsnæði til að nýta sem vinnustofu og gallerí. Þar sem það er svo mikið af tómum húsum í miðbænum ákváðum við að taka eitt yfir, gera það upp og færa okkur svo yfir í það næsta,“ segir Þórsteinn Sigurðsson, einn meðlima Pretty Boys Group. „Þegar við vorum búnir að gera húsið við Hverfisgötu upp fengum við heimsókn frá borgaryfirvöldum og fengum leyfi til að vera áfram í húsnæðinu. Þannig að við erum búnir að vera hér síðan og erum nú að fara að opna gallerí sem mun bera nafnið Bosnía.“

Piltarnir eru allir listamenn að mennt og eru að sögn Þórsteins að gera ólíka hluti þó flestir tengist þeir í gegnum götulist sem þeir stunda.

Hópurinn fær að nýta húsnæðið undir list sína í óákveðinn tíma, eða þar til ráðist verður í frekari framkvæmdir á húsinu. „Sýningin sem opnar hér í dag verður samsýning okkar sem að þessu stöndum. Veitingar verða í boði, lifandi tónlist og dans þannig ég hvet alla til að mæta,“ segir Þórsteinn.

Opnunin hefst klukkan 17.00. - sm



PEPSI DEILDIN

Það eru átta leikir
í Pepsi-deild karla á næstunni

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. 22. ágú. | 16:00 | Fylkir - Fjölnir | Fylkisvöllur |
| lau. 22. ágú. | 16:00 | Valur - Breiðablik | Vodafonevöllurinn |
| lau. 22. ágú. | 16:00 | Keflavík - KR | Sparisjóðsv. Keflavík |
| lau. 22. ágú. | 16:00 | FH - Grindavík | Kaplakrikavöllur |
| lau. 22. ágú. | 16:00 | Fram - Stjarnan | Laugardalsvöllur |
| sun. 23. ágú. | 18:00 | ÍBV - Þróttur R. | Hásteinsvöllur |
| mið. 26. ágú. | 18:00 | KR - ÍBV | KR-völlur |
| mið. 26. ágú. | 19:15 | Fram - Grindavík | Laugardalsvöllur |

Drekktu í þig boltann!

Auglýsingasími 512 50 50

Mest lesið



**MIKIL VINNA** Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélagsins, segir félagið hafa unnið ötullega að því að byggja upp ímynd íslenskrar fatahönnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ósætti um íslenska tískuviku

**Mikil umræða hefur skapast í kringum viðburðinn Iceland Fashion Week og eru Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands, og Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður, í hópi þeirra hönnuða sem eru óánægðir með viðburðinn.**

„Annars staðar í heiminum eru tískuvikur settar upp í samvinnu við fatahönnunarfélag þess lands, það er ekki tilfellið hér með Iceland Fashion Week. Okkur finnst við þurfa að vekja athygli á því að þetta er starfsgrein sem fólk hefur lífsviðurværi sitt af og því ætti ekki hver sem er að fá að ráðast í verkefni sem þetta,“ segir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. Hún er ósátt við Iceland Fashion Week sem Kolbrún Aðalsteinsdóttir ráðgerir að halda í október. Nokkra athygli hefur vakið að engir íslenskir fatahönnuðir taka þátt í tískuvikunni og hefur Fréttablaðið áður sagt frá óánægju íslenskra hönnuða með hana. Harpa Einarsdóttir stofnaði til að mynda hóp á Facebook þar sem rúmlega átta hundrað manns hafa lýst sig andsnúna Iceland Fashion Week í núverandi mynd.

„Þegar erlendir fatahönnuðir og blaðamenn fá boðskort á Iceland Fashion Week þá gera þeir ráð fyrir að viðburðurinn sé unninn í samvinnu við Fatahönnunarfélagið sem auglýst er en í þessu tilfelli er það ekki. Við óttumst að þetta muni skaða þá miklu vinnu sem við höfum sett í að byggja upp fatahönnunariðnaðinn hér á landi,“ segir Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Ísland, og tekur fram að hlutverk félagsins sé að styrkja stöðu íslenskra hönnuða á alþjóðamarkaði og koma hönnuðum á framfæri.

„Um fimmtíu manns eru skráðir í félagið, flestir eru í útflutningi á vörum sínum og því er mikilvægt að verja orðspor okkar á erlendri grundu. Fatahönnunarfélagið ætti að eignast Iceland Fashion Week og gera þetta faglega. Þeir sem lifa og hrærast í þessum heimi vita að það er það sem skiptir mestu máli,“ segir Steinunn. Hún segir að það kæmi til greina að gera þetta undir öðru nafni eins og stungið hefur verið upp á, en telur að það muni aðeins valda ruglingi. Gunnar samsinnir þessu og bætir við að það sé ekki nóg að halda góða tískusýningu, heldur verði hún að vera frábær og faglega. „Alls staðar annars staðar mundi það hljóma út í hött að halda tískuviku án fatahönnuða,“ segir Gunnar að lokum.



**VILL NAFNIÐ TIL FAGAÐILA** Steinunn Sigurðardóttir vill að Fatahönnunarfélag Íslands fái afnot af nafninu Iceland Fashion Week. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

sara@frettabladid.is

TVÆR ÓPERUR
DRAMA OG GRÍN

Alexandra Chernyshova, sópran
Michael Jón Clarke, barítón
Daníel Þorsteinsson, píanó
Aðalsteinn Bergdal, leikstjóri



„Biðin (Ожидание)“
Mikael Tariverdiev

„The Telephone or L'amour á trois“
Gian-Carlo Menotti

Sýningar:
Leikhús Akureyrar
29. ágúst kl. 15:00 - Frumsýning
30. ágúst kl. 15:00
Iðnó, Reykjavík
4. sept. kl. 20:00
5. sept. kl. 20:00
Miðgarður, Skagafirði
19. sept. kl. 20:30

Miðaverð kr. 2.900
Forsala á www.midi.is

Dream Voices
Allar upplýsingar um verkefnið á www.dreamvoices.is

Menningarráð



**TEEJ-HÁTÍÐ Á KITCHEN** Þrjátíu nepalskar konur koma saman í kvöld og halda upp á hina árlegu Teej-hindúahátíð sem er tileinkuð eiginmönnum þeirra.

# Nepalskar konur halda árlega hátíð

„Það er mikill heiður fyrir mig að fá að matreiða fyrir konurnar þetta kvöld,“ segir Deepak Panday á veitingastaðnum Kitchen á Laugavegi. Þar munu um þrjátíu nepalskar konur koma saman í kvöld og halda upp á hina árlegu nepölsku Teej-hindúahátíð sem er tileinkuð eiginmönnum þeirra.

„Þetta er aldagömul hátíð sem nepalskar og indverskar konur halda upp á úti um allan heim á hverju ári. Indverjar fagna því ekki á sama tíma, en á svipaðan hátt. Konurnar koma saman uppáklæddar, oft í rauðum sari sem er tákn giftra kvenna. Svo borða þær saman, dansa og biðja fyrir langlífi og heilsu eiginmanna sinna. Í kjölfarið fasta þær svo í tvo daga, eða þangað til eiginmenn þeirra gefa þeim leyfi til að borða á ný, en fyrir konurnar er það mikill heiður að fasta fyrir eiginmenn sína,“ útskýrir Panday. Aðspurður segir hann að um níutíu Nepalar séu búsettir á Íslandi, en Kitchen sérhæfir sig í nepalskri matseld og mun Panday framreiða ýmis konar góðgæti.

„Ég ætla að bjóða upp á svínakjöt, kjúkling, grænmeti, pilau-hrísgrjón og einhver sætindi. Aðeins konurnar borða saman þetta kvöld, en samkvæmt hefðinni mega mennirnir borða matinn sem þær leifa.“ - ag


GAURA GANGUR
DJÚPIÐ
FAUST
Jesús litli
FJÖLSKYLDAN
Heima er best
Skelltu þér í áskrift
Kynntu þér nýtt og spennandi leikár í enn glæsilegra blaði en í fyrra
Sama verð og í fyrra!
Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar að eigin vali á aðeins 8.900 kr.
Á síðasta ári sló sala áskriftarkorta öll met.
Tryggðu þér áskriftarkort strax.
Námsmenn fá áskriftarkort á 4.450 kr.
Borgarleikhúsið
Miðasala er hafin:
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3

# Smáskífa frá Sometime



**SOMETIME** Hljómsveitin Sometime hefur gefið út aðra smáskífu sína.

Hljómsveitin Sometime hefur gefið út aðra smáskífu sína af plötu sinni Supercalifragilisticexpialidocious. Smáskífan nefnist Heart of Spades og kemur út á netinu og á kassettu í fimmtíu númeruðum eintökum.

Með kassettunni fylgir frítt niðurhal af henni á síðunni Tónlist.is. Á smáskífunni eru fimm endurhljóðblandanir eftir Steed Lord, SvenBit, Introbeats, Oculus og Trulz & Kjex. Kassettan fæst einungis í tískuverslununum KVK og KronKron. Einnig er hægt að kaupa lögin á tonlist.is, grapewire.net og fleiri síðum. Sometime fagnar útgáfunni í kvöld klukkan 20.20 í versluninni KVK, Laugavegi 58a. -fb

# Orrustubjarki stígur á svið



**ORRUSTUBJARKI** Orrustubjarki spilar með vini sínum Krumma í fyrsta sinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónlistarmaðurinn Orrustubjarki spilar með vini sínum Krumma og trommaranum Frosta Gringó í portinu hjá skemmtistaðnum Kultura í dag.

„Við erum að spila í fyrsta sinn saman og ég er mjög spenntur,“ segir Orrustubjarki, eða Bjarki Markússon. „Við vorum að prufa eina æfingu í gær [fimmtudag] og það kom mjög vel út.“ Þeir félagar ætla að bjóða upp á tilraunakennt sýrurokk og hefja þeir leik klukkan 15.

Bjarki hefur verið lengi í tónlist og byrjaði að taka upp árið 1995. Hann hefur gefið út eina plötu með Pétri og Úlfunum en fyrsta sólóplata hans er væntanleg í haust. Útilokar hann ekki að Krummi verði þar í gestahlutverki.

Nafnið Orrustubjarki er óvenjulegt og Bjarki hefur góða skýringu á því: „Það var víkingur í gamla daga sem slátraði manni og öðrum og mér fannst það hæfa mér því kalla sjálfan mig „artist/criminal“,“ segir hann án þess að blikna.

Fjöldi annarra hljómsveita spilar í portinu í dag, þar á meðal Rafgashaus, Skorpulifur, Anonymous, Tonik, The Way Down og Biogen. - fb



**PÁLL ÓSKAR OG MONIKA** Halda tvenna tónleika í Listasafni Einars Jónssonar.

# Spila í Listasafninu

Páll Óskar og Monika halda tvenna tónleika í Listasafni Einars Jónssonar í dag klukkan 16 og svo aftur klukkan 18. Þau munu flytja vinsælustu lög Palla í sérstökum útsetningum fyrir hörpuna, auk ýmiss annars góðgætis af efnisskránni þeirra. Aðgangur er ókeypis.

Seinna um kvöldið verður Páll Óskar í diskóstuði þegar hann endar stórtónleikana í Hljómskálagarðinum rétt fyrir flugeldasýninguna. Páll Óskar stígur þar á svið kl. 22 og spilar í hálftíma.

# Fljótandi markaður



**ALLT TIL SÖLU** Eva María, markaðsstjóri hjá Eldingu, segir að mikið verði um að vera í kringum gömlu höfnina í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við vorum nokkrir vinir sem tókum okkur saman í vetur og ákváðum að taka til í skápum og geymslum og halda flóamarkað um borð í Hvalasetrinu. Það gekk svo vel að við ákváðum að endurtaka leikinn núna í tilefni menningardagsins og halda markað bæði á bryggjunni og um borð í skipinu,“ segir Eva María Þórarinsdóttir, markaðsstjóri hjá Eldingu.

Að sögn Evu Maríu verða um tíu manns með bása á markaðnum í dag þar sem hægt verður að kaupa allt milli himins og jarðar. Heitt verður á könnunni og boðið verður upp á ratleik um höfnina fyrir fjölskyldur. „Ratleikurinn hefst um borð í Hvalasetrinu og stendur yfir allan daginn. Það verður þrisvar sinnum dregið um verðlaun yfir daginn og koma verðlaunin frá fyrirtækjum í nágreni við höfnina.“ Auk flóamarkaðarins býðst gestum að skoða listasýningu á vegum Félags frístundamálara sem verður á neðri hæð Hvalasetursins. Flóamarkaðurinn hefst klukkan 11 í dag, en Hvalasetrið verður opið frá klukkan 8. - sm



**Í FLATEY** Lay Low í Flatey þar sem upptökur fóru fram bæði innan- og utandyra.

# Órafmögnuð Lay Low í Flatey

**Nýr tvöfaldur diskur með tónlistarkonunni Lay Low kemur að öllum líkindum út hérlendis fyrir jólin og erlendis eftir áramót.**



Á fyrri disknum verða sjö lög sem Lay Low tók upp órafmagnað í Flatey um síðustu helgi og á hinum verður DVD-mynddiskur. Tvö laganna eru ný, þar af annað sem hún samdi við ljóðið Sorgin frá árinu 1884 eftir skáldið Undínu, sem hét réttu nafni Helga Steinvör Baldvinsdóttir. Myndatökumenn voru á staðnum sem festu spilamennskuna á filmu og verða þær upptökur á DVD-disknum.

„Okkur langaði að skjóta myndefni með Lovísu að flytja lögin sín og skoðuðum eyna í júní og tókum myndir,“ segir umboðsmaðurinn Kári Sturluson. „Í kjölfarið tókum við þetta lengra og kýldum á upptökur um helgina. Það voru engin tvö lög tekin upp á sama stað og það var tekið upp bæði úti og inni. Í einu lagi spiluðu hænsn ansi stórt hlutverk því þau voru á vappi í kring,“ segir hann. „Flatey á eftir að setja mark sitt á öll lögin því öll stemningin úr eynni smitast inn í upptökurnar. Við tókum þetta þannig upp og ætlum að láta þessar tökur standa.“

Leikstjórinn Denni Karlsson sem vann við heimildarmynd Sigur Rósar, Heima, stjórnaði upptökunum fyrir DVD-diskinn og um kvikmyndatöku sá Víðir Sigurðsson. Hljóðupptaka var í höndum Viðars Hákonar Gíslasonar, eða Vidda í Trabant.

freyr@frettabladid.is




# Hringurinn fékk Jackson-söfnunarfé



**Í MINNINGU MICHAELS JACKSON** Páll Óskar stóð fyrir minningarkvöldi um Jackson á Nasa 11. júlí ásamt fleirum og var allur ágóðinn af miðasölu, ein milljón, auk hálfrar milljónar frá Byr, afhentur Barnaspítala Hringsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Svona hefði Jackson sjálfur eflaust viljað gera þetta,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem afhenti Barnaspítala Hringsins eina og hálfa milljón á fimmtudag. Peningagjöfin var ágóði miðasölu af minningarkvöldi um Jackson á Nasa sem haldið var 11. júlí síðastliðinn, þar sem ein milljón króna safnaðist, en Byr sparisjóður bætti um betur og lagði fram hálfa milljón til viðbótar.

„Michael Jackson sjálfur fór mikinn í góðgerðastarfsemi ýmiss konar og er meðal annars í Heimsmetabók Guinness fyrir að vera sá einstaklingur sem mest lagði af mörkum til ýmissa góðgerðamála um heim allan. Ákvörðunin um að veita Barnaspítala Hringsins þessa peningagjöf er því alveg í hans anda,“ segir Páll Óskar, sem kom sjálfur fram á minningarkvöldinu. Auk þess komu Alan Jones og Seth Sharp fram ásamt hljómsveitinni Jagúar og Yesmine Olsson sem sýndi Jackson-sporin ásamt fleiri dönsurum. Spiluðu voru svo Michael Jackson-lög alla nóttina fyrir fullu húsi. - ag

# Tónleikar
## í Skífunni laugavegi á menningarnótt

SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is



**kl.12.00**
**Eiki Einars**



**kl.15.00**
**Lára Rúnars**



**kl.12.30**
**Bergþór Smári & MOOD**



**kl.16.00**
**Ingó og Veðurguðirnir**



1.999



**kl.13.00**
**Cosmic Call**



**kl.17.00**
**Papar**




1.999



**kl.13.30**
**Weapons**



**kl.18.00**
**Sigríður Thorlacius og heiðurspiltar**



Forsölutilboð á plötu Sigríðar Thorlacius. Tilboðið gildir aðeins í dag

1.999



**kl.14.00**
**Retro Stefson**



1.999



**kl.19.00**
**Agent Fresco**



1.499

**TÓNLISTARVEISLA Á LAUGAVEGINUM Í ALLAN DAG**

# Tónleikastríð á Menningarnótt

„Margir hafa verið að velta fyrir sér hvort við ættum ekki að vera að „presentera“ Rásar 2 tónleikana og þeir okkar, en Bylgjan hefur verið að þróast mikið og er ekki eins fyrirsjáanleg og fólk myndi halda,“ segir Jóhann Örn Ólafsson, kynningarstjóri Bylgjunnar, um tónleika útvarpsstöðvarinnar á Ingólfstorgi á Menningarnótt. Í Hljómskálagarðinum verða hinir árlegu tónleikar Rásar 2 og hefjast tónleikar beggja útvarpsstöðvanna á sama tíma, klukkan 19.30.

Á tónleikum Rásar 2 koma fram hljómsveitirnar Lights on the Highway, Hinn íslenski Þursaflokkur, Paparnir, Ingó og Veðurguðirnir og Páll Óskar, en á tónleikum Bylgjunnar koma fram Hjálmar, Hjaltalín, Baggalútur, Megas og Senuþjófarnir, Sigríður Thorlacius, Pastal og Pinon og Fallegir menn. Aðspurður viðurkennir Jóhann að hljómsveitirnar á tónleikunum hafi ekki allar fengið mikla spilun á Bylgjunni. „Það má segja að einhverjir tónlistarmenn þarna séu ekki mikið spilaðir á Bylgjunni, en það er mjög fjölbreytt tónlist spiluð á stöðinni svo við kynnum þessa tónleika með miklu stolti,“ segir Jóhann, sem verður líklega kynnir á tónleikunum í kvöld. „Það stefnir allt í að ég kynni þetta sjálfur, enda er ég kynningastjóri Bylgjunnar svo það væri fáranlegt að nota ekki þennan titil,“ bætir hann við og brosir.

**- ag**



**TVENNIR TÓNLEIKAR Í MIÐBÆNUM** Útvarpsstöðvarnar Rás 2 og Bylgjan munu báðar standa fyrir tónleikum í miðbænum í kvöld klukkan 19.30.

# Laxdæla Lárusar fær nýtt nafn

**Tökum á kvikmyndinni Laxdælu Lárusar lauk í vikunni. Fyrsta verk leikstjórans var að ákveða að breyta nafni myndarinnar.**

„Ég held reyndar að við séum að fara að breyta þessu nafni eitthvað hvað úr hverju, það er ekki alveg komið á hreint í hvað. En nafninu verður breytt,“ segir Ólafur Jóhannesson leikstjóri og annar handritshöfunda Laxdælu Lárusar.

„Tökurnar gengu tiltölulega sársaukalaust fyrir sig,“ segir Ólafur. „Maður var kannski af og til að græta leikara með öskrunum í sér en maður verður bara að vera harður við þetta lið. Nei, þetta var allt voðalega blítt og gott bara.“ Hann segist dofinn eftir tökur. „Eins og bara með alla sem vinna einhverja álagsvinnu, þegar fólk fer á svona túr þá er það eðlilega smá dofið eftir á, þá náttúrulega aðallega ég, því mesta vinnan lendir á mér,“ segir hann á sömu léttu nótunum.

Myndin fjallar um verkfræðing sem blandar sér í pólitíkina í Búðardal en gerir sér fljótlega grein fyrir að þar ríkir lítil heimsstyrjöld. Funduð þið fyrir erjum? „Nei, því miður ef svo má segja. Við vorum fjórar vikur í Búðardal, allir rosalega hjálplegir og almennilegir, stutt í alla tökustaði og svona. Svo þegar maður kom í Reykjavík var maður fjórutíu mínútur frá Árbæ niður í miðbæ og flugvélar, steypustöðvar, mótorhjól og gsm-sendar að trufla hljóðið. Maður fékk pínu Reykjavíkursjokk.“

Hann segir sofið á þessu í bili áður en klipping hefst. „Ég var að koma úr fótbolta og gekk vel. Setti nokkur mörk og svona. Svo ætla ég að fara að heimsækja mömmu, fer kannski í sund.“

**kbs@frettabladid.is**



**SEINASTA SKOTIÐ** Eggert Þorleifs og Stefán Karl ræða við Ólaf í síðustu tökunni á Kaffismiðjunni við Kárastíg.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS: LIVE HARD, SELL HARD | kl. 1 - 3.40 - 5.40 -8 - 10.10 | 14 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 1 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 1 (850) 3.30 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| G.I. JOE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| FUNNY GAMES | kl. 10 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 3 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 - 5.20 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 5.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 4 - 7 - 10 | 16 |
| ICEAGE 3 | kl. 3 | |




| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 1.30, 3.40, 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 1.50(550 kr.) og 3.50 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr.) og 4 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 10:20 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 síðustu sýningar | VIP |
| BRUNO | kl. 11 síðustu sýningar | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 8 | 12 |

SPARBÍÓ 550 Á MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á GRÆNAR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8:20 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8:20D - 10:40D | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 | 7 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10 | 12 |









# Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

OPIÐ 24 TÍMA






**Verslaðu skólavörurnar þegar þér hentar!**

Office1

## > Ármann Smári nálgast Hartlepool

Í fyrradag greindu norskir fjölmiðlar frá því að Brann væri búið að samþykkja kauptilboð enska c-deildarfélagsins Hartlepool í Ármann Smára Björnsson. Umboðsmaðurinn Ólafur Garðarsson staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að Ármann Smári væri búinn að samþykkja samningsboð frá Hartlepool og ætti bara eftir að gangast undir læknisskoðun. „Forráðamenn Hartlepool segjast vonast til þess að ganga frá smáatriðum á næstunni en það er ekkert staðfest. Það eru einhver ljón í veginum en ég veit ekki alveg hvert vandamálið er. Ármann Smári er búinn að samþykkja samningsboð Hartlepool og á í raun bara eftir að gangast undir læknisskoðun,“ segir Ólafur.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON:** VILDI AÐ ALLIR VÆRU TILBÚNIR AÐ SPILA FYRIR LANDSLIÐIÐ SEM MÆTIR HOLLANDI Í DAG

# *Eigum ekkert að vinna þennan leik á pappírunum*

Jón Arnór Stefánsson og félagar í íslenska körfuboltalandsliðinu mæta Hollandi í Smáranum klukkan 16.00 í dag. Þetta er annar af tveimur heimaleikjum liðsins í seinni hluta B-deildarinnar en íslenska liðið byrjaði á 66-54 sigri í Danmörku á miðvikudaginn.

„Það var gott að vinna fyrsta leik og fara inn í Hollandsleikinn nokkuð léttir og jákvæðir. Sjálfstraustið ætti að vera nokkuð gott eftir þennan fyrsta sigur. Við vorum góðir í vörninni og baráttan í þar sköp sigurinn hjá okkur,“ segir Jón Arnór en hann skoraði 21 af 66 stigum íslenska liðsins og tók af skarið í sókninni. „Ég þarf samt að spila betur, það er alveg pottþétt,“ segir Jón Arnór.

Hollendingar unnu 23 stiga sigur á Austurríki í síðasta leik og eru með mjög sterkt lið sem er líklegt til að vinna sér sæti í A-deildinni. „Þetta verður brött brekka fyrir okkur og við eigum ekkert að vinna þennan leik á pappírunum. Þetta er hrikalega erfitt lið að vinna því að þeir eru á öðru plani en við, ef maður á að vera hreinskilinn,“ segir Jón. Aðalstjarna hollenska liðsins er Francisco Elson sem varð NBA-meistari með San Antonio Spurs 2007 og var með 28 stig í 84-68 sigri Hollands í fyrri leiknum.



„Elson er virkilega góður. Hann er stór, snöggur og hreyfanlegur fyrir stóran mann. Við söknum Hlyns Bæringssonar svolítið í þeirri baráttu. Við berjumst bara og þurfum örugglega að tvídekka hann,“ segir Jón Arnór sem tekur þátt í leikjum íslenska liðsins, en í liðið vantar öfluga menn. „Ég vil spila fyrir Íslands hönd og gef mig allan í þetta verkefni. Ég er stemmdur og ég vildi að það væri þannig hjá öllum og allir væru með. Því miður er það ekki svo í ár einhverra hluta vegna. Ég veit ekki hver ástæðan er hjá hinum leikmönnunum en við erum ekki að stilla upp okkar sterkasta liði,“ segir Jón Arnór. Jón er sjálfur ekki búinn að finna sér lið fyrir næsta tímabil. „Ég er bara atvinnulaus og veit ekkert hvað ég er að fara að gera. Það er ekkert í gangi til að tala um. Ég hef samt engar áhyggjur af þessu og bíð bara rólegur eftir að eitthvað gott detti inn,“ segir Jón og á meðan ætlar hann að njóta þess að spila fyrir Íslands hönd.

### *Staðan í Pepsi-deild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **17** | **14** | **1** | **2** | **49-17** | **43** |
| 2. Fylkir | 17 | 10 | 2 | 5 | 30-19 | 32 |
| **3. KR** | **16** | **9** | **3** | **4** | **36-24** | **30** |
| 4. Keflavík | 17 | 6 | 7 | 4 | 25-29 | 25 |
| **5. Stjarnan** | **17** | **7** | **3** | **7** | **35-27** | **24** |
| 6. Valur | 17 | 7 | 2 | 8 | 20-29 | 23 |
| **7. Fram** | **16** | **6** | **4** | **6** | **26-21** | **22** |
| 8. Breiðablik | 17 | 6 | 4 | 7 | 27-30 | 22 |
| **9. Grindavík** | **15** | **5** | **3** | **7** | **24-29** | **18** |
| 10. ÍBV | 15 | 5 | 2 | 8 | 18-26 | 17 |
| **11. Fjölnir** | **17** | **3** | **3** | **11** | **20-36** | **12** |
| 12. Þróttur | 17 | 3 | 2 | 12 | 20-43 | 11 |

### MARKAHÆSTU MENN

| | |
|---|---|
| **Atli Viðar Björnsson, FH** | **12** |
| Arnar Már Björgvinsson, Stjörnunni | 9 |
| **Alfreð Finnbogason, Breiðabliki** | **9** |
| Matthías Vilhjálmsson, FH | 9 |

### NÆSTU LEIKIR:

| | |
|---|---|
| **FH-Grindavík** | **lau. 22. ágúst kl. 16:00** |
| Fylkir-Fjölnir | lau. 22. ágúst kl. 16:00 |
| **Keflavík-KR** | **lau. 22. ágúst kl. 16:00** |
| Valur-Breiðablik | lau. 22. ágúst kl. 16:00 |
| **Fram-Stjarnan** | **lau. 22. ágúst kl. 16:00** |
| ÍBV-Þróttur | sun. 23. ágúst kl. 18:00 |




Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**
**www.rainbow.is**


# Verður FH meistari í dag?

**FH-liðið getur tryggt sér titilinn vinni það Grindavík á sama tíma og Fylkir og KR tapa sínum leikjum. FH yrði þá fyrsta liðið til að tryggja sér titilinn þegar enn eru fjórir leikir og tólf stig eftir í pottinum.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar geta fagnað fimmta Íslandsmeistaratitlinum á sex árum í dag verði úrslitin í 18. umferð Pepsi-deildar karla þeim í hag. FH-ingar taka á móti Grindvíkingum á sama tíma og næstu lið í töflunni, Fylkir og KR, mæta Fjölni og Keflavík. FH-ingar eru með 11 stiga forskot á Fylkir og 13 stiga forskot á KR sem á leik til góða.

FH-ingar hafa verið duglegir að endurskrifa söguna undanfarin sumur og þeir geta bætt enn einu metinu við takist þeim að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í dag. FH yrði þá fyrsta liðið til þess að tryggja sér titilinn þegar liðið á enn eftir fjóra leiki af mótinu. Þrjú lið hafa unnið titilinn þegar þau hafa átt þrjá leiki eftir. FH-ingar gerðu það fyrir fjórum árum og jöfnuðu þá met ÍA frá 1995 og Fram frá 1988.

Framarar unnu 14 af fyrstu 15 leikjum sínum sumarið 1988 og voru taplausir á tímabilinu þegar þeir tryggðu sér titilinn með 3-2 sigri á KA í 15. umferðinni. Fram-liðið var þá með 11 stiga forystu þegar aðeins þrjár umferðir voru eftir.

Skagamenn unnu tólf fyrstu leiki sína sumarið 1995 og náðu 40 af 45 mögulegum stigum út úr fyrstu fimmtán leikjum sínum. Það voru þó Valsmenn sem tryggðu þeim titilinn með því að vinna 2-1 sigur á KR í 15. umferðinni en hann fór fram daginn eftir leik Skagamanna. Skagamenn höfðu þar með tólf stiga forystu þegar aðeins þrjár umferðir voru eftir.

FH-ingar unnu fimmtán fyrstu leiki sína sumarið 2005 og tryggðu sér titilinn með 2-0 sigri á Val í uppgjöri efstu liðanna í 15. umferðinni. FH-ingar voru þannig með fjórtán stiga forystu þegar aðeins þrjár umferðir voru eftir.

FH-ingar geta enn fremur orðið aðeins fjórða liðið til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í ágústmánuði síðan deildin innihélt fyrst tíu lið árið 1977. Þeir munu þó ekki ná að bæta árangur sinn frá því fyrir fjórum árum þegar titilinn kom í höfn degi áður, hinn 21. ágúst.

Einu liðin sem eiga enn möguleika á titlinum fyrir utan FH, Fylkir og KR, eru örugglega löngu hætt að keppa um efsta sætið en heyja aftur á móti harða baráttu um annað sætið. KR-ingar heimsækja Keflvíkinga og Fylkir tekur á móti Fjölni. Fylkir náði öðru sætinu af Vesturbæingum í síðasta leik en það er nóg eftir af þeirri baráttu þótt baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn sé að mestu lokið. **ooj@frettabladid.is**



**26 MÖRK SAMAN** Atli Viðar Björnsson (12 mörk), Atli Guðnason (7) og Tryggvi Guðmundsson (7) fagna hér einu af 49 mörkum FH í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### ÍSLANDSMEISTARAR MEÐ FLESTA LEIKI EFTIR

| | |
|---|---|
| **Þrír leikir** | |
| Fram 1988 | 3. september 1988 |
| ÍA 1995 | 4. september 1995* |
| FH 2005 | 21. ágúst 2005 |
| **Tveir leikir** | |
| KR 1959 | 27. ágúst 1959 |
| Fram 1972 | 6. september 1972* |
| Keflavík 1973 | 9. september 1973* |
| ÍA 1984 | 1. september 1984 |
| ÍA 1993 | 11. september 1993 |
| KR 2003 | 1. september 2003 |

*** Úrslit úr öðrum leikjum tryggðu titilinn**


Sunddeild Ármanns

**Barnasund**

**Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 17. október nk. í Árbæjarskóla**

**Ungbarnasund**

**Námskeiðið hefst 29. ágúst í Árbæjarlaug.**

**Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stellag@torg.is**


Sölvi Geir Ottesen heldur áfram að heilla bresk lið:

# Newcastle vill Sölva

**FÓTBOLTI** Danskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að enska b-deildarfélagið Newcastle hefði áhuga á að fá íslenska landsliðsmanninn Sölva Geir Ottesen í sínar raðir en varnarmaðurinn leikur nú með SønderjyskE í Danmörku.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Sölvi Geir er orðaður við breskt félag því fyrr í sumar voru bæði Celtic og Birmingham talin vera á eftir honum.

Umboðsmaðurinn Guðlaugur Tómasson staðfestir í samtali við danska dagblaðið Berlingske Tidende að Newcastle hafi vissulega sýnt Sölva Geir áhuga.

„Því er ekki að neita að Newcastle hefur sýnt leikmanninum áhuga en eins og staðan er núna hefur ekkert kauptilboð verið lagt fram. Á þessum tímapunkti er erfitt að segja hvort eitthvað verði úr áhuga Newcastle eða ekki,“ segir Guðlaugur.

Samkvæmt heimildum Berlingske Tidende ætlar knattspyrnustjórinn Chris Hughton sér að fá Sölva Geir til þess að fylla skarð Sebastien Bassong sem fór á dögunum til Tottenham.

Þá er varnarmaðurinn Steven Taylor hjá Newcastle sterklega orðaður við félagaskipti til Everton. **- óþ**



**SÖLVI GEIR** Hefur fengið lof fyrir frammistöðu sína með SønderjyskE. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BT
SKÓLABYRÐIN LÉTTIST
MEÐ LÉTTVÖXTUM BT
acer
Acer Aspire Timeline 4810
INTEL CORE2 SOLO SU2700 1.3GHZ
14.0 High Definition LED skjár
Intel Core 2 Solo SU2700 1.3Ghz
3GB DDR2 667MHz minni
320GB SATA 5400RPM
512MB Intel x4500 HD skjástýring
Þráðlaust netkort Draft-N 300Mbps
Super Multi skrifari
Gigabit Lan
Vefmyndavél
5 in 1 Minniskortalesari
6 cellu rafhlaða
Windows Vista Home Premium
Vegur 1.3KG
BT léttvextir 7,7%
20.000KR LÆKKUN AÐEINS ÞESSA HELGI
intel
129.999
BT LÁN Verð frá: 5.829 24 mánaða
8 KLST RAFHLÖÐUENDING
14.0" HD LED SKJÁR
VEGUR AÐEINS 1.3KG
WATCHMEN
NÝTT
2.499
WATCHMEN DIRECTOR'S CUT
bluray
3.499
ÓDÝRT DVD
999
BenQ
BenQ G2410 HD
24" WIDESCREEN SKJÁR
BT léttvextir 7,7%
24''LCD 16:9
1920X1080
40000:1
2ms
DVI/VGA
Full HD 1080P
BT LÁN Verð frá: 2.396 24 mánaða
49.999
Skullcandy
Skullcandy
HEYRNATÓL MEÐ INNBYGGÐUM MP3 SPILARA
BT léttvextir 7,7%
1GB SD Minniskort
fylgir - stækkanlegt upp í 4GB
Rafhlöðuending allt að 8 tímar
USB og 3.5mm jack snúra fylgja
MARGAR FLEIRI FLOTTAR GERÐIR AF SKULLCANDY Í BT
15.999
acer
Acer Emachines E625
AMD ATHLON 64 PROCESSOR TF-20
15,6" 1366x768
AMD Athlon 64 Processor TF-20
1x2GB 250GB 5400RPM
ATI Radeon Xpress 1200
Lyklaborð með talnaborði
Þráðlaust netkort 54Mbps
Vefmyndavél
Minniskortalesari
6 cellu rafhlaða
Windows Vista BASIC
Vegur 2,72kg
69.999
250GB HARÐUR DISKUR
2GB VINNSLUMINNI
15.6" SKJÁR
BT léttvextir 7,7%
10.000KR LÆKKUN AÐEINS ÞESSA HELGI
AMD
ATI RADEON GRAPHICS
BT LÁN Verð frá: 3.683 24 mánaða
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444
© SmartMedia | www.smartmedia.is | 588-4100

## AFTASTA LÍNA ÍSLANDS Á EM Í FINNLANDI

**Edda Garðarsdóttir**
- 30 ára, 72 landsleikir og 2 mörk
- Hefur spilað 32 landsleiki í röð
- Hefur verið inn á í 93 prósent leiktímans undir stjórn Sigurðar Ragnars

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir**
- 28 ára, 62 landsleikir og 1 mark
- Hefur spilað 30 landsleiki í röð
- Hefur verið inn á í 98 prósent leiktímans undir stjórn Sigurðar Ragnars

**Katrín Jónsdóttir**
- 32 ára, 86 landsleikir og 13 mörk
- Hefur spilað 31 landsleik í röð
- Hefur verið inn á í 97 prósent leiktímans undir stjórn Sigurðar Ragnars

# Kjarni kvennalandsliðsins

**Aðeins þrír leikmenn íslenska kvennalandsliðsins hafa byrjað síðustu 27 leiki kvennalandsliðsins. Má því kalla þær Katrínu Jónsdóttur, Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur og Eddu Garðarsdóttur kjarnann í íslenska liðinu.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar sinn þrítugasta leik undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar á mánudagin þegar liðið leikur sinn fyrsta leik á EM í Finnlandi.

Sigurður Ragnar lagði strax áherslu á íslensku vörnina þegar hann tók við og hún hélt marki sínu hreinu í þrettánda sinn undir hans stjórn í sigrinum á Serbíu á laugardaginn. Margir leikmenn eiga þátt í þeim góða árangri en þrír þeirra hafa átt gríðarlega mikinn þátt í því að ná upp stöðugleika í varnarleik íslenska kvennalandsliðsins.

Þær Edda Garðarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir og Katrín Jónsdóttir mynda öftustu varnarlínu liðsins og hafa gert það í 28 af 29 leikjum undir stjórn Sigurðar Ragnars.

Þær þrjár stöllur eru einu leikmenn liðsins sem hafa verið í byrjunarliði íslenska liðsins í undanförnum 27 landsleikjum eða allar götur frá því í 5-1 sigri á Portúgal 12. mars 2007 sem var jafnframt fyrsti sigurleikurinn undir stjórn Sigurðar Ragnars.

„Þær eru allar mjög góðir leikmenn og með gríðarlega mikla reynslu sem er okkur mikilvægt. Þetta eru miklir liðsspilarar. Þær eru ekki í þessu fyrir einhverja persónulega athygli heldur fórna sér fyrir liðið,“ segir Sigurðar Ragnar um þær Eddu, Guðrúnu og Katrínu.

„Eitt það mikilvægasta sem þú gerir í byrjun sem þjálfari er að finna miðvarðaparið og við vorum heppnir að þær Gunna og Kata pössuðu mjög vel saman. Þá er maður ekkert mikið að breyta því sem gengur vel,“ segir Sigurður Ragnar og hann er sammála því að miðvarðaparið sé samansett af ólíkum leikmönnum sem vega hvor aðra upp.

„Kata er meira í því að vinna skallabolta og hún er líkamlega sterk. Hún er leiðtogi og stjórnar vörninni. Gunna er fljót og gríðarlega sterk maður á móti manni. Hún er líka oft mætt fyrir aftan til að valda,“ segir Sigurður Ragnar. „Ef ég ætti að nefna einhverja sem hefur fengið of litla athygli miðað við hvað hún hefur gefið liðinu þá er það Guðrún Sóley. Hún er frábær leikmaður og fær sjaldan það hrós sem hún á skilið,“ segir Sigurður.

Fyrir framan þær Katrínu og Guðrúnu Sóleyju spilar síðan Edda Garðarsdóttir sem hefur aðeins misst af einum landsleik frá árinu 2004.

„Ég hef haft líka það skipulag að spila með tvo varnartengiliði. Edda hefur þar verið í byrjunarliðinu í öllum leikjunum nema einum. Hún hefur spilað mjög vel og verið að bæta sig sem leikmaður. Mér finnst hún hafa bætt sig töluvert mikið síðan hún fór út í atvinnumennsku. Hún er okkar auka- og hornspyrnusérfræðingur og það hefur gefið okkur fullt af mörkum líka. Hún les leikinn vel, staðsetur sig mjög vel og er þetta akkeri á miðjunni sem passar upp á að við fáum ekki á okkur skyndiupphlaup inn í hjarta varnarinnar,“ segir Sigurður Ragnar um framlag Eddu til liðsins. Hefur hún oft á tíðum verið sannkallaður brimbrjótur fyrir miðvarðaparið fyrir aftan hana.

Margir aðrir leikmenn íslenska liðsins spila ekki síður mikilvægt hlutverk en þær Margrét Lára Viðarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir og Dóra María Lárusdóttir svo einhverjar séu nefndar eru duglegri að minna á sig með mörkunum sínum og frábærum töktum í sóknarleiknum. Framlag þeirra Eddu, Guðrúnar og Katrínar er því ekki eins áberandi en engu síður mikilvægt.

„Ég vil alls ekki segja að þessar þrjár séu mikilvægari en aðrir leikmenn í liðinu. Ég lít svo á að allar séu jafnmikilvægar en hlutverk þeirra þriggja hefur oft verið svolítið vanmetið og þær hafa ekki verið mikið í sviðsljósinu,“ sagði Sigurður Ragnar um „kjarnann“ í kvennalandsliðinu.

ooj@frettabladid.is



AFTASTA LÍNAN Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Edda Garðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir ætla ekki að gefa neitt eftir á EM í Finnlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


LAXÁ Á REFASVEIT
Það voru að losna holl:
31. ágúst-2. sept. / 2.-4. september
2 holl laus eftir 20. september. Uppl. veitir Stefán (898-3440)

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.





www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál





Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar





Frítt á völlinn í boði Actavis
FH–Grindavík
Laugardaginn 22. ágúst kl. 16
Nú fara línur að skýrast í Pepsi-deildinni
– ekki láta þig vanta í Kaplakrikann!
Draumalið Pepsi verður með skiptimarkað.
Leikmenn FH árita myndir eftir leik.
Allir á völlinn – áfram FH!
actavis


Markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir á EM:

# Vildi vera í treyju númer þrettán

**FÓTBOLTI** Guðbjörg Gunnarsdóttir hefur þótt vera með óheppnari landsliðskonum Íslands síðustu ár eftir að hafa meiðst ítrekað.

Nú ætlar hún hins vegar að storka örlögunum með því að klæðast „óhappatreyjunni“ með það að markmiði að fá lukkuna með sér í lið. Hún vildi ekki vera í venjubundnu númeri varamarkvarðarins sem er tólf.

„Ég hef í nokkur ár ætlað að vera númer 13 en ég hef ekki verið í aðstöðu til þess því ég hef alltaf verið númer 1. Núna langaði mig að vera númer þrettán því að ég trúi því að það verði ólukka annarra að lenda á móti mér. Ég hef alltaf verið mikið meidd en kannski breyti ég því með því að vera númer þrettán,“ segir Guðbjörg en hún segir þretta vera sína lukkutölu.

